

8



Menningartengd ferðapjónusta og matvælavinnsla

28–29



Byggja upp vottað garðyrkjubýli í Hörgársveit

30



Pangsoð og japanskt lambakarrí

# Bændablaðið

19. tölublað 2019 • Fimmtudagur 10. október • Blað nr. 548 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Fjárlitasýning í Árbæjarháleigu. Bændur með fallegustu gimbrar sýningarinnar, frá vinstri: Helgi Benediktsson, Austvaðsholti, Þórarinn Pálsson, Þúfu og Regula V. Rudin, Austvaðsholti, ásamt aðstoðarmanni. – Sjá nánar á bls. 7

Mmynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Fæðuöryggi er lykill þess að þjóðir verði ekki baggi á öðrum þjóðum, en vannæring og hungur fer vaxandi á heimsvísu: Í ríkustu löndunum eru 90 milljónir vannærðar

— Um 10,8% íbúa heimsins búa nú við fæðuöryggi sem er rúmum 6 prósentustigum hærra hlutfall en 2005

Samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) er fæðuöryggi ríkja heims mjög ábótavant og hungur hefur farið vaxandi á nýjan leik frá 2015 þrátt fyrir markmið um að útrýma hungri í heiminum fyrir 2030. Sameinuðu þjóðirnar hafa allt frá 1995 hvatt þjóðir heims til að tryggja sitt eigið fæðuöryggi og sú hyatning á líka við aðildarþjóðina Ísland.

Í skýrslu FAO, sem kom út á þessu ári, segir m.a. að ef sama þróun heldur áfram verði ekki hægt að ná þeim markmiðum Heilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (WHO) að draga úr tíðni vannæringar um 30% hjá börnum sem fæðast of létt fyrir árið 2025.

Sótt að íslenskum landbúnaði

Hörð gagnrýni hefur verið uppi á íslenskan landbúnað undanfarin misseri og hávær krafa um að auka

innflutning á landbúnaðarafurðum. Borið er við að of dýrt sé að framleiða landbúnaðarvörur á Íslandi miðað við vörur sem hægt er að kaupa á markaði í öðrum löndum.

Svo virðist sem slíkar kröfur séu þvert á markmið Sameinuðu þjóðanna, auk þess sem áhyggjur eru uppi um að fjölpjódlegir samningar séu að valda íslenskri landbúnaðarframleiðslu erfiðleikum m.a. vegna hækkingar raforkuverðs. Fæðuöryggi Íslendinga er þannig ekki einkamáli þjóðarinnar eins og markmið Sameinuðu þjóðanna bera reyndar með sér. Þar skiptir ekki síður máli fyrir aðrar þjóðir að staða fæðuöryggis sé góð á Íslandi þannig að við verðum ekki baggi á þeim ef á bjátar.

Um 10,8% jarðarbúa vannærðir

Í skýrslu FAO, sem kom út á þessu ári, bjuggu um 821,6 milljónir manna á jörðinni við vannæringu

af einhverjum toga á síðasta ári, eða 10,8% jarðarbúa. Þetta hlutfall var 14,5% árið 2005. Af þessum fjölda eru 704 milljónir manna sem búa við hungur og mikið fæðuöryggi.

Um 45% dauðsfalla hjá börnum undir fimm ára aldri í heiminum eru rakin til vannæringar.

Samhliða þessu er sú undarlega þversögn af ofþyngd og vandamál henni tengd fara vaxandi um allan heim. Þannig látast nú um 4 milljónir manna á heimsvísu sökum sjúkdómsvanda sem orsakast af ofþyngd.

Hlutfallslega verst staða í Afríku

Flestir búa við fæðuskort í Asíu, eða 1.039 milljónir manna, þar af eru 704 milljónir manna sem búa dags daglega við hungur. Þar eru íbúar líka flestir, eða 4.545 milljónir, svo hlutfallið þar er ekki endilega verst á heimsvísu, eða 11,3%.

Í Afríku er hlutfall vannæringar

hins vegar hæst, eða 19,9%, en þar búa 1.288 milljónir manna, en 676 milljónir, eða ríflega helmingur búa við vannæringu. Af þeim búa 277 milljónir við mikið hungur.

Í Suður-Ameríku eru íbúar 608 milljónir og 188 milljónir þeirra búa við fæðuöryggi. Aaf þeim búa 55 milljónir við hungur.

Næri 90 milljónir vannærðir í ríkustu löndum heims

Í ríkustu löndum heims, Norður-Ameríku og Evrópu, búa 1.106 milljónir manna. Þótt undarlegt megi virðast búa þar 89 milljónir manna við fæðuöryggi og 11 milljónir búa við sárasta hungur á hverjum degi.

Ljóst er af tölum FAO að lítið þarf út af að bregða í veðurfari og efnahagsmálum svo staðan versni ekki til muna, svo ekki sé talað um náttúruhamfarir. Evrópa og okkar helstu viðskiptalönd eru þar greinilega ekki undanskilin.

Fæðuöryggi ríkja byggir á að tryggja að þjóðir séu sjálfum sér nægar um fæðu fyrir íbúana hverju sinni þótt miðlun á ólíkum matvælum eigi sér stöðugt stað í viðskiptaheiminum.

Hugsunin er að þjóðir heims geti komist þökkalega af þótt náttúruhamfarir, stríð eða mannlegar hamfarir af einhverjum toga ríði yfir. Efnahagshrunið 2008 voru hamfarir af þessum toga þar sem litlu mátti muna að Íslendingar yrðu uppiskroppa með helstu nauðsynjar þegar það lokaðist fyrir öll gjaldeyrisviðskipti. Þá skipti sköpum að hér var öflugur landbúnaður og sjávarútvegur og að Pólverjar og Færeyingar buðu fram ómetanleg gjaldeyrislán án nokkurra skilyrða. Matvælaöryggi er síðan annað hugtak sem hefur allt aðra merkingu og felur í sér að tryggja að matvæli sem, séu örugg til neyslu. /HKr.

– Sjá umfjöllun á bls. 20–21.

## FRÉTTIR



Eygló Björk Ólafsdóttir og Karvel L. Karvelsson við undirritun samningsins.

## VOR og RML í samstarf

Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR (félags framleiðenda í lífrænni landbúnaðarframleiðslu) og Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), undirrituðu á mánudaginn samning um ráðgjöf til nýliða í lífrænni ræktun.

Gert er ráð fyrir að ráðgjöfin verði að mestu leyti fjármögnuð með þeim fjármunum sem urðu afgang af því fjármagni sem hafði verið veitt til aðlögunarstuðnings árið 2017 í verkefni til eflingar lífrænnar framleiðslu hér á landi.

### Eftirspurn eftir ráðgjöf

Að sögn Eyglóar hefur verið talsverð eftirspurn frá nýliðum í lífrænni ræktun um ráðgjöf og er þessi samningur viðbragð við því. Hún segir að ráðgjöfin sé hugsuð þannig að einn starfandi bóndi í lífrænnu búskap, sem VOR viðurkennir, sinni henni ásamt einum ráðgjafa frá RML.

Hugmyndin byggir á þeim markmiðum VOR að deila þekkingu og reynslu þeirra bænda sem starfa í lífrænni ræktun til þeirra sem eru að byrja – og efla þekkingarsamfélagið í lífrænni landbúnaði hér á landi. Með aðkomu RML mun þekkingargrunnurinn vaxa og samstarfsmöguleikar aukast.

Með stuttri heimsókn séu nýliðarnir aðstoðaðir við að sjá út tækifæri og huga að framleiðsluáferðum, ná upp skilvirkni og nýta sem best þá kosti sem framleiðsluáðurinn býður upp á.

### Hverjir teljast nýliðar?

Í samningnum er gert ráð fyrir að þeir teljast nýliðar sem séu í frumframleiðslu í landbúnaði, séu í aðlögunarferli að lífrænni ræktun samkvæmt samningi við vottunarstofu eða á fyrstu þremur árum vottaðrar framleiðslu.

Verkefnið er tilraunaverkefni til eins árs; frá 1. október 2019 til 1. október 2020, og geta nýliðar sótt um ráðgjöf með erindi til VOR, með lýsingu á verkefninu og megin viðfangsefni í væntanlegri heimsókn ráðgjafa. /smh



Frá ráðstefnu Matís á dögnum.

Mynd / Matís

Matvælasvindl til umræðu á ráðstefnu Matís:

# Gríðarlega umfangsmikil starfsemi sem skilar miklum hagnaði

– Ísland tekur þátt í samstarfsverkefnum við Norðurlöndin og á vettvangi Evrópusambandsins

Umfang matvælasvindls í heiminum er talið vera gríðarlega mikið, enda er það að finna á mörgum sviðum matvælaframleiðslu. Á síðustu árum hafa yfirvöld þjóa tekið höndum saman við að stemma stigi við þessu vandamáli, eftir að nokkur afdrifarík mál komust í heimsfréttirnar.

Ísland er í Evrópusamstarfi um þessi mál auk þess að vera í sérstöku norrænu samstarfi gegn matarsvindli og kynnti Herdís M. Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun, þá samvinnu á ráðstefnu sem Matís stóð fyrir á dögnum um þessi mál.

Yfirskrif ráðstefnunnar var Food Fraud (Matvælasvindl) og þar ræddu sérfræðingar frá Matís og Matvælastofnun málefnið út frá nokkrum hliðum, auk þess sem Roy Fenoff, bandarískur háskólaprófessor, hélt erindi um innleiðingu á stefnumótun hjá ríki eða sveitarfélögum varðandi úttektir á hættu á matvælasvindli og forvarir gegn því.

Herdís sagði í erindi sínu að eftir að upp komst um kjötsvindl í Evrópu



Herdís M. Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun.

Mynd / Pétur Haukur Helgason

árið 2013, þegar hrossakjöt hafði verið selt sem nautakjöt í talsverðum mæli, hafi í kjölfarið verið sett á laggirnar samstarfsverkefni á vegum Evrópusambandsins (EU Food Fraud) árið 2015.

### Sjónum beint að tilteknum matvörutegundum

Ísland er þátttakandi í því verkefni, sem felst meðal annars í samvinnu lögreglu yfirvalda landanna í átaksverkefnum sem beinast þá gegn tilteknum matvörum sem

grunur leikur á að tengja megi matvælasvindli.

Að sögn Herdísar felst skilgreining Evrópusambandsins á matvælasvindli í því að þar þurfi að vera um brot á reglum Evrópusambandsins að ræða, ásetningur um slíkt brot þurfi að vera fyrir hendi með gróðavon fyrir augum og þeim tilgangi sé náð með því að svindla, svikja eða blekkja neytendur.

Hún segir að algengustu tilfelli matvælasvindls í dag séu í vörutegundum á borð við ólífuolíu, víni og lífrænt vottuðum vörum auk þess sem mikið sé svindlað með fisk- og kjöttegundir. Þar séu svikin sérstaklega umfangsmikil, til að mynda í tilbúnum réttum. Til að gefa hugmynd um hversu öflug og skipulögð þessi brotastarfsemi er sagði Herdís að talið sé að á heimsvísu skili matvælasvindlsstarfsemi mun meiri hagnaði en öll samanlögð fíkniefnaframleiðslan.

Evrópusambandið heldur utan um gagnabanka þar sem neytendur geta leitað eftir málum sem hafa komið upp og skoðað vörumerki í tengslum við matarsvindlismál.

### Norðurlöndin miðla lærdómi og samræma aðgerðir

Í lok erindis síns ræddi Herdís aðeins um hið norræna verkefni. Það var stofnað til þess árið 2018 og það nær fram á næsta ár, en það er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Markmið þess er að auka samvinnu og samræma skilgreiningar, leiðbeiningar og fræðslustarfsemi landanna um þessi mál. Er þar gert ráð fyrir sameiginlegum aðgerðum yfir landamæri og þjálfun eftirlitsaðila, tollgæslu- og lögreglumanna.

Herdís tiltók tvö dæmi um matvælasvindlismál sem hafa komið upp á öðrum Norðurlöndum og Íslendingar geti lært af. Í Svíþjóð var afhjúpað kjöttegundarsvindl þegar svínakjöt var litað rautt og selt sem nautakjöt og í Finnlandi voru innflutt hindber seld sem finnsk ber, á miklu hærra verði en ef þau hefðu verið seld sem innflutt.

Uppþökur frá ráðstefnunni eru aðgengilegar í gegnum Facebook-síðu Matís á slóðinni <https://www.facebook.com/matisiceland>. /smh

## Geitabóndinn Lovísa nýr formaður Beint frá býli

– hvetur til aukinnar heimavinnslu og -sölu

Á aðalfundi Beint frá býli, félags heimavinnsluáðila, síðastliðið vor var geitabóndinn Lovísa Rósa Bjarnadóttir á Háhól í Hornafirði kjörin formaður. Hún tekur við af Petrínu Þórunni Jónsdóttur, svínabónda í Laxárdal.

Nýja stjórn skipa auk Lovísu, þau Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir gjaldkeri og Hafdís Sturlaugsdóttir ritari. Í varastjórn eru Sigrún Helga Indriðadóttir og Guðmundur Jón Guðmundsson.

### Vinna sjálf allt sitt kjöt

Háhóll í Hornafirði er í um fjóra kílómetra frá þéttbýlinu Höfn. Lovísa Rósa er gift Jóni Kjartanssyni og eiga þau þrjá syni. „Við höfum búið með geitur frá því 2012 og í dag erum við með um 70 geitur veturfóðraðar. Kjöt frá okkur er hægt að nálgast beint frá okkar býli, en einnig höfum við selt í gegnum REKO og verið á matarmörkuðum. Við vinnum allt okkar kjöt sjálf, en við höfum aðgang að kjötvinnslu hér í sveitinni þar sem við úrbeinum, vinnum kjötið og pökkum. Einnig höfum við framleitt geitasápur og selt sútað geitaskinn, stökur.

Eðlilega eru 70 geitur ekki fullt starf, en við eigum og rekum fyrirtækið Rósaberg ehf. sem er í jarðvinnuverktöku og steypuframleiðslu,“ segir Lovísa.

### Hefur margvíslega reynslu af félagsstörfum

„Ég kem alveg ný inn í stjórnina

og hlakka mikið til að vinna þar að málefnum félagsins. Ég hef reynslu af ýmiss konar félagsstarfi sem ég vonast til að muni nýttast mér vel í þeim verkefnum sem fram undan eru. E m b æ t t i ð leggst vel í mig og ég hlakka til að starfa með félaginu. Það eru mörg spennandi verkefni fram undan; meðal annars er unnið að endurnýjun og uppfærslu á vef félagsins, unnið er í afsláttarmálum fyrir félagið auk þess sem kynningarefni er í vinnslu. Við viljum gera gæðamerki félagsins meira áberandi fyrir neytendur og hvetja til aukinnar heimavinnslu og -sölu og gera rekjanleika vörunnar hátt undir höfði.“

### Samvinna við félag smáframleiðenda

Að sögn Lovísu hefur þarfagreining verið unnin fyrir félagið og nú



Lovísa Rósa Bjarnadóttir.

sé verið að forgangsraða a t r i ð u n u m sem þar komu fram. „Mörg verkefni komu fram í þarfagreiningunni sem mögulega verður hægt að vinna sameiginlega með nýstofnuðu félagi smáframleiðenda [Samtök smáframleiðenda matvæla] og ég held að það geti orðið fleiri samlegðar-áhrif þar á milli. Til dæmis þau

málefni sem snúa að stjórnvöldum, breytingar og útfærslur á reglugerðum sem eiga við um smærri framleiðendur. Stjórn mun kynna það fyrir félagsmönnum sínum á næstu vikum og leggja svo fyrir á næsta aðalfundi hvort Beint frá býli muni gerast aðili að nýju samtökunum.

Þetta er svona það helsta sem er fram undan hjá okkur og svo auðvitað að efla félagið innan frá og tengslanetið innan félagsins,“ segir Lovísa. /smh

**ÚRVAL ÚTSÝN**

**Berganferðir VOR 2020**

ÚRVAL SPENNANDI ÁFANGASTAÐA  
VERÐ FRÁ **79.900 KR.**  
Á MANN M.V. 2 FULLORDNA

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á [UU.IS/BORGIR](http://UU.IS/BORGIR)

# NÝIR TÍMAR Í TRYGGINGUM

Hvenær bókaðir þú síðast flug með því að mæta á skrifstofu flugfélags? Í dag eru tryggingar ekkert öðruvísi.

Þú getur gengið frá tryggingunum með rafrænum ráðgjafa okkar á fljótlegan og öruggan hátt. Engin símtöl, engin bið.

**SJÁÐU ÞITT VERÐ Á [TM.IS](https://tm.is)**



**TM**

## FRÉTTIR



Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að með skipulagsbreytingum hjá samtökunum verði þau líkari öðrum hagsmunasamtökum í atvinnulífinu hér á landi, sem eru fyrst og fremst í hagsmunabaráttu og kynningarstarfi.

Mynd / HKr.

## Skipulagsbreytingar hjá Bændasamtök Íslands: Aukin hagræðing og samlegðaráhrif

Í lok september voru kynntar skipulagsbreytingar hjá Bændasamtökum Íslands sem taka gildi um næstu áramót. Meginþættir þeirra eru sameining tölvudeildar BÍ og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og að fjármálasvið samtakanna færast til fjármála-deildar Hótel Sögu.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að tilgangur breytinganna sé að leita hagræðingar og samlegðaráhrifa í rekstri samtakanna og dótturfélaga.

„Ástæðurnar eru einkum breyttar aðstæður í rekstri sem öll aðildarfélög BÍ, sem nutu tekna af búnaðargjaldi, eru að fást við. Fjármálaumsýsla samtakanna, þ.e. bókhald, reikningagerð, launagreiðslur og önnur tengd verkefni, mun eftir breytinguna fara fram í sameinaðri deild sem sinnir slíkum verkefnum fyrir samtökin og dótturfélög þeirra; Hótel Sögu, Bændahöllina og NBÍ.“

### Tölvuþjónustan til RML

„Tölvuþjónustan og ráðgjafarstarf eru þegar tengd nánum böndum og með því að sameina þá starfsemi hjá RML liggja tækifæri í að efla starfsemi í heild. Ráðgjafarstarfið byggir ekki síst á upplýsingum úr skýrsluhaldi bænda og þróun þeirra kerfa verður heldur ekki skilvirk nema með beinum og virkum tengslum við notendur. Mikil framþróun er í tæknilausnum í

landbúnaði og ráðgjafarstarf bænda hér heima þarf að nýta þá möguleika sem í því felast. Félagsmenn í BÍ munu áfram njóta sérkjara á forritum eins og verið hefur.“

### Bændablaðið með svipuðu sniði

Sigurður segir að Bændablaðið muni starfa áfram með svipuðum hætti og áður. Blaðið er öflugt málagn bænda og landsbyggðar sem er dreift um land allt í 32.000 eintökum hálfsmánaðarlega og fær mikinn lestur og nær þannig til fólks langt utan bændastéttarinnar sjálfar.

### Fækkað í yfirstjórn Bændasamtakanna

Fækkað verður í yfirstjórn Bændasamtakanna og hefur staða aðstoðarframtakastjóra verið lögð niður. Eftir breytingarnar verði Bændasamtökin líkari öðrum hagsmunasamtökum í atvinnulífinu hér á landi, sem eru fyrst og fremst í hagsmunabaráttu og kynningarstarfi.

„Vissulega mun taka tíma að aðlagast breytingunum en það er sannfæring stjórnar og framkvæmdastjóra BÍ að sú leið sem nú er farin eigi eftir að koma vel út fyrir félagsmenn samtakanna. Takmarkið er að verkefni standi sterkari á eftir, bæði öflugri þjónusta við bændur og hagsmunabaráttu.“

/VH

## Samtök ungra bænda fagna tíu ára afmæli: Nýliðunarstyrkurinn var eitt af helstu baráttumálunum

– Afmælistálfing haldið um loftslagsmálin

Samtök ungra bænda fagna tíu ára afmæli um þessar mundir og ætla þau að halda afmælistálfing 25. október næstkomandi. Jóna Björg Hlökkversdóttir tók við formennsku í samtökunum í febrúar á síðasta ári og segir hún margt hafa áunnist á þessum áratug – sérstaklega sé kærkomið að raddir ungra bænda eigi nú greiðari leið inn á umræðuvettvang stóru málanna.

„Tíu ár eru ekki langur tími í stóra samhenginu en það hefur margt áunnist á þessum fyrsta áratug samtakanna,“ segir Jóna Björg.

„Stofnun samtakanna var þörf og sú þörf hefur ekki minnkað heldur frekar aukist ef eitthvað er. Ungt fólk þarf að láta í sér heyrna og það er mikilvægt að hlustað sé á raddir þeirra. Samtökin voru stofnuð til að vinna að hagsmunum ungs fólks í landbúnaði, efla nýliðun og fræðslu í landbúnaði. Þessir þættir skipta enn gríðarlegu máli og engin ástæða til að láta staðar numið.“

### Framtíð íslenskrar matvælaframleiðslu er hjá ungu bændum

Að sögn Jónu Bjargar er vægi radda ungra bænda meira þegar þeir hafa félagsskap á bak við sig. Eðlilegt sé að þeir hafi aðkomu að mótun landbúnaðar til framtíðar. „Auðvitað á að skipa fulltrúa ungra bænda í vinnu- og starfshópum sem koma að skipulagi framtíðarlandslags landbúnaðarins á Íslandi – og matvælaframleiðslunnar. Það eru jú einmitt þeir sem ætla að stunda landbúnað í framtíðinni.“

### Nýliðunarstyrkurinn eitt það mikilvægasta

Það hefur lengi verið talið að nýliðun í íslenskum landbúnaði



Jóna Björg Hlökkversdóttir, formaður Samtaka ungra bænda, fagnar tíu ára afmæli samtakanna meðal annars með málþingi. Mynd / Gígja Hólmeirsdóttir

sé alltof hæg. Jóna Björg segir að því sé ekki hægt að neita að meðalaldur bænda sé hár. „Þetta er þó aðeins misjafnt eftir búgreinum, en ég tel að meðalaldurinn meðal mjólkurframleiðenda sé líklega lægstur af þessum greinum um þessar mundir.“

Eitt af okkar helstu baráttumáli í gegnum tíðina var að koma á nýjum nýliðunarstuðningi, sem er þvert á allar búgreinar. Þar hefur komið bersýnilega í ljós að viljinn og þörfin til nýliðunar er mikil enda bárust 60 umsóknir um nýliðunarstuðning á þessu ári. Það hefur verið sótt mun meira í þessa styrki en það sem er til ráðstöfunar í málaflökknum. Þar þarf bersýnilega að bæta í svo um munar.“

Jóna Björg segir að íslenskur landbúnaður þurfi að verða fjölbreyttari atvinnugrein, spurð um framtíð landbúnaðar hér á landi og sóknarfæri. Samtök ungra bænda

hafi einmitt lagt áherslu á það atriði í nýrri stefnumótun.

### Afmælistálfing ungra bænda

Í tilefni afmælisins verður blásið til málþings á Hótel Sögu undir yfirskriftinni Ungir bændur – Búa um landið. „Þar viljum við aðeins taka upp þráðinn frá því á stofnfundi samtakanna sem fjallaði mikið um sjálfbærni, en nú viljum við tala um loftslagsmálin og hvað landbúnaðurinn geti gert nú á dögum hamfarahlýnunar. Landbúnaðurinn þarf að grípa til til róttækra aðgerða og vera leiðandi,“ segir Jóna Björg.

Málþingið verður sett klukkan 13 og mun standa til 16. Meðal fyrirlesara verða umhverfisráðherra, formaður Bændasamtakanna og formaður Ungra umhverfissinna. Að sögn Jónu Bjargar eru allir velkomnir sem áhuga hafa á málaflökknum.

/smh

Átt þú rétt á slysabótum? Við hjálpum þér

HAFÐU SAMBAND 511 5008

**TORT**  
INNHEIMTA SLYSABÓTA



Stjórn Geitfjárræktarfélag Íslands, frá vinstri: Anna María Lind Geirsdóttir, Anna María Flygenring, Guðni Ásæll Indriðason, Birna Kristín Baldursdóttir og Guðný Ívarsdóttir. Mynd / GÍ

## Hvanneyri: Hafrásæðingastöð tekur til starfa

Nýverið tók til starfa hafrásæðingastöð Geitfjárræktarfélag Íslands í Þórlág á Hvanneyri og eru það mikil tímamót fyrir geitfjárrækt á Íslandi og mikilvægur þáttur í varðveislu geitastofnsins.

Hafrásæðingastöðin mun skjóta styrkum stöðum undir söfnun sæðis, frýstingu, nýtingu og langtíma varðveislu erfðafnis íslenska

geitastofnsins. Varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma hafa takmarkað mjög flutning lifandi dýra milli varnarhólfa og þá munu sæðingar þjóna mikilvægu hlutverki í að sporna við hinni miklu skyldleikarækt sem víða hefur gengið nærri stofninum. Sæðisbanki mun þjóna sem mikilvægt öryggisnet verði stofninn fyrir verulegum skakkaföllum hvað

varðar stofnstærð og erfðabreytileika. Reynsla er komin á geitfjársæðingar, en haustið 2010 var í fyrsta sinn á Íslandi fryst sæði úr geithöfnum.

Hafrásæðingastöðin rúmar tíu gripa í einstaklingsstím og fer einkar vel um gripina, að sögn Birnu Kristínu Baldursdóttur, sem situr í stjórn Geitfjárræktarfélag Íslands.

/VH

# HAUSTVERÐ!

## Á NÝJUM OG NOTUÐUM BÍLUM



### VOLVO XC40 D4 MOMENTUM AWD 190 hö dísil, 5 dyra og sjálfskiptur

Aukabúnaður umfram ríkulegan staðalbúnað:  
Málmlitur, Edition pakki sem innifelur: Íslenskt leiðsögukerfi, Harman Kardon hljómkerfi, nálægðarskynjarar að framan og aftan, bakkmyndavél, rafdrifin framsæti, framlenging á setu framsæta, þráðlaus hleðsla fyrir GSM, rafdrifin aðfelling útispegla, varadekk á stálfelgu og CarPlay fyrir Android og Apple.

Verðlistaverð með aukabúnaði: 7.631.000 kr.

**HAUSTVERÐ: 7.090.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
**-541.000 kr.**



GEGGJAD  
VERÐI!

Sjáðu úrval  
notaðra bíla  
á vefnum!  
[notadir.brimborg.is](http://notadir.brimborg.is)



### MAZDA CX-3 OPTIMUM 2.0 bensín, 121 hö, sjálfskiptur, framdrifinn

SkyActiv spartækni, blindpunktsaðvörun, bakkmyndavél, nálægðarskynjarar að framan og aftan, brekkuaðstoð, veglínuskynjari, 18" álfelgur og Bose hljómkerfi er hluti af ríkulegum staðalbúnaði í Mazda CX-3 Optimum. Fánægur framhjóladrifinn og fjórhjóladrifinn en báðar útfærslur státa af fádæma góðu veggripi og aksturseginnleikum.

Verðlistaverð með málmlit: 4.070.000 kr.

**HAUSTVERÐ: 3.670.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
**-400.000 kr.**



### FORD ECOSPORT TITANIUM S AWD 1.5 TDCi dísil, 125 hö, 5 dyra og 6 gíra beinskíptur



Fjórhjóladrifinn Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðaljösum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

Aukabúnaður umfram ríkulegan staðalbúnað:

Málmlitur, upphitanleg framrúða og upphitanlegt stýri.

Verðlistaverð með aukabúnaði: 4.015.000 kr.

**HAUSTVERÐ: 3.590.000 kr.**

**-425.000 kr.**  
+ FRÍ VETRARDEKK!



### CITROËN C3 AIRCROSS ORIGINS SPECIAL EDITION 1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur

Sérstök afmælisútgáfa er með svörtu þaki, Origins Advance comfort áklæði á sætum, Origins teppamottur, Origins merki á afturhlara og hliðarhurðum, armpúði á framsæti, tölvustýrð miðstöð, 16" álfelgur svartar (Cross Black), raffellanlegir speglar, nálægðarskynjarar að aftan, þokuljós, baksýnispegill með sjálfvirkri dimmingu, regnnemi á rúðupurrkur, Mirror screen tengingu við GSM.

Verðlistaverð með aukabúnaði: 3.990.000 kr.

**HAUSTVERÐ: 3.590.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
**-400.000 kr.**



### PEUGEOT 3008 ALLURE SUV 1.2 bensín, 130 hö, sjálfskiptur 8 þrepa



Há sætisstaða, fyrsta flokks þægindi og hugvitsöm tækni einkenna Peugeot 3008. Ökumannsvaki, veglínuskynjun, nálægðarskynjarar að framan og aftan, stafrænt mælaborð, hraðastillir, þráðlaus símahleðsla, Apple Carplay og Android Auto og 18" álfelgur er hluti af ríkulegum staðalbúnaði í Peugeot 3008 Allure.

Verðlistaverð með aukabúnaði (bakkmyndavél og málmlitur): 4.930.000 kr.

**HAUSTVERÐ: 4.530.000 kr.**



\*forsendur 5 ára ábyrgðar er að finna á [peugeot.is](http://peugeot.is)



AFSLÁTTUR  
**-400.000 kr.**



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6 og 8  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Opið virka daga kl. 9-17  
Laugardaga 12-16

Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér  
nýjan bíl á geggjuðu Haustverði!

[brimborg.is](http://brimborg.is)

# Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.  
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

### Undnar gólfuskur

Hart hefur verið sótt að íslenskum landbúnaði sem er mikil áskorun á andlegt og pólitískt þrek bænda. Það blasir því fátt annað við í stöðunni en að bændur samstilli krafta sína í þéttum félagslegum samtakamætti. Sundurlausir sérhagsmunahópar ólíkra búgreina eru einfaldlega allt of auðveldar bráðir þeirra sem gæta annarra hagsmuna. Þetta snýst ekki síður um hvort íslenskum bændum takist að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar sem Sameinuðu þjóðirnar leggja mikla áherslu á.

Á Íslandi er staðan verst í loðdýrabúskapnum, sem er líka eina búgreinin sem byggir allt sitt á útflutningi. Þar hefur verið við öflug alþjóðleg fjárhagsöfl að etja sem litlir bændur á Íslandi geta lítið ráðið við. Loðdýrarækt hefur mætt miklum mótbyr sem drifinn hefur verið áfram af fagfjárfestum sem upphaflega komu úr olíuánaði. Frægt er þegar aðgerðarsinnar á Ítalíu mótmæltu loðdýrarækt og fengu fálæddar sýningarstúlkur til að klæðast loðflíkum sem unnar voru úr plastefnum frá olíuánaðinum. Allt var þetta gert undir yfirsýni náttúru- og dýravendrar og dregin upp sú ímynd að loðdýrabændur væru náttúrusóðar og dýraníðingar. Þá komu stjórnmalamenn bændum ekki til hjálpar, enda voru þeir eins og undnar gólfuskur hangandi á þvottasúru. Vitandi það að klemmurnar sem héldu þeim uppi voru að fullu í eigu fjárfestanna. Menn berja nefnilega ekki á höndina sem fæðir þá.

Áróðurinn fyrir plastinu breiddist hratt út og gekk svo vel að nú er öll náttúruna heimsins meira og minna orðin menguð plastefnum og fjárfestarnir hafa grætt gríðarlega. Náttúrulegur klæðnaður úr skinnum er hins vegar litinn hornauga.

Peningaöflin kunna sitt fag og í orkuánaði í Evrópu hafa þeir róid hart á bæði borð til að tryggja sinn hag. Það hafa þeir gert með „lobbisma“ í gegnum reglugerðarsmíði í Brussel. Enda var upphaflegur tilgangur Evrópusambandsins að tryggja viðskipti, fyrst varðandi stáliðnaðinn. Þau markmið hafa ekkert breyst.

Nú hefur fjármálaöflum tekist að koma regluverkinu á þann stað að ríkisrekstur á öllum raforkuverum, nema kannski kjarnorkuverum, er að hverfa og verið er að hleypa fjárfestum þar að kjötkötunum. Með frjálstri verslun á raforku yfir landamæri er þeim svo í lófa lagið að skapa skortstöðu á einum stað til að hækka orkuverð. Með þessu regluverki er nú líka verið að ryðja fjárfestum leið inn á íslenskan orkumarkað og að sjálfsögðu er það gert undir yfirsýni hagsmuna neytenda! Þetta er innleitt með 73% stuðningi íslenskra þingmanna.

Bændur hafa verið uggandi varðandi ágang erlendra fjármálamanna sem hafa verið að sanka að sér íslenskum bújörðum. Þar hafa fylgt með veiðiréttindi, vatnsréttindi og um leið möguleikar til orkuframleiðslu. Á þetta hafa íslenskir þingmenn horft aðgerðarlausir árum saman þó hér hafi verið leyft að ganga miklu lengra í þessum efnum en í flestum ríkjum Evrópusambandsins.

Það blasir við að haldi þessi þróun áfram mun íslenskur almenningur standa eftir sem leiguliðar fjárfesta í landi sem eitt sinn taldist vera eign íslensku þjóðarinnar. Fjárfestar munu þá hafa hér bæði tögl og hagldir. Við verðum þá öll í hlutverki stjórnmalamannanna sem þorðu ekki að styðja loðdýrabændur á sínum tíma. Eins og undnar gólfuskur á þvottasúru og þorum hvorki að æmta né skræmta. Fjárfestarnir munu jú eiga allar klemmurnar sem halda okkur uppi. /HKr.

## Bændasamtökin taka breytingum

Guðrún S. Tryggvadóttir  
formaður Bændasamtaka Íslands  
gst@bondi.is



Umhverfi og samfélag breytist hratt og þeir sem ekki aðlagast dragast aftur úr. Öll tökumst við á við daglegar áskoranir í okkar störfum, hvort heldur sem er úti í fjósi, á skrifstofunni eða í námi.

Fyrir tveimur vikum tilkynntu stjórnendur Bændasamtakanna um breytingar sem varða framtíðarskipulag þeirra. Eftir að búnaðargjald lagðist af og samdráttur varð í öðrum tekjustofnum BÍ varð ljóst að endurskipulagningar var þörf. Ákveðið var að endurmeta stöðuna og nýta tækifærið til að ná skýrari sýn á Bændasamtökin og hlutverk þeirra. Um leið og fundin var leið til þess að reka samtökin í breyttu umhverfi erum við að undirbúa þau til framtíðar lítið. Markmið samtakanna verður eftir sem áður hagsmunabaráttu fyrir bændur en ekki síður að leiða landbúnaðinn í átt til sjálfbærari þróunar.

Tölvudeild Bændasamtakanna, sem sér um rekstur tölvukerfa og forritapróun, mun færast yfir til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) um næstu áramót. Á sama tíma verður fjármálasvið samtakanna sameinað skrifstofurekstri Hótel Sögu sem er dótturfélag BÍ líkt og RML.

Tilgangur breytinganna er að leita hagræðingar og samlegðaráhrifa í rekstri samtakanna og dótturfélaga. Ástæðurnar eru einkum breyttar aðstæður í rekstri sem öll aðildarfélög BÍ, sem áður nutu tekna af búnaðargjaldi, eru að fást við. Fjármálaumsýsla samtakanna, þ.e. bókhald, reikningagerð, launagreiðslur og önnur tengd verkefni, mun eftir breytinguna fara fram í sameinaðri deild sem sinnir slíkum verkefnum fyrir samtökin, dótturfélög og mörg aðildarfélög. Tölvuþjónustan og forritapróun mun án efa efla starfsemi RML og þar verður haldið áfram að smíða og viðhalda hugbúnaði sem bændur nota í sínum rekstri.

Bændasamtökin verða á eftir líkari öðrum hagsmunasamtökum í atvinnulífinu hérlendis, sem eru fyrst og fremst í hagsmunabaráttu og



Við Egilsstaði í Fljótssdal.

Mynd / HKr.

kynningarstarfi. Það mun taka tíma að aðlagast nýju sniði á rekstri BÍ en það er sannfæring mín að sú leið sem nú er farin eigi eftir að koma vel út fyrir félagsmenn. Takmarkið er að verkefnið standi sterkari á eftir, bæði öflugri þjónusta við bændur og hagsmunabaráttu.

#### Sterk og öflug samtök til framtíðar

Breytingarnar á Bændasamtökunum ganga í gegn á sama tíma og endurskoðun á sér stað á félagskerfi bænda í heild sinni. Í framhaldi af ákvörðun síðasta Búnaðarþings var skipuð nefnd sem falið var það hlutverk að koma með hugmyndir að því hvernig við getum þróað félagskerfið okkar til frambúðar, einfaldað það og gert það skilvirkara. Við einfaldlega verðum að ná að nýta fjármuni og mannaúð sem er í félagskerfi bænda betur en við gerum í dag. Við verðum líka að verja tímanum okkar

í jákvæð uppbyggjandi verkefni í stað þess að vera í stanslausri varnarbaráttu fyrir tilvist landbúnaðarins. Lausnin felst í því að sækja fram og byggja upp.

#### Formannafundur á næsta leiti

Félagskerfisnefndin kemur til með að kynna vinnu sína á formannafundi sem haldinn verður 24.–25. október næstkomandi. Í framhaldi af honum gefst aðildarfélögum kostur á að fá kynningu frá nefndinni heima í héraði þar sem vænta má samræðu um það hvernig bændur sjá framtíðina fyrir sér. Það er okkur öllum nauðsynlegt að geta tekið ákvarðanir á næsta Búnaðarþingi um það hvernig við ætlum að takast á við breytta tíma.

Það er algjört lyklatríði að við náum að þetta raðirnar til þess að verða ennþá sterkari í hagsmunabaráttunni.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



Á Hellissandi var fyrrum mikil útgerð en verslunarhöfn var á Rífi. Í dag er mjög góð höfn í Rífi og er útgerð aðalatvinnuvegurinn á báðum stöðum en stutt er milli þessara bæja, aðeins um 2 km. Sjóminjasafn er á Hellissandi og þar er meðal annars elsta áráskip sem til er á Íslandi, Blíki, en hann var smíaður 1826. Á svæðinu milli Hellissands og Rífs er mikil fuglparadís og eitt mesta kriuvarp á landinu. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er við bæjardyrnar á Hellissandi.

Mynd / Hörður Kristjánsson

# Skemmtileg fjárlitasýning í Árbæjarhjáleigu

Fjöldi manns mætti á bæinn Árbæjarhjáleigu í Holtum sunnudaginn 6. október þar sem árleg litasýning fjárræktarfélagssins Lits fór fram.

Á sýninguna koma bændur með falletustu lömbin sín til dóms, auk þess sem litfegursta lamb sýningarinnar var valið af áhorfendum og fallet gimbúr var boðin upp. Magnús Hlynur Hreiðarsson lét sig ekki vanta á sýninguna og tók meðfylgjandi myndir.



Feringarbræðurnir Davíð Sigfússon (Daddi í Sumarliðabæ t.v.) og Olgeir Engilbertsson í Nefsholti höfðu gaman af sýningunni og höfðu margt um að ræða eins og alltaf þegar þeir hittast.



Gestir sýningarinnar gátu valið fegursta lambið með því að skrifa númer þess á blað. Mikið af falletum lömbum komu fram á sýningunni.



Ungur og vonandi efnilegur sauðfjárbóndi, sem mætti með sínu fólki á sýninguna, þorgeir Óli Eiríksson frá Húsagarði.



Kristinn Guðnason í Árbæjarhjáleigu var kynnir sýningarinnar og stóð sig vel í því hlutverki eins og alltaf. Sýningin í ár var sú fjölmennasta sem haldin hefur verið og mjög skemmtileg á allan hátt.



Starfsmenn fjárlitasýningarinnar, frá vinstri, Jón Vilmondarson, Skeiðháholti (dómari), Hulda Brynjólfssdóttir, Tyrfringsstöðum (hún valdi bestu ullina) og Guðlaugur H, Kristmundsson, Lækjarbotnum og formaður Lits, sem sá um að afhenda verðlaunin.

MÆLT AF  
MUNNI FRAM

235

Undir lok síðasta þáttar var kynntur til sögunnar hagræðingurinn Þórarinn Þorleifsson kenndur við Vegamót á Blönduósi. Það verða að teljast kostuleg örlög, að eitt af sjö börnum þeirra hjóna, Þórarins og Helgu Kristjánsdóttur á Vegamótum, Guðný Þórarinsdóttir, giftist einum ástsælasta hagræðingi okkar tíma, Óskari Sigurfinnssyni í Meðalheimi á Ásum. Því hlutu þær mægðir að leiða til mikillar framlegðar í vísnagerð. Óskars í Meðalheimi hefur verið nokkuð getið í þessum þáttum, en hans mun getið af ágætum síðar. Þórarinn, eða „Þóri“ eins og hann var tíðum nefndur, orti flestar sínar vísur í dagsins önn og í glettum við sína samverkamenn. Marga gullvísuna orti Þóri og guði hinna göróttu drykkja, Bakkusi:

*Seytlar um mig sælukennd,  
sípa vann ég glaður.  
Við að drekka vínin brennd  
verð ég annar maður.*

*Burtu hrekur ótta og ugg,  
ógleðina og fleira.  
Þetta er frekar bragðgott brugg;  
þjóddu vinur meira.*

Þóri hafði gott brageyra og vald á vísnaháttum:

*Gleymist þrenging hal og hrund,  
hörpu glæðast slögin.  
Gefa drengjum glæða stund  
gömlu kvæðalögin.*

Nágranni Þóra kveinkaði sér undan veröldinni og vonbrigðum lífsins. Þóri orti undir þeim sorgarsöng:

*Já oft hafa vonbrigðin orðið mér sár,  
þau alveg að forðast er vandí,  
en framan í náungann felli ei tár  
þó fjandinn við hæla mér standí.*

Að loknum dansleik á Blönduósi bárust þær fréttir, og fóru greitt um sveitir, að lausungar tæki að gæta í nokkrum hjónaböndum er líða tók á nótt. Þóri fléttaði fréttirnar í rím:

*Fréttir gjarnan fæðast hratt,  
flytur skrattinn víða,  
að margar þarna færur flatt  
frúrnar dottnar í 'ða.*

Í vegavinnuflokkum þessara tíma, var jafnan haldin ráðskona. Gist var í tjöldum á þessum árum. Því þekktust þess dæmi, að þjónusta ráðskonunnar væri ekki einvörðungu til borðs, og sæist til hennar með koddann sinn á trítli milli tjalda. Þóri lýsir nótt undir þannig kringumstæðum:

*Ekki var mér alltaf rótt  
undir sængurfaldi,  
mér þó stytta marga nótt  
Magnús inni í tjaldi.*

Reynir Hjartarson prentari, og síðar kennari á Akureyri, hefur gegnum allan aldur sinn fengið við vísnagerð. Þar sem síðustu þættir hafa verið helgaðir hagamælsku Austur-Húnavetninga, þá fer vel á því að Reynir, fóstraður og frændkominn Húnavetningur, fylli það sem lifir þessa þáttar. Næstu vísur eru nýlegar úr kompum Reynis, sem nú hefur flutt lögheimili sitt til Dalvíkur. Mesti asinn í Reyni er nú að baki, og íþrótaafrek hans í gleymsku fallin:

*Nær æviskeiðið út er runnið  
ekkert held mér lengur hlífi,  
og hetjudáðir engar unnið  
aðra en þá að halda lífi.*

*Út í buskann árin þjóta,  
ellimörkin hælinn bíta,  
og sólarhringinn sýnist móta  
að sofa, vakna, éta og skíta.*

Svo rofar ögn til sólar hjá Reyni, og gripur hann þá til dýrari háttar:

*Engin gullkorn á ég fín  
oft þó bulli á fundum.  
Ótull salla ég öl og vín,  
enda fullur stundum.*

Umsjón:  
Árni Geirhjórtur Jónsson  
kotabyggd1@gmail.com



## FRÉTTIR



Landbúnaðarháskóli Íslands rekur nú garðyrkjunám í fyrrum garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Háskólaráð segir að fyrirætlanir séu um uppbyggingu rannsókn- og nýsköpunarmiðstöðvar á sviði garðyrkju á Reykjum.

Mynd / HKr.

Landbúnaðarháskóli Íslands:

## Stefnan að efla starfsmenntanám

Athugasemdir vegna viðtals um garðyrkjunám við Landbúnaðarháskóla Íslands sem birtist í Bændablaðinu 26. september síðastliðinn.

Vegna umræðu um stöðu starfsmenntanám við Landbúnaðarháskóla Íslands vill háskólaráð koma eftirfarandi staðreyndum málsins á framfæri.

- Í stefnu skólans sem samþykkt var af starfsmönnum háskólans og háskólaráði í júní síðastliðnum er stefnt að því að efla starfsmenntanám skólans og tryggja því skýra stöð í lögum. Stefnan tekur á engan hátt til þess að breyta eigi inntaki eða eðli námsins og það stendur ekki til að flytja námið af framhaldsskólastigi. 19. gr. háskólalaga veitir háskólum lagaheimild til að vera með nám á framhaldsskólastigi og hefur hún því verið skoðuð í þessu tilliti.
- Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar miða að því að styrkja bæði starfsmenntanám og háskólanám með því að samnýta betur kennslukrafta á háskóla- og starfsmenntastigi í þremur deildum á tilteknum fræðasviðum (ræktun og fæða, skógur og náttúra, hönnun og skipulag). Þannig eykst bæði sýnileiki þeirra faggreina sem skólinn leggur áherslu á, auk þess sem styrkur og samlegð innan hverrar deildar vex.
- Það er stefna Landbúnaðarháskólans að halda áfram að bjóða sterkt og

öflugt starfsmenntanám á framhaldsskólastigi. Staðsetning starfsmenntanám innan háskóla er augljós styrkur, ekki einungis fyrir starfsmenntanám sem nýtur góðs af rannsóknum og nýsköpun háskólastigsins, heldur einnig fyrir háskóla-starfið sem hefur hag af samspili við verkþekkinguna.

- Landbúnaðarháskólinn stefnir að kröftugri uppbyggingu, bæði á háskóla- og starfsmenntanámssviði. Í því samhengi má sérstaklega nefna fyrirætlanir um uppbyggingu rannsókn- og nýsköpunarmiðstöðvar á sviði garðyrkju á Reykjum. Grunnur hefur verið lagður að samstarfi við háskóla sem eru hvað fremstir á sviði landbúnaðar og garðyrkju í heiminum. Þegar er verið að vinna að öflun Evrópu-styrkja sem m.a. eru ætlaðir til framtíðaruppbyggingar garðyrkjurannsókna.

Sameiginlegt verkefni Landbúnaðarháskólans, hagaðila og stjórnvalda er að efla nám, þekkingu og atvinnuvegi. Landbúnaðarháskólinn leggur áherslu á samstarf og samráð með þetta sameiginlega markmið að leiðarljósi og hefur fundið fyrir góðum undirtektum við nýsamþykka stefnu skólans.

30. september 2019

F.h. háskólaráðs  
Landbúnaðarháskóla Íslands  
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir,  
rektor.

## Poppað bankabygg er ný vara úr smiðju Karlsstaðabænda: Stunda blandaðan búskap með menningartengda ferðaþjónustu og matvælavinnslu

– Bulsurnar eru í sókn og flytja til Norðlenska

Hjónin Svavar Pétur Eysteinnsson og Berglind Häsler búa á Karlsstöðum í Berufirði og stunda þar blandaðan búskap með menningu, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu undir vörumerkinu Havarí.

Svavar Pétur er kunnur sem tónlistarmaðurinn Prins Póló og saman standa þau að margvíslegri starfsemi heima á bæ; meðal annars matvælavinnslu og menningartengdri ferðaþjónustu. Bulsur, grænmetisþylsurnar þeirra, hafa tryggt sig í sessi á Íslandi og nýjasta afurð þeirra eru snakkflögurnar Bopp, sem er poppað bankabygg.

### Hafa prófað ýmislegt

Þau Svavar Pétur og Berglind hafa reyndar prófað ýmislegt þegar kemur að grænmetisrækt og vinnslu á því.

„Síðan við hófum búskap á Karlsstöðum árið 2014 höfum við stundað ýmiss konar ræktun á káli og rötargrænmeti. Um tíma framleiddum við nokkrar tegundir af snakk úr rófum, kartöflum og grænkáli en sú framleiðsla reyndist því miður mannaflsfræk og óarðbær. Þannig að við höldum áfram tilraunum með ný hráefni og vinnsluáferðir. Markmiðið var alltaf að búa til snakk sem innihéldi nær eingöngu íslensk hráefni enda fannst okkur snakkhillur verslana skorta vörur úr íslensku hráefni,“ segir Svavar Pétur.

„Sú vinna leiddi af sér þá vöru sem við kynnum nú til sögunnar en það er poppað bankabygg sem við köllum Bopp. Þetta er ekki ósvipað hriskökum en í staðinn fyrir hrísgrjón notum við lífrænt bankabygg frá Vallanesi sem er hágæða hráefni og einstaklega bragðgott. Boppið er svo saltað með vestfirsku sjávarsalti frá Saltverki. Þetta er því algjörlega íslensk landbúnaðarafurð – og lífrænt vottuð í þökkabót.

Hér var lítið fjós sem við tókum í gegn og breyttum í matvælavinnslu. Þar er Boppið framleitt,“ bætir Svavar Pétur við.

### Ferðaþjónustan blómstrar

Að sögn Svavars Péturs er ferðaþjónustan á Karlsstöðum í miklum blóma.

„Hún vex ár frá ári. Við lögðum útihúsin undir gistingu



Svavar Pétur Eysteinnsson, bóndi á Karlsstöðum og matvælaframleiðandi, með Boppið – nýjustu afurð sína.

Mynd / úr einkasafni

fyrir sunnan, en Boppið er framleitt á Karlsstöðum allt árið um kring.“

### Bulsurnar í sókn

Margir þekkja grænmetisþylsurnar Bulsur sem Havarí hefur framleitt frá 2013. Svavar segir áhugann hafa vaxið ár frá ári.

„Áhugi á grænkerafæði er mikill og margir neytendur velja auk þess Bulsurnar fram yfir aðrar sambærilegar vörur til að minnka kolefnissporið en þær innihalda að megninu til íslensk bankabygg, líft og Boppið. Það eru tímamót hjá Bulsunum um þessar mundir en Norðlenska ætlar að taka að sér framleiðslu á þeim. Það er mjög spennandi að fara með Bulsurnar norður enda er norðlensk framleiðsla framsækin og í miklum blóma,“ segir Svavar Pétur.

Spurður hvort eitthvað fleira sé í matvælapípunum hjá þeim, segir hann: „Það verður gaman að sjá hvort Bulsurnar geti af sér einhver afkvæmi þegar þær fara norður.“

/smh



Berglind Häsler og Svavar Pétur Eysteinnsson, bændur á Karlsstöðum.

og veitingaþjónustu og traðffíkin er góð frá vori fram á haust. Við brjótum svo sumarið upp með menningardagskránni Sumar í Havarí sem hefur fætt af sér marga fjölbreytta viðburði og trekkir að fólk hvaðanæva að. Hér hafa verið haldin gallhörd sveitaböll, kabarettýningar og bío – og allt þar á milli. Á veturna drögum við fyrir og erum með annan fótinn í ýmsum verkefnum

## Skagstrendingar fordæma vinnubrögð Sambands íslenskra sveitarfélaga

– segja stærri sveitarfélög hafa beitt aflsmun vegna sameiningartillögunnar

Sveitarstjórn Skagastrandar hvetur Alþingi til þess að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og íbúa landsins og hafna með öllu þingsályktunartillögu um lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga.

Sveitarstjórn fordæmir jafnframt vinnubrögð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem hún hafi farið þvert gegn vilja og hagsmunum fjölmargra minni sveitarfélaga, og hunsað sjónarmið þeirra og röksemdafærslu í aðdraganda tillögunnar.

Þetta kemur fram í bókun sveitarstjórnar Skagastrandar, en í henni segir jafnframt að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi að vera málsvári sveitarfélaga samkvæmt 2. grein samþykkt þess og að óbreyttu sé ekki lengur hægt að

líta á stjórnina sem málsvara allra sveitarfélaga.

### Gengur þvert á vilja margra sveitarfélaga

„Á nýafstöðnu aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga beittu stærri sveitarfélög aflsmun með fjölda þingfulltrúa til þess að samþykkja lögþvingaðar sameiningar. Ljóst er að 1.000 íbúa lágmark sem gert er að viðmiði í þingsályktunartillögu um málefni sveitarfélaga var einungis valið til þess að tryggja tillögunni brautargengi þar sem hún snerti nægjanlega fáa með beinum hætti. Samþykkt þingsins var síðan blygðunarlaus kynnt sem vilji sveitarstjórnarstigsins í heild þó hún gangi þvert gegn vilja mikils meirihluta þeirra sveitarfélaga sem lögþvingunin ætti að ná til. Enginn



hagfræðingur, viðskiptafræðingur eða fjármálaverkfræðingur er þess umkominn að skera úr um hver sé hagkvæmasta stærð sveitarfélaga. Íbúarnir eiga að ráða.“

/MPP



FLOREALIS



## Haltu þínu striki!

Harpatinum er eina viðurkennda jurttalyfið á Íslandi til að draga úr gigtarverkjum



Notkun: 2 hlukti tvisvar á dag við vægum gigtarverkjum. Notist ekki ef ofnæmi fyrir jarðhnetum eða soja, eða sár í maga eða þörmum er þekkt. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.florealis.is og www.serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

www.florealis.is



## Landbúnaðarháskóli Íslands: Fyrstu úthlutanir úr doktorsnámssjóði

Landbúnaðarháskóli Íslands úthlutaði nýverið úr doktorsjóði skólans í fyrsta sinn. Tilgangurinn með doktorsjóði skólans er að efla Landbúnaðarháskóla Íslands sem alþjóðlegan rannsóknaháskóla, auka enn frekar þekkingu á fræðasviðum náttúruvísinda, auðlinda- og búvísinda á Íslandi og gera efnilegum nemendum kleift að stunda doktorsnám við skólann.

Tveir styrkir voru til úthlutunar og þá fengu þær Heiðrún Sigurðardóttir og Jónína S. Þorlákssdóttir. Þess má geta að 11 nýjar umsóknir um doktorsnám hafa borist skólanum á árinu og er stór hluti þess þegar samþykktur og fjármagnaður. Það er mikill fengur fyrir skólann að fjölga í hópi sérfræðinga sem munu efla rannsóknir og nýsköpun í þessum mikilvægu greinum og bera með sér ferska strauma og nýjar hugmyndir.

### Erfðafræðilegur grunnur gangtegunda íslenska hestsins

Doktorsverkefni Heiðrúnar ber heitið Exploring the genetic regulation of ability and quality of gaits in Icelandic horses. Markmið verkefnisins er að veita innsýn í erfðafræðilegan grunn gangtegunda íslenska hestsins; hvaða þættir ráða eða hafa áhrif á ganghæfni og gæði gangtegunda. Í dag erum við einungis á byrjunarreit þegar kemur að því að greina erfðafræðilegan grunn magnbundinna gangeiginleika. Á sama tíma er ekkert hestakyn í heiminum sem býr yfir jafn umfangsmiklum og nákvæmum svipfarsmælingum og íslenski hesturinn. Þar gefst því stórkostlegt tækifæri til að hefjast handa við að vinda ofan af leyndardómum erfðamengis íslenska hestsins á markvissan hátt.

Heiðrún stefnir að sameiginlegri doktorsgráðu frá Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) og Landbúnaðarháskólanum í Svíþjóð (SLU). Leiðbeinendur Heiðrúnar er hópur fræðimanna á sviði erfðafræða og búfjárræktar, dr. Susanne Eriksson, dósent við SLU, dr. Gabriella Lindgren, prófessor við SLU, dr. Marie Rhodin, dósent við SLU, dr. Elsa Albertsdóttir hjá Bændasamtökum Íslands og dr. Þorvaldur Kristjánsson, ábyrgðarmaður hrossaræktar og gestalektor við Lbhí.

### Samþætting þekkingar ólíkra hagsmunaaðila

Doktorsverkefni Jónínu ber heitið

## Mývetningar fara í sund á Laugum – Fá ókeypis rútuferðir

Mývetningum gefst áfram kostur á að nýta sér ókeypis sundferðir á Laugar, en sveitarfélagið bauð upp á ferðir í sundlaugina á Laugum á vorönn, einu sinni í mánuði.

Alls voru farnar 5 ferðir yfir tímabilið og nýttu sér samtals 46 manns rútuferðir úr Skútustaðahreppi að Laugum. Heildarkostnaður við rútuferðirnar var 250 þúsund krónur. Við bættist kostnaður að upphæð 125 þúsund krónur samkvæmt samkomulagi við Þingeyjarsveit á ársgrundvelli um aðgengi að sundlauginni.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti samhljóða að halda áfram að bjóða upp á ókeypis sundferðir í sundlaugina á Laugum einu sinni í mánuði fram að áramótum, enda rúmast það innan fjárheimildar ársins. /MPP

Implementation and impact of stakeholder engagement within a new vegetation and soil monitoring programme of Icelandic rangelands. Markmið verkefnisins er að kanna hvernig samvinna og samþætting þekkingar ólíkra hagsmunaaðila, m.a. vistfræðinga og landnotenda í vöktun og mati á gróður- og jarðvegsauðlindum beitolanda geti skapað betri grunn fyrir sjálfbæra landnýtingu. Þá verður skoðað hvernig brúa megi bilið milli þeirra sem safna saman þekkingu um ástand vistkerfanna og þeirra sem taka ákvarðanir

um hvernig nýta eigi þessi sömu vistkerfi. Verkefni sem tvíanna saman vísindalegar rannsóknir og þátttökunálganir á sviði vöktunar og sjálfbærrar landnýtingar eru í dag af skornum skammti og mun verkefnið því afla mikilvægrar þekkingar sem mun nýtast áfram á sviði þverfaglegra rannsókna. Auk þess munu niðurstöður verkefnisins nýtast beint inn í GróLindarverkefni Landgræðslunnar, en rannsóknin verður unnin í tengslum við það.

Jónína stefnir að sameiginlegri doktorsgráðu frá Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) og Wagen-



Heiðrún Sigurðardóttir.



Jónína S. Þorlákssdóttir.

ingen háskólanum (WUR) í Hollandi. Leiðbeinendahópur Jónínu er með breiðan fræðilegan bakgrunn, sem hentar vel þverfaglegu eðli verkefnisins. Þetta eru dr. Ása L.

Aradóttir, prófessor við Lbhí, dr. Annemarie van Paassen, dósent við WUR, dr. Isabel C. Barrio, dósent við Lbhí og dr. Bryndís Marteinsdóttir hjá Landgræðslunni. /VH

## Fjölskyldu- og landbúnaðarsýningin

# HEY BÓNDI!

VERÐUR Í FÉLAGSHEIMILINU  
HVOLI Á HVOLSVELLI

Laugardaginn 2. nóvember 2019  
frá 10-17.

Frábær dagskrá eins og fyrri ár, áhugaverðir fyrirlestrar, skemmtiatriði fyrir börnin, innlendir og erlendir sýnendur.

Happdrætti - lukkuhjól og fjöldi tilboða á staðnum.

Hlökkum til að sjá þig,  
taktu daginn frá!

## FRÉTTIR



## Alþjóðleg ráðstefna um smápörunga

— verður haldin í Reykjavík í lok apríl 2020

Dagana 29. til 30. apríl 2020 verður alþjóðleg ráðstefna á Grand Hótel í Reykjavík um smápörunga. Er þetta í tíunda sinn sem haldin er ráðstefna af þessum toga undir heitinu European Algae Industry Summit.

Ráðstefnugestir munu m.a. heim-sækja fyrirtækið Algalife Iceland sem hóf starfsemi í október 2013 og framleiðir nú fjölbreytt úrval fæðubótarefna. Umræða og áhugi á nýtingu smápörunga hefur farið mjög vaxandi á undanföllum árum, en Bændablaðið hefur ítrekað fjallað um þessi mál og síðast í 18. tölublaði 26. september síðastliðinn. Þar kemur fram að smápörungar eru afar öflugir við að umbreyta með ljóstillífum koltvísýringi í andrúmsloftinu í olíu sem nýta má til manneldis, dýrafóðursgerðar og til að framleiða lífrænt og kolefnishlutlaust eldsneyti m.a. á þotur. Þá framleiða smápörungar að talið er um 70% af súrefni heimsins og á sumrin má oft sjá á gervihnattamyndum gríðarlega stóra fláka af þörungabreiðum í hafinu nærri Íslandi.

Í fréttaskýringu í Bændablaðinu 26. september er m.a. vitnað í grein og viðtal í Forbes undir fyrirsögninni „Sjáum hvernig þörungar gætu breytt veröldinni okkar“. Þar er vísað í loftslagsvísindamanninn Charles Greene, sem er prófessor við Cornell-háskóla og félagi í Marine Algae Industrialization Consortium (MAGIC), sem hefur m.a. fengist við að skoða hvernig hægt sé að nota smápörunga til að framleiða lífildsneyti. Hann segir að hægt sé að framleiða allt eldsneyti og allt prótein sem mannkynið þurfi á að halda úr þörungum.

Árið 2050 munum við hafa 9,5 til 10 milljarða manna í heiminum og með þörungum höfum við fundið leið til að fæða þetta fólk með því að framleiða mikið magn af próteini. Kannski munum við ekki sannfæra hinn vestræna heim um að breyta mataræði sínu strax, en við höfum leið til að berjast gegn vannæringu í þróunarlöndunum og það eitt og sér gerir það áhugavert,“ sagði Greene. Greinina í Bændablaðinu má finna á vefsíðu blaðsins bbl.is. /HK/

## Sjúkraflutningamenn verða áfram á vakt í Þjóðgarðinum á Þingvöllum alla daga

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hafa framlengt samning sinn um að sjúkraflutningamenn verði í Þjóðgarðinum alla daga til að veita öryggis- og viðbragðsþjónustu á staðnum.

Um tilraunaverkefni var að ræða í eitt ár sem hófst sumarið 2018 en nú hefur verið ákveðið að halda áfram með verkefnið því það hefur gengið svo vel. „Já, með viðveru sjúkraflutningamanna alla daga í Þjóðgarðinum með vel útbúinni bifreið fyrir fyrstu viðbrögð



Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri HSU, undrituðu framtíðarsamninginn á Hakinu á Þingvöllum.

hefur skapast aukið öryggi og viðbragðstími er styttri ef


garðsvörður, alsæll með nýja samninginn. /MHH

verða alvarlega atvik eða slys á svæðinu. Mörg dæmi síðasta ár hafa sýnt að viðvera sjúkraflutningamanns á staðnum hefur skilað hraðari aðkomu við bjargir í alvarlegum tilfellum.

Staðsetning viðbragðsbifreiðar og sjúkraflutningamanns hefur líka leitt af sér betri þjónustu við aðra staði í nágrenninu en sjúkraflutningamaður á vakt fer iðulega í útköll á nærliggjandi stöðum utan við Þjóðgarðinn,“ segir Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður, alsæll með nýja samninginn. /MHH

## Kjósarhreppur er eitt af sjö sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Fámennasta en stærsta sveitarfélagið er í öflugri innviðauppbýggingu

Í síðasta Bændablaði var umfjöllun um Halldór Kristján Jónsson, sem er síðasti starfandi hreppstjóri á Íslandi. Þar var líka upptalning á landshlutum og sveitarfélögum 70 sem í þeim eru, en þar af eru 25 hreppar. Þar er sagt að enginn hreppur sé á höfuðborgarsvæðinu, sem er ekki rétt því Kjósarhreppur er þar eitt sveitarfélaganna 7 sem þar eru.



Kjósarhreppur er þar útvörður á norðurlandamærunum við Vesturland sem tekur við í Hvalfjarðarbotni. Er hreppurinn jafnframt stærsta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu að flatarmáli, en um leið fámennasta sveitarfélagið. Þar voru skráðir 238 íbúar þann 1. janúar 2019.

Sigríður Klara Árnadóttir, matvæla- og rekstrarfræðingur, situr í hreppsnefnd Kjósarhrepps og er þar varaoddviti og er skrifstofustjóri á hreppsskrifstofunni. Oddviti er hins vegar Karl Magnús Kristjánsson, sem er þá eins konar ígildi sveitarstjóra. Sigríður segir mikinn kraft og gleði ríkja í Kjósinni. /HK/

### Öflug innviðauppbýgging

Þrátt fyrir fámennið hafa íbúarnir lyft grettistaki í innviðauppbýggingu með hitaveituframkvæmdum og lagningu ljósleiðara. Í blaðinu Vesturlandi, sem kom út í júlí á þessu ári, er mikið viðtal við Sigríði. Hún er reyndar fædd og uppalin Reykjavíkingur en á áttir að rekja austur á Seyðisfjörð. Sigríður er gift Óðni Elíassyni, refaskyttu og lögfræðingi, sem borinn er og barnfæddur Kjósverji. Fyrir sex árum fluttu þau endanlega úr höfuðborginni í Kjósarhrepp og segist Sigríður ekkert sakna Reykjavíkur. /HK/

## Tvöfalt fleiri gestir komu í sund í Varmahlíð í sumar

Sundlaugarnar í Skagafirði voru vel sóttar á liðnu sumri en gestir á tímabilinu frá byrjun júní til loka ágúst voru ríflega 47 þúsund og er það 6% aukning frá sama tímabili á síðastliðnu ári.

Mestu munar um aukinn gesta-fjöldi í sundlaugina í Varmahlíð, en hann tvöfaldaðist á þessu tímabili. Börnum fjölga langmest í gestahópnum, en það má án efa rekja til þess að ný rennibraut var tekin í notkun í vor. Fjöldun gesta í sundlaugina í Varmahlíð nema 98,3% í sumar miðað við það sem var í fyrrasumar, þegar þeir voru 5781. Nú í sumar sóttu



11.462 Varmahlíðarlaugina heim. Sveitarfélagið Skagafjörður rekur einnig sundlaugar á Sauðárkróki, Hofsósi og í Sólgarði. Í þeim tveimur fyrstnefndu varð fækkun gesta í sumar 6 og 9% en 4% aukning gesta varð í sundlaugina í Sólgarði. /MPP

### ORKUSTOFNUN

## Tækifæri og áskoranir við uppbyggingu smávirkjana á Íslandi

Ráðstefna á Grand Hótel 17. október 2019

Orkustofnun efnir til ráðstefnu um tækifæri og áskoranir við uppbyggingu smávirkjana á Íslandi. Fjallað verður um umhverfismat, tengingar smávirkjana við dreifikerfið, fjármögnun og fleiri atriði er varðar smávirkjanir. Einnig verða sagðar reynslusögur af uppbyggingu smávirkjana bæði á Íslandi og í Noregi.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra mun ávarpa ráðstefnuna.

08:00 Skráning og morgunverður

08:30 Setning ráðstefnu

- Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri

08:40 Ávarp ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar

- Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

08:50 Öryggisstjórnkerfi virkjana

- Óskar Frank Guðmundsson, sérfræðingur hjá Mannvirkjastofnun

09:10 Umhverfismat fyrir smærri virkjanir - Jakob Gunnarsson, sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun

09:30 Smávirkjanir og dreifikerfið

- Kjartan Rolf Árnason, deildarstjóri tæknisviðs hjá RARIK

09:50 Kaffihlé

10:10 Smávirkjanir og flutningskerfið

- Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs

10:30 Fjármögnun smávirkjana - Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar

10:50 Smávirkjanir í Noregi - Knut Olav Tveit, Daglig leder, Småkraftforeningen

11:10 Hafa orkufyrirtækin áhuga á að kaupa orku frá smávirkjunum

- Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu hjá HS Orku

11:30 Virkjanasaga Húsafells - Arnar Bergþórsson, stjórnarformaður Arnarlækjar

11:50 Samantekt og fundi slitið

Fundarstjóri Erla Björk Þorgeirsdóttir verkefnisstjóri hjá Orkustofnun

Skráning á fundinn og útsending frá fundinum er á os.is

Hetjan sem hlýjar hversdagsleikann



Fyrir þá sem vilja hita á lægra verði.  
Hafið samband við sérfræðinga  
til að velja varmadælur sem hentar þínum þörfum!

#Hágæðavarmadælur

561-2666 

vorukaup@vorukaup.is 

 **vörukaup**

VELTIR | Volvo Penta á Íslandi



## VELDU ÖRYGGI, AFL OG ÁREIÐANLEIKA

Gæði, öryggi, hagkvæmni, ending og áreiðanleiki eru aðalsmerki Volvo atvinnutækja. Sérþekking og löng reynsla er meðal starfsmanna Veltis á Íslandi. Rekstraröryggi Volvo atvinnutækja skiptir máli og því leggjum við ríka áherslu á vel tækjum búið vélaverkstæði og að þar starfi vel þjálfaðir og öflugir fagmenn sem vilja að viðskiptavinir okkar nái framúrskarandi árangri eins og við. Volvo atvinnutækjasvið er einnig með sterkt net þjónustuaðila um land allt.

### Hafðu samband í dag

Hafðu samband við sérfræðinga okkar varðandi Volvo Penta með því að hringja í síma 510 9100 eða sendu okkur fyrirspurn á [volvopenta@veltir.is](mailto:volvopenta@veltir.is) eða komdu til okkar í kaffi til að ræða málin í nýrri glæsilegri þjónustumiðstöð okkar að Hádegismóum 8. Hjá okkur starfar framúrskarandi teymi fagmanna sem búa yfir áratuga reynslu í söluráðgjöf og þjónustu við Volvo atvinnutæki.

**VELTIR**

Volvo Penta á Íslandi  
Hádegismóar 8  
Sími 510 9100  
[volvopenta.is](http://volvopenta.is)

**VOLVO  
PENTA**

## FRÉTTIR



Frá Mjóafirði. Verktakar vinna nú hörðum höndum að því að leggja ljósleiðara til Mjóafjarðar. Unnið er að verkinu af kappi þessa dagana þannig að íbúar geti notið tengingar sem fyrst.

Mynd / HKr.

## Ljósleiðari til Mjóafjarðar

Unnið hefur verið að kappi undanfarið við lagningu ljósleiðara til Mjóafjarðar.

Ljósleiðarinn er lagður frá Seyðisfirði um Brekkugjá og niður í Brekkuborpi. Fjarskiptasamband við Mjóafjörð hefur verið ótryggt, sér í lagi yfir vetrartímamann.

Íbúar hafa haft tengingu í gegnum örbylgjusamband um Heiðarhnjúk sem hefur verið ótryggt, sér í lagi að vetri til þegar ísingar og illviðra hefur gætt en sú tenging við umheiminn hefur jafnframt verið takmörkuð hvað varðar afköst og gæði.

Verkefnið er unnið af Neyðarlínunni í samstarfi við Mílu en Fjarðabyggð ásamt fleiri aðilum hafa lagt fjármagn til þessa þarfa verkefnis auk Fjarskiptasjóðs.

„Með tengingu ljósleiðara við Mjóafjörð er stigið mikilvægt skref í öryggismálum staðarins sem sætir einangrun að vetri til en jafnframt er íbúum tryggt mun betri gæði og þjónusta sem nauðsynleg er á tímum aukinna krafna um bætta fjarskiptatengingar,“ segir í frétt á vefsíðu Fjarðabyggðar.

Verkefnið er hluti af stærri áfanga um hringtengingu Austfjarða þar sem markmiðið er að Neskaupstaður og Eskifjörður verði hringtengdir ásamt Mjóafirði.

Ljósleiðaratengingin nær ekki til Dalatanga en staðsetning hans er það langt úr leið að leita verður sérstakra lausna í fjarskiptamálum hans.

/MPÞ

## Kaupfélag Skagfirðinga: Styrkir lagningar ljósleiðara í dreifbýli sveitarfélagsins

Lögð hafa verið fram drög að samningi á milli Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Kaupfélags Skagfirðinga um stuðning KS við uppbyggingu ljósleiðarakerfis í dreifbýli í sveitarfélaginu.

Samkvæmt drögunum mun KS styðja við verkefnið með 20 milljón króna framlagi til viðbótar við framlag Sveitarfélagsins Skagafjarðar og annarra aðila.

Áætlað er að ljósleiðaravæðingu í dreifbýli í Sveitarfélaginu Skagafirði verði lokið árið 2021.

Bygðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur samþykkt samningsdrögin en framlag KS gerir að verkum að ljósleiðaravæðing þess verður hraðari en ella og bætir auk þess búsetuskilyrði í sveitarfélaginu.

/MPÞ

## Sameiginleg vatnsöflun nokkurra sveitarfélaga í Árnassýslu

Nokkur sveitarfélög í Árnassýslu skoða nú þann möguleika að fara sameiginlega með vatnsöflun.

Þá er verið að skoða nýtingu á lindum ofan byggðar í sýslunni, nánar tiltekið í Haukadalsskógi á svæði Skógræktar ríkisins. Lagt hefur verið til að skipaður verði starfshópur sem falið verði að skoða

nánar möguleika á sameiginlegri vatnsöflun og stofnlögn, meta kostnað og vinna þarfagreiningu. Þau sveitarfélög sem rætt er um að taka þátt í verkefninu eru Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Grímsnes- og Grafingshreppur,

/MHH

## Allir í bleiku hjá Blikkrás á Aureyri

„Þetta er fimmta árið í röð sem við erum með tilboð á bleikum skóhornum í október og fara 2.000 krónur af hverju seldu skóhorni til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis, í fyrra seldum við yfir 100 bleik skóhorn í október.“

Auðvitað erum við mjög sátt við þetta áttak, bleikur október, eins og sést nú best á því hvernig við klæðumst þennan mánuðinn. Þetta er í fyrsta skiptið sem við kaupum sér fatnað á starfsmennina, en höfum áður reynt að vera bleikklædd allavega á bleika deginum, sem í ár er 11. október,“ segir Helga Eymundardóttir hjá Blikkrás á Akureyri, aðspurð um októbermánuð hjá fyrirtækinu, sem er tileinkaður bleiku í tilefni af árverkniáttaki



Starfsmenn Blikkrásar á Akureyri, sem fara alla leið í bleikum október og klæðast því bleikum bolum.

Krabbameinsfélags Íslands. Blikkrás er blikksmiðja sem sér um alla almenna blikksmiðavinnu ásamt uppsetningu á loftræstikerfum. Fyrirtækið var stofnað 1986 og er fjölskyldufyrirtæki. „Við fáum alls staðar frábær viðbrögð við þessu framtaki okkar í október, ekki síst þegar allir starfsmenn klæðast bleikum bolum og skóhornu okkur eru bleik,“ bætir Helga við. /MHH



Fundargestir á undirbúningsstofnfundinum þann 3. september síðastliðinn.

Myndir / smh

## Stofnfundur Samtaka smáframleiðenda matvæla: Stuðlað að öflugra samstarfi og auknum samtakamætti smáframleiðenda

Stofnfundur Samtaka smáframleiðenda matvæla verður haldinn þann 5. nóvember næstkomandi á Hótel Sögu, en undirbúningsstofnfundur var haldinn þann 3. september síðastliðinn.

Að sögn Oddnýjar Önnu Björnsdóttur, sem er formaður undirbúningsstjórnar, var vel mætt á fundinn; á fimmta tug einstaklinga hafi tekið þátt á staðnum eða í gegnum fjarfundabúnað. Hún segir að verkefni fundarins hafi verið að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri smáframleiðenda matvæla á Íslandi í dag, koma með punkta inn í aðgerðaáætlun, fara yfir drög að samþykktum og í lokin var undirbúningsstjórn kosin. Ýmis mál hafi verið rædd og viðskiptastjóri Samtaka iðnaðarins meðal annars farið yfir kosti þess að nýju samtökin færu undir þeirra hatt – þeim að kostnaðarlausu.

Í undirbúningsstjórninni sitja auk Oddnýjar þau Svava Hrönn Guðmundsdóttir varaformaður, Sveinn Margeirsson ritari, Karen Jónsdóttir og Þórhildur M. Jónsdóttir.

### Öflugt samstarf og samtakamáttur

Á undirbúningsstofnfundinum mættu, auk smáframleiðenda, fulltrúar samtaka með sambærilega hagsmuni og tengdir aðilar, svo sem Beint frá býli, VOR-verndun og ræktun, Landsambands smábátæigenda, Samtaka iðnaðarins, Matís,



Formaður undirbúningsstjórnar er Oddný Anna Björnsdóttir, sjálfstæður ráðgjafi og bóndi í Gautavík í Berufirði.

Slow Food, Matarauðs Íslands, Landbúnaðarklasans og Sambands sunnlenskra sveitarfélaga.

Undirbúningsstjórnin hefur nú fundað þrisvar og mun halda áfram að funda vikulega fram að stofnfundi til að hnýta alla lausa enda.

Fyrirliggjandi eru drög að markmiðum og tilgangi samtakanna. Samkvæmt þeim er markmið samtakanna að stuðla að öflugra samstarfi og auknum samtakamætti smáframleiðenda matvæla um land allt.

Einnig verður stuðlað að kraftmikilli nýsköpun og fjölbreyttu úrvali hággæða matvæla þar sem áhersla er á notkun innleindra

hráefna, auknum fjölbreytileika og verðmætasköpun, þróun nýrra og verðmætari vara og þjónustu úr vannýttum hráefnum, draga úr kolefnisspori, auka sjálfbærni og fjölga atvinnutækifærum.

### Unnið að hagsmunamálum á öllum sviðum

Tilgangur samtakanna verður að vinna að hagsmunamálum smáframleiðenda á öllum sviðum, vera málsvari þeirra og stuðla að framförum í málefnum sem þá varða, þar með talið er varðar vöxt og aðgengi að mörkuðum, lágmörkun kolefnisspors og samfélagslegum áhrifum starfsemi þeirra.

Einnig verður tilgangur þeirra að koma sjónarmiðum og hagsmunamálum félagsmanna á framfæri, vinna að því að starfsumhverfi og löggjöf utan um smáframleiðendur gefi þeim færi á að blómstra, leiðbeina félagsmönnum varðandi ráðgjöf og stuðning, skipuleggja viðburði, kynna félagsmenn og það úrval sem í boði er.

Stofnfundurinn verður haldinn í fundarsalnum Kötlu, á 2. hæð Hótel Sögu, og í gegnum Zoom fjarfundabúnaðinn frá klukkan 11.30 til 12.15. Hlekkinn inn á fjarfundinn verður hægt að nálgast í Facebook-hópi samtakanna. Þeir sem ætla að taka þátt í gegnum hann þurfa að hlaða niður forritinu sem hægt er að nálgast endurgjaldslaust á zoom.us. /smh

## Héraðssýning Félags sauðfjörðbænda í Strandasýslu: Hrutáuppboð og fegurðarsamkeppni

Laugardaginn 12. október verður haldin héraðssýning lambhrúta á vegum Félags sauðfjörðbænda í Strandasýslu.

Keppnin verður haldin bæði í Hrutáfirði í Laxárdal hjá Jóhanni og Jónu fyrir bæi sunnan varnarlínu í Bitrufjarðarbotni og hefst þar kl. 11.00. Einnig verður keppni á Heydalsá hjá Ragnari og Sigríði kl. 15.00.

### Fegurðarsamkeppni

Þá verður keppni í flokknum „falleasta gimbrin“ og er sú keppni fyrir ungmenni. Gimbrakeppnin verður tvískipt,



Þessi veglegi farandbikar er veittur á sýningunni fyrir besta hrútinn. Hér er það Erna Fossdal í Broddanesi sem heldur á bikarnum.

þ.e. veitt verða verðlaun fyrir fallestu gimbrina beggja vegna varnarlínu.

### Hrutáuppboð

Þrjú hátt-stigaðir hrútar verða síðan boðnir upp á sýningunni á Heydalsá þannig að menn eru hvattir til að fylla vel á veski áður en þeir mæta í hús.

Á Heydalsá mun Skíðafélag Strandamanna bjóða upp á kjarngóða kjötsúpu á 1.500 krónur.

Allir eru að sjálfsögðu hjartanlega velkomnir, bæði keppendur og áhorfendur.

## Útgáfa hjá Matís: Vefrit um geita- og sauðamjöltum og smáframleiðslu á hangikjöti

Matís hefur gefið út tvö vefrit um annarsvegar hangikjöt og hins vegar geita- og sauðamjaltir. Um er að ræða faggreinaleiðbeiningar fyrir góða starfshætti og innra eftirlit fyrir smáframleiðendur. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkar leiðbeiningar eru gefnar út.

Óli Þór Hilmarsson, sérfræðingur hjá Matís, tók textann saman og teikningar eru eftir Sólveigu Evu Magnúsdóttir. Óli Þór segir leiðbeiningarnar alfarið byggðar á þeim lögum og reglugerðum sem fara þarf eftir við framleiðslu á þeim vörum sem þær ná yfir. „Þær eru settar fram í aðgengilegum texta, oft með skýringarmyndum. Leiðbeiningarnar eru lesnar yfir af eftirlitsaðilanum, í þessu tilfalli Matvælastofnun, sem að lokum samþykkir að skilningur laga og reglna komist sem best til skila. Þar með eru komnar skýrar leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að framleiðslu á hinum ýmsu vörum. Í löndunum



Óli Þór Hilmarsson tók textann saman í handbókunum.

í kringum okkur hefur útgáfa sem þessi verið stunduð lengi, hvort heldur það er til einföldunar fyrir smáframleiðendur eða hina stærri.

Fagleiðbeiningarnar fyrir Geita- og sauðamjaltir voru unnar í samvinnu við Geitfjárræktarfélag Íslands, Landssamband sauðfjárbænda, samtökin Beint frá býli og Matvælastofnun. Fagleiðbeiningarnar fyrir hangikjöt voru unnar í samvinnu við Landssamtök sauðfjárbænda, Matvælastofnun og samtökin Beint frá býli.

Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar í gegnum vef Matís, undir „Útgáfa og miðlun“.

**Gáttali**

Gáttali starfsmanna er gótt að yfirfara árlaga. Starfsliði eru útgáfa í stökum tíma og þú þarftast þess endurnýjunna, lag og reglugerðir breytast og þarftast þú vöðunar, smásp. á heild, umboðum o.s.f. tekur breytingum, skipt um þingja o.s.f. Nýtt starfslið kemur að framleiðslu og það þarf að uppfylla, yfirfer þarf hvort ástæða vegna framleiðslu og gerar o.s.f. framleiðsluálag, staðfesting á þessum, eru stöðvar upplýsingar á vörubókunum o.s.f. framleiðsluálag, hvernig gáttali er settar myndir og yfirfara árlaga.

Gáttali starfsmanna	Ástæða
Er á staðnum gótt starfslið? (er ástæða og skilningur?)	
Er á staðnum gótt starfslið? (er skilningur hangikjöti?)	
Er það fyrir að hlut framleiðsluvarnari fari fram á öðrum stað?	
Þekkt þú til hennar laga og matvælaeigendur sem fara þarf eftir vegna framleiðsluvarnari?	
Heiðar þú skilningur á því hvaða laga sem þú veitir að líta og umboðum o.s.f. líta?	
Er framleiðsluálag, öðrum sem að framleiðsluvarnari komu, kunnugur?	
Heiðar þú gert skilningur þess matvælaeigendur sem fara þarf eftir?	
Heiðar þú gert skilningur matvælaeigendur sem fara þarf eftir?	
Framleiðsluálag, er skilningur sé verið að framleiðsluvarnari og framleiðsluálag?	
Heiðar þú og þú starfslið kynnt þess matvælaeigendur um gótt heildar?	
Er til staðar þess matvælaeigendur sem fara þarf eftir?	
Heiðar þú og þú starfslið kynnt þess matvælaeigendur um gótt heildar?	
Heiðar þú gert skilningur um heildar staðar skilningur til öryggi matvælaeigendur, skilningur þess matvælaeigendur?	
Heiðar verið, ef áttæða er til, þess matvælaeigendur um gótt heildar?	
Heiðar verið gert matvælaeigendur á næringseigendur vörum, skilningur o.s.f. njóma eða endurbættum vörum?	

Sýnishorn úr leiðbeiningaritinu um framleiðslu á hangikjöti.

# HYSI

## VETURINN NÁLGAST FÆRANLEG BOGAHÝSI



## MARGAR GERÐIR TIL Á LAGER

Hýsi-Merkúr | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík | Sími: 534 6050 | Netfang: hysi@hysi.is

**STEINSMÍÐJA  
AKUREYRAR**

**113**  
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull  
GRÁR - 125 þúsund

**111**  
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull  
GRÁR - 125 þúsund

**VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR  
FRAMLENGJUM VIÐ HAUSTILBOÐIÐ**

**TIL 20. OKTÓBER**

**INNIFALIÐ :  
FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND  
GRAFSKRIFT**

[minnimerki.is](http://minnimerki.is)

**103**  
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull  
GRÁR - 215 þúsund  
Með lugt og vasa 285 þúsund  
Með lugt, vasa og blómaramma 385 þúsund

**110**  
100x57 cm frá sökkli



130 cm sökkull  
GRÁR - 290 þúsund  
með lugt og vasa 360 þúsund  
Með lugt og vasa og blómaramma 460 þúsund

## HLUNNINDI &amp; VEIÐI



Veiðimaðurinn ungi með fiskinn.

Mynd / Þórir

## Margir veiðimenn eru ánægðir með fenginn

Margir ungir veiðimenn hafa veitt fisk eða fiska í sumar, fiskarnir eru misstórir en veiðimennirnir eru allir hressir með veiðina. Það skiptir engu þó fiskurinn sé ekki stór, bara að veiða eitthvað og fá fiskinn til að taka agnið.

Anna Þórisdóttir í Borgarnesi, 8 ára, veiddi sinn fyrsta silung í bæjarlæk vestur á Mýrum í vatnavöxtum á haustdögum, urriða

sem tók maðkinn og vó um 1 pund, og hún var verulega hress með að ná fyrsta fisknum sínum.

„Jú, hún var heldur betur ánægð þegar hún veiddi fiskinn sinn,“ sagði Þórir Valdimar Indriðason, faðir hennar, um fiskinn.

„Hún var búinn að reyna að veiða fisk nokkrum sinnum og svo tók þessi urriði. Það var skemmtilegt að fá eitthvað,“ sagði Þórir enn fremur.

## Haustverkin í veiðiánum

Veidum lauk um miðjan september í Norðurá í Borgarfirði og endaði áin í 557 löxum. Veitt var í klak eftir það aðeins í ánni og verður fiskurinn kreistur um miðjan október og mun Sigurður Már fiskifræðingur stýra verkinu.

Hrognin verða síðan grafin í efri hluta árinna á völdum stöðum. Þetta sama hefur verið gert í Laxá í Dölum, meðal annars til að hjálpa

ánni og er þetta virðingarvert framtak. Nýr laxastigi er líka kominn í Sólheimafoss í Laxá í Dölum.

Nýir leigutakar eru komnir með Blöndu á leigu en það eru Starir sem eru með Þverá, Straumana, Brennuna og Víðidalsá meðal annars. Árleigan er kringum 60 milljónir en Laxá og Árni Baldursson leigðu áður Blöndu.

## KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



Fyrir allar gerðir af sendi- og flutningabílum.

### BÍLAR

Kæli- &amp; frystibúnaður frá Carrier í miklu úrvali.

### HURÐIR fyrir kæla

Hentar afar vel fyrirtækjum í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

# KAPP ehf

VÉLA-KÆLI &amp; RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

# „Maríulaxinn var sterkur“

Gunnar Bender

gunnarbender@gmail.com



„Við maðurinn ákváðum að skella okkur einn dag í Jöklu áður en tímabilið væri búíð,“ sagði Bára Péturs er við spurðum um veiðitúrinn í Jöklu fyrir skömmu og þar átti ýmislegt eftir að gerast.

„Jökla sjálf var kakó svo að við veiddum hliðarárnar. Við vorum búin að sjá eitthvað af fiski en ekkert fengið. Þegar við komum að Laxárós var ákveðið að kasta spún, en við höfðum verið að kasta flugu fyrir það. Það var búíð að segja okkur frá spún í Veiðiflugunni sem heitir „Remen möre silda“, kopar með svartri rönd og 18 grömm og ákvað var að prufa hann. Ég var búin að taka nokkur köst en ekki orðið vör við neitt, festi spúninn einu sinni en ákvað svo að kasta aftur, og fannst ég vera föst aftur, hugsaði með mér, Jesús minn, þetta ætlar að ganga brósuglega, svo allt í einu fór stöngin að hristast og kengbognaði. Ég vissi lítið hvað ég var að gera enda bara í 4. skipti sem ég fer að veiða svona. Ég gargaði á manninn minn og sagði að ég væri með fisk, hann leiðbeindi mér hvað ég ætti að gera.

Ég var sirka 10 mín. að landa laxinum. Ég hef aldrei lent í öðrum eins átökum við fisk og var alveg gáttuð á því hvað þeir geta verið sterkir. Það byggðist upp alveg rosalega spennu á þessum 10 mín.



Bára Péturs með maríulaxinn úr Jöklu.

og fékk ég hálfpartinn spennufall þegar laxinn var kominn í land, þetta var 75 sentímetra hængur. Það var rosalega gleði hjá mér og brosið náði sennilega tvo hringi um andlitið, hjartað hamaðist á milljón, maríulax kominn á land! Ég var enn rosalega gáttuð á því hvað hann var sterkur

og hvað þetta var erfitt, en svo stolt af sjálfri mér á sama tíma. Þetta varð til þess að ég varð alveg veik, nú þýðir ekkert annað en að skella sér til Björgvins í Veiðiflugunni og galla sig upp fyrir næsta sumar og ná næsta laxi á flugu,“ sagði Bára enn fremur.

## Veiði á að vera fyrir alla

Ungum veiðimönnum hefur fjölgað verulega í sumar, silungsveiðin hefur gengið vel og veiðimenn verid að fá flotta veiði víða um land. Veðurfarið var gott í sumar og fjölskyldur gátu farið saman að veiða í blífum sem var í næstum allt sumar.

„Veiðikortið seldist vel í sumar, margir náðu sér í kort til að geta veitt víða um land,“ sagði Ingimundur Bergsson hjá Veiðikortinu um sumarið, sem gaf vel í mörgum veiðivötnum.

„Já, sumarið kom vel út hjá okkur,“ sagði Ingólfur Kolbeinsson í Vesturröst. Silungsveiðin gekk vel í sumar, mjög vel, síðan laxveiðin eins og hún var, haustið er búíð að vera gott, skotveiði og mjög góð sjóbirtingsveiði,“ sagði Ingólfur enn fremur.

Margir veiðimenn hafa fengið sinn fyrsta fisk í sumar en auðvitað eiga þeir að geta veitt sem víðast. Stangaveiðifélagið var með daga fyrir unga veiðimenn og veiðin gekk vel, nokkrir fengu maríulaxinn sinn og það er auðvitað sem allir eru að reyna, fyrsti fiskurinn, fyrsti laxinn. „Það var gaman að fá flottan



Ungir og stórefnilegir veiðimenn við veiðar í Eyjafirði við Ystu-Vík.

Mynd / María Gunnarsdóttir

fisk,“ sagði Helgi Þór Andrésson, sem var einn af þeim mörgu sem veiddi sinn fyrsta fisk í næsta nágrenni Akureyrar. Hann var

ánægður með fiskinn eins og fleiri veiðimenn. Það er toppurinn að fá sinn fyrsta fisk. Og landa honum eftir töluverða baráttu.

## Hann syndir áfram um Miðá

„Já, hann er flottur fiskurinn sem Ómar Óskarsson veiddi í Miðá í Dölum, eins metra fiskur og hann syndir áfram um ána, honum var sleppt aftur,“ sagði veiðimaðurinn Gunnlaugur Guðleifsson, en hann var ásamat fleirum í Miðá í Dölum fyrr í sumar og þeir veiddu nokkra laxa og þennan stóra flotta fisk.

Skrytnu veiðitímabili er lokið og aldrei hefur veiðin verið svona slöpp, sumir fengu ekki högg í allt sumar en haustið hefur bjargað málunum.

Eða eins og einn veiðimaðurinn sagði orðrétt:

„Fjörrið byrjaði í haust, konan



Ómar Óskarsson með flottan laxinn úr Miðá í Dölum.

var eiginlega búin að gefa mig upp á bátinn í veiðinni en þá byrjaði fjörrið, ég fékk hvern

fiskinn á fætur öðrum. Fyrst fór ég austur í sjóbirting og veiddi tíu flotta sjóbirtinga, síðan aðra fimm sjóbirtinga í Varmá og svo endaði ég í laxveiði og veiddi sex flotta fiska. Verst að konan vildi koma með í síðasta veiðitúrinn og auðvitað var það ekkert mál. En hún veiddi alla fiskana sem komu á land í síðasta túrnunum og það var svolítið skrítið, en allt í lagi, svona er þetta bara,“ sagði veiðimaðurinn enn fremur.

Ekki er allt fullkomið í veiðinni, það vita flestir, en það kemur annað sumar eftir þetta og þá verður eflaust betri veiði hjá flestum.

# Í Rjúpnaveiðina

2019 Fyrirmyndarfyrtíðni  
Íslenski Skrifstofan

## Rjúpnavesti Game Vest X

Stór poki fyrir fugl sem auðvelt er opna og hreinsa.  
Tveir vasar fyrir skot. vasi fyrir byssu.  
H2O compatible Eitt stórt hólf fyrir búnað.  
Tveir vasar fyrir td gps,talstöð,síma eða annað.  
Large og X-Large

**HOLL**  
HAGLASKOT



kr. 2.490



kr. 2.890



kr. 24.900

**Vesturröst**

Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - [www.vesturrost.is](http://www.vesturrost.is)



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA  
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

**IS HURDIR**

[www.ishurdir.is](http://www.ishurdir.is)

564-0013 | 865-1237

## Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



**WPL**  
Diamond



**IDNVER**

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - [petur@idnver.is](mailto:petur@idnver.is)



Ítalskar Delfin  
atvinnuryksugur

Fyrir landbúnað, sjávarútveg og  
iðnaðarstarfsemi.

Ryksugar bæði:

Fyrir þurr

&

Fyrir blautt

100 lítra tunna

Verð 490 þús + VSK




[www.delfin.is](http://www.delfin.is)  
Steinhella 12 - 8991604



Mótorar og varahlutir á lager  
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON  
á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi  
Sími 544-4656 | [www.mhg.is](http://www.mhg.is)



Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús

Verð á skemmum frá kr:29.500 m<sup>2</sup>

| Strúktúr ehf | [www.struktur.is](http://www.struktur.is) | [struktur@struktur.is](mailto:struktur@struktur.is) |  
| Stangarhylur 7 110 Reykjavík | sími: 588 6640 |

Uppsetning og viðhald á kælikerfum,  
kæliklefum og frystiklefum.  
Sala og uppsetning á varmadælum.



**KÆLIÞJÓNUSTA**  
**AKUREYRAR**

Freyjunesi 10, 603 Akureyri Sími 777 1800  
[ktak@ktak.is](mailto:ktak@ktak.is) Erum einnig á Facebook

## STEEKUR Tveir laukar fyrir jólin

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og þau sem ætla að rækta sjálf hásintu, eða riddaralilju, þurfa að hafa hraðann á.

Vinsældir goðalilja eru sífellt að aukast, ekki síst sem jólablóm, enda þykir mörgum ilmurnum af þeim góður og þær eru fallegar í skreytingar. Ekki skemmur heldur fyrr að þær fást í fjölda lita, bláar, rauðar, gular, bleikar og hvítar, allt eftir smekk.

Auðveldast er að rækta hásintur í grunnum glervasa sé ætlunin að hafa þær í blóma yfir jólin. Vasarnir eru belgmyklar að neðan en þrengjast rétt ofan við miðju og opnast svo aftur.

Fylla skal vasann með volgu vatni upp að þrengingunni, eða þannig að vatnsborðið leiki við neðri hluta lauksins án þess að snerta hann. Einungis ræturnar eiga að ná niður í vatnið.

Séu laukarnir hafðir í skreytingu er gott að láta þær standa í rökum mosa. Best er að forrækta goðaliljur í byrjun október eigi laukarnir að blómstra fyrir jól.

Eftir að laukurinn er kominn í vasa eða skreytingu skal koma honum fyrir á björtum stað við stofuhita og gæta þess að ræturnar séu alltaf rakar.

Samkvæmt grískum göðsögum létt ungur og fallegur drengur lífið. Hýasintos, þegar hann varð fyrir kringlu guðsins Apollon þegar þeir léku saman kringlukast. Upp af blóði piltsins uxu þessar liljur sem síðan eru við hann kenndar og oft kallaðar hýasintur. Uppruni hýasinta eða goðalilja er á Balkanskaga.

Riddarastjarna eða amaryllis er glæsilega laukplanta og sómir sér vel um jólin þegar sterklegur og kjötmikill stöngullinn skartar stórum rauðum, hvítum, bleikum eða tvílutum blómum.

Gott er að vökva plöntuna reglulega og gefa áburð hálfsmánaðarlega á meðan hún er í blóma. Klippa skal blómstöngulinn af eftir blómgun og draga úr vökvun og hvíla plöntuna í þrjá mánuði á svölum stað eftir blómgun.

Plantan er upprunnin í Suður-Ameríku en hefur dreifst þaðan sem pottaplanta á átjándu öld vegna þess hversu harðger og auðveld hún er í ræktun, auk þess að vera blómviljug.

Áður en laukurinn er settur í mold er gott að láta neðri hluta hans standa í volgu vatni í nokkra klukkutíma þar sem síkt hraðar rötarmyndun. Amaryllis-laukar þrífast best í næringarríkum og vel framræstum moldarjarðvegi við 15 til 20°C.

Riddarastjörnu er einnig hægt að rækta í glervasa til jólaanna.

Amaryllis er fjölær laukplanta og getur blómstrað tvisvar á ári sé hlúð vel að henni.

Setjið hvern lauk í 15 sentímetra pott og látið um helming lauksins standa upp úr. Fyllið vel með pottamold milli rótanna án þess að þjappa henni of fast. Vökvið lítillega og varlega í fyrstu en aukið vökvunina eftir að fara að koma blöð og blómstöngul úr lauknum. Látið pottinn standa á björtum stað og gjarnan yfir miðstöðvarofni. Riddarastjörnur blómstra yfirleitt við stofuhita á fjórsetu til átta vikum eftir gróðursetningu.

Í tilefni nýlokinnna rétta er svo vert að vitna í Ljóðaljóðin: „Hár þitt er sem geitahjörð sem rennur niður Gíleaðfjall, tenur þínar ær í hóp, nýrúnar og baðaðar, allar tvílembdar og engin lamblaus.“

VH

## NYTJAR HAFSINS

# Stærsti fiskmarkaður heims



Túnfiskur boðinn upp á Toyosu-markaðnum.

Kjartan Stefánsson  
kjartanst@simnet.is



Fiskmarkaðurinn í Tókíó er stærsti fiskmarkaður heims. Fyrsta uppboð ársins vekur jafnan heimsathygli því mikil samkeppni er um að kaupa fyrsta túnfiskinn, jafnvel þótt greiða þurfi hundruð milljóna króna fyrir hann.

Japanir eru sem kunnugt er mikil fiskveiðipjóð og Japanir sporðrenna einnig meira af fiski en flestar aðrar þjóðir. Fiskmarkaðurinn í Tókíó gegnir þarna veigamiklu hlutverki því frá honum streyma daglega 1.700 tonn af sjávarfangi til veitingahúsa og smásala og annarra kaupenda. Markaðurinn hefur líka það mikilvæga hlutverk að sjá veitingahúsum og fiskisölum fyrir túnfiski í hina vinsælu sushirétti.

Formlegt nafn fiskmarkaðarins er Tokyo Metropolitan Central Wholesale Market en hann er jafnan kenndur við svæðið sem hann er á.

Fiskmarkaðurinn er sögufrægur og rekja má tilvist hans allt aftur til ársins 1657. Markaðurinn fékk nafnið Tsukiji árið 1884 og undir því nafni jókst hróður hans á síðustu öld. Hann eyðilagðist reyndar í jarðskjálftunum miklu í Japan árið 1923. En þá hrundi og brann höfuðborgin Tókíó og 143 þúsundir manna fórust. Markaðurinn var endurreistur á svipuðum slóðum árið 1935. Þar var hann starfræktur í 83 ár uns hann var fluttur á nýtt svæði í Toyosu, rúma 2 kílómetra frá Tsukiji, og hóf þar starfsemi í október á síðasta ári.

### Veltir tæpum 500 milljörðum íslenskum

Nýi Toyosu-markaðurinn erfir líflegustu fiskviðskipti heims. Tölur um viðskipti á markaðnum fyrsta starfsárið liggja ekki fyrir en salan á Tsukiji nam um 700 þúsund tonn á ári að verðmæti um 4 milljarðar dollara, um 495 milljarðar íslenskra króna. Að auki eru grænmeti og ávextir seld á markaðnum. Sala á fiski á degi hverjum var í kringum 1.700 tonn, sem fyrr getur að verðmæti 14 milljónir dollara, um 1,7 milljarðar íslenskir. Alls seldist meira en 2.800 tonn af fiski, grænmeti og ávöxtum á dag að verðmæti 17,8 milljónir dollara, um 2,2 milljarðar íslenskir.

Á markaðinum er verslað með hátt í 500 mismunandi tegundir af sjávarfangi, sem koma víða að úr heiminum, og hátt í 300 tegundir af grænmeti eða ávöxtum. Þar kennir



Yfirlitsmynd yfir svæðið þar sem Toyosu-markaðurinn er.

Mynd / Tokyo Central Wholesale Market

ýmissa grasa, allt frá ódýru þangi/þörungum til dýrasta kaviars og frá smæstu sardínunum upp í 300 kílóa túnfisk.

Þess má geta til samanburðar að á Íslandi var árið 2018 landað um 93 þúsund tonn af fiski á alla fiskmarkaði innanlands samkvæmt tölum Hagstofunnar, að verðmæti um 19,5 milljarða króna.

### Vinsæll áfangastaður ferðamanna

Á Toyosu-markaðnum eru þrjár meginbyggingar, tvær fyrir sölu á fiski og ein fyrir sölu á grænmeti og ávöxtum. Annað fiskisöluhúsið hýsir uppboð á fiski en hitt er fyrir viðskipti skráðra aðila með fisk og annað sjávarfang sín á milli. Auk þess er fjöldi veitingastaða og verslana á Toyosu-markaðnum sem njóta hylli ferðamanna.

Tsukiji-markaðinn var einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í Tókíó. Fjöldi gesta skipti tugum þúsunda á degi hverjum. Þar gátu þeir gengið um milli sölubása, fylgst með uppboðum og drukkið í sig stemninguna á markaðnum.

Á Toyosu-markaðnum er einnig lögð áhersla á að laða ferðamenn að en nú geta þeir aðeins fylgst með uppboðum og starfsemi á lokuðum útsýnispöllum á annarri hæð. Þykir það ekki vera jafnmikil upplifun og var á gamla staðnum.

Svæði losnar fyrir Ólympíuleikana  
Þótt Tsukiji-markaðurinn hafi notið mikillar velgengni var strax á sjöunda áratug síðustu aldar farið að ræða um að færa hann. Það var þó ekki fyrr en í byrjun þessarar aldar sem ákveðið var að flytja markaðinn til Toyosu þótt fram-

kvæmdir hæfust ekki strax. Ein af ástæðunum fyrir flutningnum var sú að menn litu húru auga til Tsukiji, sem er miðsvæðis og þar eru verðmætar byggingalóðir. Fyrst um sinn kemur svæðið að notum þegar Ólympíuleikarnir verða haldnir í Tókíó árið 2020.

Mjög umdeilt var að flytja markaðinn og margir mótmæltu hástöfum. Þá fór kostnaður við byggingu nýja markaðarins úr böndunum, meðal annars vegna þess að jarðvegur á Toyosu var mengaður. Ófáir milljarðar fóru þar í síginn en það er önnur saga.

### Hundruð milljarða fjárfesting

Kostnaður við nýja Toyosu-markaðinn var um 5,1 milljarður dollara, um 635 milljarðar íslenskra króna. Hann þekur 407 fermetra og er 1,7 sinnum stærri en Tsukiji að flatarmáli. Aðbúnaður er miklu betri eins og gefur að skilja, lokað húsnæði fyrir allan fisk, ólíkt því sem var á Tsukiji þar sem opin svæði voru áberandi. Aðstaða fyrir vinnslu og þökkun hefur verið bætt til að mæta kröfu smásala og veitingastaða um unnar afurðir. Markaðurinn hefur fengið gæðavottun og forráðamenn hans gera sér vonir um að vottunin muni með tíð og tíma auka sölu um 40%.

### Fréttafni fjölmiðla

Fiskmarkaðurinn í Tókíó hefur jafnan verið vinsælt umfjöllunarefni fjölmiðla. Þeir fylgdust vel með flutningi markaðarins og fréttir birtust af síðasta uppboðinu á Tsukiji markaðnum og fyrsta uppboðinu á Toyosu-markaðnum. Dýrasti fiskurinn á báðum uppboðunum var bláuggatúnfiskur sem seldist á tæpa 38 þúsund dollara stykkið á

hvorum stað, sem samsvarar rúmunum 4,7 milljónum í íslenskum krónum. Fiskurinn sem sleginn var á Tsukiji-markaðnum var 162 kíló að þyngd þannig að kílóverðið var litlar 29 þúsund krónur.

Annars er algengt að túnfiskur seljist á um 88 dollara kílóðið, um 11 þúsund íslenskar, en verðið tvöfaldað eða meir í árslok fyrir besta fiskinn.

### Einn túnfiskur á 385 milljónir

Fyrsta uppboð ársins vekur jafnan mikla athygli því þá er hart barist um fyrsta bláuggatúnfiskinn sem seldur er. Það er keppikefli veitingahúsaeigenda að ná í fyrsta túnfiskinn, sama hvað hann kostar. Kaupandinn hlýtur heimsathygli fyrir vikið og getur stært sig af því að gera allt til að þjóna viðskiptavinum sínum sem best.

Fyrsta uppboð ársins 2019 á Toyosu-markaðinum var sögulegt. Fyrsti bláuggatúnfiskurinn var sleginn á 3,1 milljón dollara, sem jafngildir um 385 milljónum íslenskum á gengi dollarans í dag. Aldrei fyrr hefur túnfiskur verið seldur jafnhátt verði. Fiskurinn vó 278 kíló þannig að kílóverðið var tæpar 1,4 milljónir íslenskar. Sá sem hreppið hrossið var Kiyoshi Kimura, sem rekur hina þekktu Sushi Zanmai veitingahúsakeðjuna. Hann hefur nokkrum sinnum áður unnið keppnina um fyrsta túnfisk ársins. Haft var eftir honum í fjölmiðlum að eftir á að hyggja hefði hann líklega greitt of hátt verði!

Matargestir Sushi Zanmai sem gæddu sér á þessum dýra túnfiski hafa væntanlega ekki þurft að borga brúsann. Hefði túnfiskurinn verið seldur á kostnaðarverði hefði hver sushibiti kostað í kringum 60 þúsund krónur.





Umhverfisráðherra og forstjóri Hafrannsóknastofnunar hafa undirritað samning sem felur í sér að efla vöktun á súrnun hafnsins og áhrifum hennar á lífríki og vistkerfi í hafinu umhverfis Ísland. Mynd / HKr.

## Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Vöktun á súrnun sjávar og jöklum

Ríflega 250 milljónum króna verður varið til að efla vöktun á súrnun sjávar og á jöklum næstu fimm árin hér á landi. Ákvörðunin var tilkynnt í tilefni útkomu nýrrar skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um áhrif loftslagsbreytinga á hafið og freðhvolfið.

Í skýrslunni eru dregnar saman upplýsingar um áhrif loftslagsbreytinga á jökla og höf sem eru þeir þættir sem varða Íslendinga einna mest. Í yfirliti yfir efni skýrslunnar á vef Væðurstofu Íslands kemur meðal annars fram að allar ísbreiður og jöklar á jörðinni eru að minnka vegna loftslagsbreytinga, sjávarborð

hækkar meira en gert var ráð fyrir og súrnun sjávar hefur aukist.

Umhverfisráðherra og forstjóri Hafrannsóknastofnunar hafa undirritað samning sem felur í sér að efla vöktun á súrnun hafnsins og áhrifum hennar á lífríki og vistkerfi í hafinu umhverfis Ísland. Hafrannsóknastofnun fær 35 milljónir króna á árinu 2019 og 30 milljónir króna árlega á árunum 2020 til 2023, eða samtals 155 milljónir króna, til þessa viðfangsefnis.


Framlögum ársins í ár verður varið til kaupa á tækjabúnaði til þess að efla vöktun sem þegar á sér stað um sýrustig í hafi, en einnig til að hefja vöktun á botndýrum með

tilliti til súrnunar sjávar. Einnig hefur verið tilkynnt um aukna vöktun Væðurstofu Íslands á jöklum á Íslandi undir heitinu Hörfandi jöklar. Alls verður 15 milljónum króna varið í vöktunina í ár og samtals 21 milljón króna frá og með næsta ári. Á árabílinu 2019 til 2023 er því um tæpar 100 milljónir að ræða.

Áður hafði verið ákveðið að efla vöktun á sjávarstöðubreytingum og skriðuhættu, m.a. með vísan í afleiðingar loftslagsbreytinga. Bætt vöktun á ofangreindum þáttum styrkir starf við hættumat og almannavarnir og nýtingu auðlinda, auk þess að bæta vísindalega þekkingu. /VH

### Z STÁLGRINDARHÚS

Margar stærðir Z stálgrindarhúsa í boði. Þjóðum bæði staðlaðar húsagerðir og sérhönnun fyrir viðskiptavini. Þaulreynd hús við íslenskar aðstæður.



8 x 20 x 3,5 m - 7.200.000 kr. m/vsk.  
10 x 20 x 3 m - 7.600.000 kr. m/vsk.  
12 x 30 x 3,5 m - 10.440.000 kr. m/vsk.  
18 x 35 x 3 m - 16.200.000 kr. m/vsk.  
ÓEINANGRÁÐ 12 x 30 x 3,5 m - 8.100.000 kr. m/vsk.  
ÓEINANGRÁÐ 18 x 35 x 3 m - 11.300.000 kr. m/vsk.

Z Stálgrind, 40 mm PIR yleiningar og teikningar

### TIMBUR EININGAHÚS

Margar gerðir timbur einingahúsa í boði. Þjóðum bæði staðlaðar húsagerðir og sérhönnun fyrir viðskiptavini. Framleiðandi sér um uppsetningu.


Einbýlishús  
Rað- og parhús  
Frístundahús  
Ferðapjónustuhús  
Starfsmannahús  
Bílskúrar



Afgreiðslufrestur aðeins 6-8 vikur.

### YLEININGAR

Hágæða yleiningar fyrir vegg og þök. Fást með PIR eða steinull.




Veggeiningar 40-220mm  
Þakeiningar 40-220mm

Allar skrifur, þéttingar, áfellar og ylplast í boði með þökkum.

### BOGAHÚS- TILBOÐSVERÐ Í OKTÓBER


12x20 m - 4.800.000 kr. m/vsk  
12x30 m - 6.600.000 kr. m/vsk  
12x40 m - 8.500.000 kr. m/vsk  
12x50 m - 10.300.000 kr. m/vsk



Stálbogar, langbönd, klæðning, rennihurð & teikningar.

Afgreiðslufrestur 8-10 vikur

### LÍMTRÉSHÚS MEÐ YLEININGUM



Skemmur úr límtré og yleiningum í miklu úrvali. CNC skorið límtré í hæsta gæðaflokki sem fæst meðal annars vaxborið og er því afar hentugt í gripahús.

**BK HÖNNUN**  
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR  
bkhonnun@bkhonnun.is  
SÍMI  
865-9277  
VEFFANG  
www.bkhonnun.is

## DRÁTTARVÉLAR Á FERÐ

Flest dráttarvélaslys á vegum úti verða þegar vél mætir öðru ökutæki eða keyrir út af. Gætið að því að fara ekki of nærri lausum vegköntum og hagið akstri eftir aðstæðum.

Hvað getur þú gert til að auka öryggi í umferðinni?

- Notaðu speglana og fylgstu með umferðinni á eftir þér
- Notaðu stefnuljós
- Er ljósabúnaður í lagi?
- Sjáðu til þess að stefnu- og bremsuljós sjáist vel
- Ekki gleyma að slökkva á vinnuljósum á vegum úti
- Aktu með varúð
- Forðastu hraðar beygjur
- Forðist akstur dráttarvéla á vegum þegar umferðarpunginn er mikill.
- Stillið hraða miðað við farm og bremsueiginleika dráttarvélarinnar.
- Akið með ámoksturstæki í lágri stöðu, um 20-30 cm frá jörðu, og gætið þess að þau hindri ekki útsýni úr stýrishúsi.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á [bondi.is](http://bondi.is)



ER ÞITT BÚ  
ÖRUGGUR  
OG GÓÐUR  
VINNUSTAÐUR?

## FRÉTTIR

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hafnar lögbvingaðri sameiningu sveitarfélaga:

## Segir engin rök lögð fram fyrir 1.000 íbúa lágmarkinu

„Rökin fyrir 1.000 íbúa lágmarki finnast hvergi, Alþingi má aldrei setja slík mörk bara til að gera eitthvað,“ segir í ályktun sem sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hefur samþykkt, en hún hafnar alfarið lögbvingaðri sameiningu sveitarfélaga.

Sveitarstjórnin bendir á að sjálf-bærni sveitarfélaga fari ekki eingöngu eftir íbúafjölda og minni sveitarfélög standist ný skuldaviðmið almennt betur en þau stærri. Þá er einnig nefnt að mörg minni sveitarfélög veiti íbúum góða þjónustu og í þeim sé lýðræðisleg virkni almennt meiri en í stærri sveitarfélögum. Jaðarsvæði eigi jafnan erfiðast í sameinuðum sveitarfélögum.

Þó svo að sveitarfélög starfi saman að þjónustu sem hentugt þykir hafi það ekki neitt að gera með stærð þeirra. Eins bendir sveitarstjórnin á að þó svo að faglegir veikleikar kunni að vera á þjónustu minni sveitarfélaga búi þau líka yfir mikilvægum styrkleikum, svo sem yfirsýn og nánd. „Sameining sveitarfélaga þar sem innan við 5% íbúa landsins býr, breytir sáralitlu um styrk sveitarfélagsins í heild,“ segir í ályktun sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps.

#### Minni sveitarfélögum haldið utan vinnunnar

Hún átelur að minni sveitarfélögum hafi beint og óbeint verið haldið utan við vinnu sem fólst í gerð tillögu um sameiningu sveitarfélaga og 1.000 íbúa markið. Minni sveitarfélög hafi ekki komið að þeirri vinnu. Þá hafi stærri sveitarfélög beitt þau minni aflsmun á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og m.a. talið



Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi.

sér sæma að samþykka á þinginu að minni sveitarfélög skyldu annan hvort sameinast innbyrðis eða renna undir þau stærri. Til að fá þau á sitt band hafi stórfé verið lofað úr jöfnunarsjóði.

„Stuðningur sumra minni sveitarfélaga helgaðist líka af því að þau eiga þegar í viðræðum um sameiningu. Það



Úr Grýtubakkahreppi.

er sérstakt að slík sveitarfélög, sem vilja jafnvel alls ekki sameinast stórum nággranna sínum sjálf, styðji tillögu sem þvingar önnur lítil sveitarfélög í þá stöðu,“ segir sveitarstjórnin í Grýtubakkahreppi. „Það er einnig sérstakt að samþykkt þings, sem þannig er fengin, sé blygðunarlaust kynnt sem vilji sveitarfélagsstígsins í heild, þó gangi þvert gegn vilja mikils meirihluta þeirra sveitarfélaga sem tillagan snertir með beinum hætti.“

#### Ný jaðarsvæði verða til í nýju sveitarfélögum

Grýtubakkahreppur telur það ganga þvert gegn öllum markmiðum tillögunnar að þvinga fram sameiningar sveitarfélaga „þar sem fyrirséð er að þær muni ná yfir mjög stór landsvæði eða að ný jaðarsvæði í stórum sveitarfélögum verða til og þar sem íbúar eru sannfærðir um að sameining muni leiða til skertra lífskjara og lakara þjónustustígs,“ eins og segir í ályktuninni og að alls ekki sé viðunandi að Alþingi samþykki slíka

tillögu í nafni lýðræðis og undir því fororði að styrkja eigi búsetu úti um landið, þegar áhrifin á sumum svæðum verði þveröfug.

Grýtubakkahreppur gagnrýnir ráðherra fyrir að hafna því að bjóða litlu sveitarfélögum til fundar og heyrna þeirra sjónarmið, en hreppurinn heitir á Alþingi að hlusta á þeirra sjónarmið. Ófært sé að góð markmið í tillögunni falli í skuggann af valdbeitingu stærri sveitarfélaganna.

#### Hvergi finnast rök fyrir 1.000 íbúa lágmarkinu

Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi, bendir í pistli á heimasíðu hreppsins á að alls séu um þessar mundir 39 sveitarfélög í landinu sem ekki ná 1.000 íbúa markinu, af 72 sveitarfélögum alls.

„Fyrir svo harkalegri aðgerð þurfa að vera ríkir hagsmunir og sterk rök. Því er ekki að heilsa í þessu máli, enda alger fásinna að sameining sveitarfélaga, þar sem

aðeins 5% þjóðarinnar búa, í eitthvað stærri einingar, hafi nokkur áhrif á styrk sveitarfélaga landsins í heild. Raunar finnast hvergi í gögnum eða ferli málsins nokkur rök fyrir þessu lágmarki.

Hins vegar er mörgu snúid alveg á haus, t.d. að samstarf sveitarfélaga sé ólýðræðislegt þar sem íbúar færast fjær ákvarðanatöku og ábyrgð, því þurfi sveitarfélög að vera svo stór að þau ráði við að sinna þjónustu ein og óstudd. Af þessum sökum þurfi að sameina lítil sveitarfélög. Hvergi er hins vegar nefnt hvaða þjónustu er átt við, eða hvaða þjónustu íbúar litlu sveitarfélaganna séu ekki að fá. Enda er staðreyndin sú að íbúar minni sveitarfélaga eru almennt sáttir og fá ágæta þjónustu.“

#### Valdi samstarf lýðræðisbrest

Þróstur segir samstarf sveitarfélaga um rekstur og þjónustu ganga ágætlega og sé hagkvæm leið fyrir íbúana og hafi hvorki með stærð þeirra né lýðræði að gera. Valdi samstarf sveitarfélaga lýðræðisbrest væri ekki úr vegi að hefjast handa þar sem hann er mestur, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu þar sem hefð er fyrir miklu samstarfi sveitarfélaga.

Þróstur segir það alvarlegt að takmarkað samráð hafi verið haft við litlu sveitarfélögin og að auki rangt farið með þegar frá því sé sagt, m.a. að tillaga um sameiningu sé lögð fram með velþóknun sveitarstjórnarstígsins í heild og að allir séu jákvæðir og sammála tillögunum. Í engu sé getið um harða andstöðu gegn lögbvinguðum sameiningum né efasemdu um þá leið, sem þó sé áberandi í umsögnum margra sveitarfélaga. /MPB

## HROSS & HESTAMENNSKA

Eigendur hrossa eru vinsamlega beðnir um að yfirfara skráningu í heimarétt WorldFengs:

# Skila á haustskýrslu eigi síðar en 20. nóvember í samræmi við lög um búfjárhald

Matvælastofnun breytti í fyrra haustskýrsluskilum umráðamanna hrossa í þeim tilgangi að styrkja hagtölusöfnun um fjölda hrossa í landinu. WorldFengur (WF), upprunaættbók íslenska hestsins, bauð þá upp haustskýrsluskil í heimarétt hvers eiganda, sem mjög margir nýttu sér.

Tilgangurinn var að gera eigendum hrossa auðveldara að skila árlegri haustskýrslu í Bústofni, því gögn úr WF fluttust þá með rafrænum hætti yfir í gagnagrunn Bústofns. Á móti þurftu eigendur hrossa að leggja nokkra vinnu í fyrsta skipti við að staðsetja hross sín á bú eða hesthús í þéttbýli, yfirfara skráningu um umráðamann og almennt yfirfara skráða hestaegn sína í WF.

#### Margþætt hlutverk WorldFengs

Rétt er að leggja áherslu á að WorldFengur er allt í senn; upprunaættbók íslenska hestsins á veraldarvísu, skýrsluhaldskerfi og hjarðbók. Þeir búfjáreigendur sem eiga annað búfé en hross skila áfram haustskýrslu í gegnum Bústofn eins og verið hefur.

Það er ekki nokkur vafi á því að með þessu nýja fyrirkomulagi náðist umtalsverður árangur í að bæta hagtölusöfnun um hrossaegn í landinu og bæta lögbundna



Bjarki Pjetursson, sérfræðingur hjá Búnaðarstofu og Jón Baldur Lorange framkvæmdastjóri. Myndir / HKR.



Á Emstruleið.

skráningu hrossa í hjarðbók, og á sama tíma að auðvelda skil til lengri tíma litið á haustskýrslu fyrir þorra hestamanna í þéttbýli.

#### Breytingar í samræmi við lög

Breytingarnar sem voru gerðar síðastliðið haust á skráningum haustskýrslna og í heimarétt WF auðvelda umráðamönnum hrossa að uppfylla ákvæði laga um búfjárhald og reglugerðar um merkingar búfjár. Jafnframt leiddi hið nýja fyrirkomulag til þess að auðveldara er að átta sig á hvar þurfi að styrkja eftirlit með hagtölusöfnuninni hjá þeim sem hafa hunsað lögbundna skráningu hrossa í hjarðbók og/eða á haustskýrslu.

Matvælastofnun hefur nú upplýsingar um fjölda hrossa sem eigendur hafa ekki örmerkt, tölvuvert var um leiðréttingar á afdrifum hrossa og geldingi stóðhesta. Matvælastofnun mun fylgja fast á eftir að skráningar í hjarðbækur og merkingar hrossa séu fullnægjandi.

Dýraeftirlitsmenn Matvælastofnunar geta nú með sérstöku eftirlitsAppi með tengingu við App-Feng skimað örmerki í hrossum í hesthúsum, og fengið strax upplýsingar um hvort hross hafi verið talið fram á haustskýrslu og skráð í WF, auk upplýsinga um

hross og umráðamenn úr WF og Bústofni.

#### Aftur komið að haustskýrslum

Nú er komið að haustskýrsluskilum að nýju, en skila á haustskýrslu eigi síðar en 20. nóvember nk. í samræmi við lög um búfjárhald. Eigendur hrossa eru vinsamlega beðnir um að yfirfara skráningu í heimarétt WorldFengs og gera þær leiðréttingar sem nauðsynlegar eru, ef þeirra er þörf.

Rétt er að benda á að skv. 11. gr. laga um búfjárhald ber umráðamaður búfjár kostnað af eftirliti reynist haustskýrsluskil ófullnægjandi. Allir hestaeigendur geta fengið sérstakan hjarðbókaraðgang að WF þeim að kostnaðarlausu. Aðgang að hjarðbók veitir tölvudeild Bændasamtaka Íslands (netfang: tölvudeild@bondi.is). Þá veitir Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarinnar einnig aðstoð við skráningu á haustskýrslum og skýrsluhald í hrossarækt.


**Jón Baldur Lorange,**  
framkvæmdastjóri  
Búnaðarstofu  
Matvælastofnunar

**Bjarki Pjetursson,**  
sérfræðingur hjá  
Búnaðarstofu  
Matvælastofnunar

## Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps: Mótmælir áformum um sameiningu sveitarfélaga

Enginn áhugi er hjá sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps um þá þingsályktunartillögu Sigurðar Inga Jóhannssonar, ráðherra sveitarstjórnarmála, að beita lögþvingunum til sameiningar sveitarfélaga á Íslandi.

Sveitarstjórnin hvetur ríkisstjórn og Alþingi til að virða lýðræðislegan rétt íbúa til að eiga val um það með kosningarétti sínum hvernig best er að haga sveitarfélagaskipan á hverju svæði. „Sameining sveitarfélaga getur verið valkostur en meginatriði er að hún verði á grundvelli ákvörðunar íbúanna sjálfra. Mikið er lagt upp



SUÐURLAND  
Grímsnes- og  
Grafningshreppur

úr tveimur atriðum, lýðræði og sjálfstjórnarrétti í tillögu ráðherra og telur sveitarstjórn að tillaga um lágmarksfjölda íbúa sé í algerri andstæðu við þær lýðræðislegu áherslur sem koma fram að öðru leyti í tillögunni“, segir m.a. í harðri bókun sveitarstjórnar. *MHH*

**Bændablaðið**  
**Kemur næst út**  
**24. október**



**ehjól**

2019 ÁRGERÐIN AF TONGLI VINSÆLU RAFMAGNSHJÓLUNUM ER KOMIN. HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA 415 1690 EÐA SKOÐIÐ ÚRVALIÐ Á WWW.EHJOL.IS. VERIÐ VELKOMIN Í SÝNINGARSAL OKKAR AÐ AUSTURMÖRK 4 Í HVERAGERÐI.



**T408-3**  
1000W 60V  
með hljómflytningstækjum.  
370.000 kr.



**T408**  
1000W 60V  
með hljómflytningstækjum.  
350.000 kr.



**T418-S**  
1000W 60V  
með hljómflytningstækjum.  
440.000 kr.

ehjól | Austurmörk 4 | 810 Hveragerði | sími:415 1690 | ehjol@ehjol.is | www.ehjol.is

## Gámurinn er þarfaping



Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



www.stolpigamar.is  
**Stólpi Gámar**

Klettagördum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

## Tiguan Allspace

Tilboðsverð  
6.390.000 kr



Tilbúin í veturinn

Stærri á alla kanta, afar vel útbúinn og sæti fyrir sjö - ef þú vilt.

www.hekla.is/volkswagensalur



www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · BVA Egilsstöðum

## FRÉTTASKÝRING

Stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa ítrekað hvatt þjóðir heims til að tryggja sitt öryggi í fæðuöflun og framleiðslu:

# Fæðuöryggi er lykillinn að þjóðaröryggi Íslendinga

– Það kostar peninga að tryggja slíkt en mun dýrkeyptara verður það ef fótunum er kippt undan matvælaframleiðslu á Íslandi

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Fæðuöryggi er vaxandi áhyggju-efni um allan heim. Samkvæmt tölum FAO býr yfir einn milljarður manna við alvarlegan fæðuskort og ríflega annar eins fjöldi þjáist af skorti á næringarefnum. Viðurkennt er einnig að fæðuöryggi verður ekki slítið úr sambengi við þróun landbúnaðar um allan heim, líka á Íslandi.

Meðal markmiða Sameinuðu þjóðanna er að auka fæðuöryggi þjóða. Miðast það við að hver þjóð geti verið sem mest sjálfri sér næg um fæðu fyrir íbúana. Það sé besta tryggingin fyrir bættri lýðheilsu og til að draga úr togstreitu og hættu á átökum út af fæðuskorti. Þá eru þjóðir sem geta brauðfætt sína íbúa augljóslega betur í stakk búna til að mæta áföllum vegna náttúruhamfara, sjúkdóma eða styrjalda sem upp kunna að koma.

## Íslenskur landbúnaður í skotlínu tækifærissinna

Hart hefur verið sótt að íslenskum landbúnaði á liðnum misserum þrátt fyrir fagurgala stjórnmálanna um nauðsyn landbúnaðar fyrir íslenska þjóð. Övægin gagnrýni hefur verið á sauðfjárrækt á þeim forsendum að hún sé of kostnaðarsöm og hægt sé að flytja inn mun ódýrara kindakjöt frá útlöndum. Undarleg og ófgafull umræða í upphrópanastíl um loftslagsmál blandast þar inn í, en áhyggjur af fæðuöryggi virðist þar engu máli skipta.

Sama hefur verið upp á teningnum varðandi framleiðslu á svínakjöti, alifuglakjöti, nautakjöti og mjólkurafurðum. Orkumál spila þar líka stóra rullu, en aðgengi að rafmagni á hagstæðu verði er t.d. forsenda þess að ylrækt geti þrífist á Íslandi. Það hefur líka mikil áhrif á byggð víða um land sem er m.a. forsenda fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu.

## Tilmæli Sameinuðu þjóðanna um fæðuöryggi

Í pólitískum umræðum um þessi mál virðist lítið tillit vera tekið til tilmæla Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um að þjóðir heims reyni að tryggja sitt eigið fæðuöryggi. Ábyrg fiskveiðistjórnun er líka einn af þeim þáttum sem FAO leggur áherslu á, en þar hafa Íslendingar reyndar staðið sig betur en flestar aðrar þjóðir.

Það er þó vissulega fagnaðarefni að íslensk stjórnvöld skuli loks, allavega að einhverju leyti, vera að átta sig á sambengi hlutanna er þau kynntu í síðustu viku framgang aðgerðaráætlunar um matvælaöryggi og fleira. En matvælaöryggi er samt allt annar hlutur en að tryggja öryggi íbúa gagnvart aðgengi að fæðu úr nærumhverfi.

## Peningahyggja í stað mannlegrar reisnar

Vísindamenn FAO hafa staglast á fæðuöryggi í tvo og hálfan



Sagan sýnir okkur að stór eldgos á Íslandi hafa lamað matvælaframleiðslu og skapað margvíslega óáran í Evrópu og allt suður í Afríku og vestur í Ameríku. Það er því í hæsta máta óábyrgt að gera lítið úr nauðsyn þess að tryggja fæðuöryggi á Íslandi. Það er hreint glapræði ef þjóðin á að eiga líf sitt undir innflutningi á matvælum. Mynd / HKR

árátug, en sá boðskapur virðist enn ekki hafa náð eyrum íslenskra viðskiptasnillinga og hagfræðinga sem aðhyllast kalda og sálarlausa peningahyggju. Þeir telja fólki trú um að hag neytenda verði best borgið með innflutningi á ódýrum mat frá stórframleiðendum í útlöndum. Það skili mestri arðsemi fjármagnsins. Þar er ekkert gert með að íslensk framleiðsla geti þá lagst af með tilheyrandi neikvæðum félagslegum og efnahagslegum áhrifum fyrir hinar dreifðu byggðir. Mannleg reisn íbúa landsins og viðleitni til sjálfsbjargar á greinilega ekki heima í arðsemisútreikningum excel-sérfræðinganna.


## Auka þarf matvælaframleiðslu á forsendum fjölbreytni

Vísindamenn FAO hafa sagt að auka þurfi matvælaframleiðslu heimsins um 70–100% og um leið draga úr soun matvæla til að mæta því að jarðarbúum fjölgi í 9 milljarða á næstu 30 árum eða svo. Þar er líka mikið lagt upp úr blandaðri nýtingu lands til að tryggja villta náttúru og koma í veg fyrir einsleitni í ræktun.

Í máli vísindamanna sem mest hafa fjallað um fæðuöryggi heimsins er áberandi sú niðurstaða að fjölbreytni í landbúnaði skipti þar mjög miklu máli. Þá muni einsleitur verksmiðjubúskapur aldrei geta tryggt fátækari ríkjum heims öruggt framboð af fæðu, því þar telja vísindamenn að fjölskyldubú og smábændur skipti höfuðmáli. Líka gagnvart því að halda náttúrunni í jafnvægi. Þetta má meðal annars sjá í greininni „Advancing Environmental Conservation“ sem birt var m.a. á vef Science Direct árið 2012.

## Markmið sett 1996 um að draga úr hungri í heiminum

Á fæðaráðstefnunni World Food Summit (WFS) sem haldin var árið 1996 var stefnan sett á að ráðast gegn hungri í heiminum. Markmiðið



Kort FAO yfir helstu hungursvæði jarðar í september 2018. Af 7,6 milljörðum jarðarbúa lifðu þá rúmir tveir milljarðar við hungur að meira eða minna leyti. Meira að segja í Evrópu og Norður-Ameríku voru 89 milljónir manna í þeirri stöðu. Í Asíu voru það rúmur milljarður manna, í Afríku 676 milljónir og í Suður-Ameríku voru það 188 milljónir manna.



Eitt það fyrsta sem eyðileggst í styrjöldum eru innviðir samgangna sem stöðvar m.a. flutninga á matvælum. Undirstöður matvælaframleiðslu eru líka gjarnan visvitandi eyðilagðar til að skapa upplausn og draga mátt úr þeirri þjóð sem fyrir árs verður. Þessi mynd er frá Jemen þar sem íbúar þjást vegna árasa sem gerðar eru m.a. með vopnum frá Vesturlöndum.

Mynd / Business Afrika

var að helminga fyrir árið 2015 þann fjölda fólks sem þjáðist af hungri árið 1990. Var FAO falið að hafa umsjón með þessu verkefni og Alþjóðabankinn (World Bank) fenginn þar til aðstoðar.

Á hringborðsráðstefnu um fæðu-

öryggi í september 2011 lagði FAO fram fullmótað tölfræðilegt kerfi til að fylgjast með fæðuöryggi þjóða. Var þetta fyrst gangsett á ráðstefnunni „State of Food Insecurity in the World 2012“ og hefur verið í stöðugri þróun síðan.

Samkvæmt gagnasöfnun þessa kerfis voru 842 milljónir manna sagðar þjást af völdum hungurs í heiminum á árunum 2011–2013. Það er 17% færri einstaklingar en talið er að hafi þjást af fæðuskorti á árunum 1990–1992.

Samkvæmt gögnum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna þá þjást samt enn yfir 820 milljónir manna í heiminum vegna hungurs á árinu 2018, eða 10,8% mannkyns. Þá var mikill fjöldi fólks þar fyrir utan sem bjó við næringarskort af einhverjum toga. Nú er markmið FAO og Sameinuðu þjóðanna að enginn þurfi að þjást af hungri árið 2030. Ef einhver möguleiki á að vera að ná þessu markmiði, þá er nauðsynlegt að stórefla fæðuöryggi þjóða. Þar duga engin vettlingatök. Engar vísbendingar eru um að íslensk stjórnvöld ætli að feta þá slóð. Aðgerðir í innleiðingu á orkureglugerðum frá ESB vinna augljóslega á móti slíkum áformum SP.

## Hungur í mörgum heimshlutum

Þrátt fyrir að meðaltölin sýni að eitthvað hafi dregið úr hungri á heimsvísu frá 2005 til 2015, þá hefur ástandið verið að versna síðan. Er það nú orðið verra en 2005. Í Afríku er að finna hlutfalslega flest dæmi um næringarskort í heiminum samkvæmt gögnum Unicef, eða nærri 20%. Þá hefur hungur verið að aukast í Suður-Ameríku og í ríkjum við Karíbahaf þótt það sé enn undir 7%. Eins hefur verið stöðug aukning í tölu hungraðra í vesturhluta Asíu frá árinu 2010. Í dag er talið að á því svæði þjáist um 12% íbúanna af næringarskort.

Um 2 milljarðar af íbúum heimsins, eða 26,4%, berjast í dag ýmist við fæðuöryggi af einhverju tagi, en misalvarlegan fæðuskort samkvæmt fréttabréfi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Bent er á að versnandi efnahagsástand í samfélögum fólks sé bein ávisun á minna fæðuöryggi og lakari heilsu íbúanna.

Nýjasta dæmið um öfugþróun eru fréttir frá Harare í Simbabwe í erlendum miðlum þann 25. september síðastliðinn. Þar var greint frá því að íbúar Simbabwe hafi ekki horft upp á lakara ástand en nú í fæðuöryggismálum í fjölda ára. Yfir fimm milljónir manna eru þar í brýnni neyð vegna fæðuskorts og næstu uppskeru ekki að vænta fyrir en í apríl á næsta ári, samkvæmt upplýsingum frá World Food Program (WFP) sem er rekið á vegum Sameinuðu þjóðanna.

## Vaxandi hungur í Simbabwe

Eddie Rowe, yfirmaður hjálparstarfs WFP, segir að þörfin fyrir matvælaaðstoð í Simbabwe hafi lengst af verið bundin við dreifbýlið. Nú séu hins vegar um tveir milljónir manna í borgum landsins sem þurfi á neyðaraðstoð að halda.

„Við erum að tala um virkilega fátækt í borgunum, þar sem atvinnuleysi er mikið og það skilar sér aftur í fæðuskorti,“ segir Rowe.

Það er ekki bara mannfólkið í Simbabwe sem þjáist af hungri. Með sólarrafhlöðum þóttust menn hafa

himin höndum tekið árið 2016. Var orka sólarrafhláðanna notuð til að knýja vatnsdælur sem dældu upp grunnvatni til að vökva hveitiakra. Afleiðingin varð sú að yfirborðsvatn hvarf á stórum svæðum svo filar og aðrir grasbítar í suðvesturhluta Símbabve höfðu hvorki vatn né gróður til að nærast á og fóru að sækja inn í borgirnar í fæðuöflun.

#### Ýmiss konar óáran getur skjótt komið fæðuöryggislausum þjóðum í vanda

Fæðuöryggi skiptir höfuðmáli þegar ýmiss konar óáran er tekin með inn í afkomaútreikninga heimsins. Sjúkdómar, styrjaldir og náttúruhamfarir geta hæglega skorið á framleiðslu og aðflutningsleiðir matvæla. Þá geta sjálfsbjargar-möguleikar þjóða skipt öllu máli varðandi líf íbúanna. Þess vegna tala menn um nauðsyn þess að tryggja „fæðuöryggi“.

#### Fæðuöryggi er ekki það sama og matvælaöryggi

Þessu hugtaki, fæðuöryggi, er oft ruglað saman við „matvælaöryggi“ sem gengur út á að tryggja örugga og heilbrigða framleiðslu matvæla svo fólk skaðist ekki af neyslu þeirra. Matvælastofnun og Matis hafa einmitt komið mjög við sögu í slíku eftirliti á Íslandi og við að efla matvælaöryggið með ýmsum hætti.

#### Hurð skall nærri hælum varðandi fæðuöryggi Íslendinga haustið 2008

Sáralitlu munaði að Íslendingar yrðu þurfaþingir hvað fæðu varðar þegar efnahagshrunið skall á haustið 2008. Þá lokaðist fyrir allt gjaldeyrisflæði sem gerði innkaup á matvælu og öðrum nauðsynjum nánast útilokuð. Þá var sannarlega gott að hafa hér öflugan landbúnað og sjávarútveg.

#### Pólverjum og Færeyingum verður aldrei fullþakkaður vinargreiðinn

Þar var aðallega þrennt sem bjargaði þá þjóðinni, þ.e. öflug innlend framleiðsla á landbúnaðarafurðum, öflugar innlendir fiskveiðar og aðstoð sannra vinarþjóða. Þar var það einstakur velvilji Pólverja og Færeyinga til að lána okkur gjaldeyri án nokkurra skilyrða sem skipti sköpum. Þessar þjóðir reyndust okkur þá best þegar okkar helstu viðskiptaþjóðir neituðu okkur um aðstoð, nema kannski Rússar. Peningalegir hagsmunir lokuðu þá snarlega fyrir alla hjálp frá öðrum ríkjum heimsins.

Á þessum tíma skipti okkar eigin fæðuframléiðsla gríðarlegu máli varðandi það að ekki færi enn verr. Ef landbúnaður og fiskveiðar hefðu ekki verið eins öflugar greinar og raunin var, hefði örugglega farið mjög illa. Við höfðum einfaldlega ekki fjárhagslegt bolmagn til að kaupa næga fæðu handa þjóðinni erlendis frá og alls ekki án aðstoðar Færeyinga og Pólverja. Verður þessum þjóðum seint fullþakkað fyrir þann afar mikilvæga vinargreiða.

#### Sagan lýsir hörmungum þar sem baráttan um fæðu skipti sköpum

Við getum líka horft aðeins lengra aftur í tímann, eða til þess er 25 km gossprungi með 130 gígum opnaðist í eldgos þann 8. júní 1783 sem kallað er ýmist Lakagígagosið eða Skaftáreldar. Þetta gos stóð yfir til 7. febrúar árið 1784, en olli gríðarlegum hörmungum bæði hér á Íslandi og ekki síður úti í heimi. Það snerti heldur betur hugtakið fæðuöryggi.

Eitruð gasmóða (Laki haze) lagðist yfir austurhluta landsins ásamt ösku frá eldstöðvunum, þessi móða skreið líka yfir hafið til Evrópu og af henni er hugtakið „móðuharðindi“ dregið sem nefnt var á ensku „Mist Hardships“. Um



Vannæring og hungur er ekki bara eitthvað sem getur átt sér stað í útlöndum. Fjölmargir Íslendingar búa daglega við slíkan veruleika, ýmist vegna fátæktar og/eða sjúkdóma.

Mynd /Solt.net

8 milljónir tonna af vetnisflúoríði er talið hafa streymt út í andrúmsloftið og um 120 milljónir tonna af brennisteinsdíoxíði sem er þrefalt kaldasti sem mælst hefur í Norður-Ameríku og náðu áhrifin allt suður til Mexíkóflóa.

Á Íslandi er talið að um 80% sauðfjárstofnsins hafi drepist, 50% nautgripastofnsins og um 50% hrossastofnsins. Það olli síðan hungurdaða um 9.000 Íslendinga, eða um 20–25% þjóðarinnar og stór hluti Íslendinga fór á vergang. Þá voru það matarkistur Breiðafjarðar, við Ísafjarðardjúp og víðar á Vestfjörðum sem björguðu því sem bjargað varð. Ekki var þá hægt að treysta á að innflutningur matvæla gæti bjargað þjóðinni.

Leitt hefur verið líkum að því að Skaftáreldar hafi verið mannskæðasta eldgos á heimsvísu. Þeir öllu uppskerubresti víða í Evrópu sem olli mannfalli og innanlandsátökum og milliríkjaátökum. Gosmóðan hafði alvarleg áhrif á uppskeru allt suður til Afríku og jafnvel gætti áhrifanna á Indlandi vegna veikingar á monsoon-veðurkerfinu. Talið er að þetta ástand hafi dregið um sjötta hluta egypsku þjóðarinnar til dauða.

#### Orkumál eru líka hluti af fæðuöryggiskeðjunni

Raforkukostnaður er líka veigamikill þáttur í landbúnaði á Íslandi, eins og við mjólkurframleiðslu og sér í lagi við ylrækt í gróðurhúsum. Þetta er afar mikilvægt í allri umræðu um að tryggja fæðuöryggi Íslendinga. Það á líka við varðandi nýtingu raforku í stað olíu til að framleiða fiskimjöl.

Fréttir að undanförmu sýna að garðyrkjubændur á Íslandi eru að lenda í vandræðum vegna hækkunar á orkukostnaði. Bændur hafa af þessum sökum verið að draga úr sinni framleiðslu, þrátt fyrir að eftirspurn sé mikil meðal neytenda. Hátt orkuverð er að kæfa þeirra starfsemi.

Garðyrkjubændur hafa margtírekað bent á að innleiðing á evrópsku regluverki um orkumál hafi þegar og muni enn frekar auka kostnað við t.d. ylrækt í gróðurhúsum sem geri slíka framleiðslu með öllu ósamkeppnishæfa við innfluttar vörur. Vitandi vits samþykktu

þjóðunum (SP) þann 19. nóvember 1946. Áður hafði Ísland gerst aðili að fimm alþjóðastofnunum, sem síðar urðu sérstofnanir samtakanna: Matvæla- og landbúnaðarstofnuninni (FAO), Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF), Alþjóðabankanum (IBRD), Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og Alþjóðavinnuástandastofnuninni (ILO). Löngu áður hafði Ísland gerst aðili að Alþjóðapóstmálasambandinu (UPU).

Árið 1943 varð Ísland stofnaðili að Hjálpar- og endurreisnarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNRRA), en sú stofnun var lögð niður árið 1947.

Allsherjarþing SP samþykkti aðildarumsókn Íslands 9. nóvember 1946. Hinn 19. nóvember sama ár undirritaði Thor Thors sendiherra yfirlýsingu, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, um að Ísland samþykkti sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Árið 1947 var Thor Thors skipaður fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Ísland hefur þannig verið aðili að Sameinuðu þjóðunum frá stofnun.

Þá hafa íslenskir ráðamenn talið sér skylt að fylgja markmiðum Sameinuðu þjóðanna, m.a. í loftslagsmálum. Engar upplýsingar eru hins vegar fyrirleggjandi um að Ísland hafi hafnað að taka þátt í því markmiði að tryggja fæðuöryggi þjóða heims. Því hlýtur sú skylda að hvíla á ráðamönnum að leggja á borðið samræmda áætlun um hvernig slíkum markmiðum verði náð. Það verður örugglega ekki gert með því að þrautpína íslenska bændur með stöðugt hærra orkuverði og flæma þá úr starfi. Það verður heldur ekki gert með því að grafa undan sauðfjárrækt, nautgriparrækt, alifuglarækt og svínarækt með stóruaknum innflutningi.

Ef stjórnmálamenn meina eitthvað með veru Íslands í alþjóðasamtökum eins og Sameinuðu þjóðunum, verða menn líka að hafa í gangi áætlun sem tryggir m.a. öryggi þjóðarinnar varðandi aðgengi að fæðu. Ekki bara þegar allt leikur í lyndi, heldur ekki síður til að mæta öllum þeim óvæntu aðstæðum sem upp geta komið.

ORKUSTOFNUN

## Hefur þú kynnt þér Smávirkjanaverkefni Orkustofnunar?

- Smærri virkjanir geta verið lyftistöng fyrir bæði bændur og fleiri aðila
- Þær geta stuðlað að auknu orkuöryggi í landinu
- Geta verið svar við orkuskorti víða um land
- Geta tryggt vaxtarmöguleika í dreifðari byggðum landsins

Kynntu þér málið á vef Orkustofnunar:  
<https://orkustofnun.is/raforka/smavirkjanir/>

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is

Íslendingar fengu aðild að Sameinuðu

## Kæli- og frystiklefar allar stærðir og gerðir




Okkar þekking nýtist þér.

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa. Mikið úrval af hillum í kæla og frysta.



Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrulegum kælimiðlum.





Stór hluti af rekstri Ciderhuset er að taka á móti gestum sem eru áhugasamir um ávaxtaræktun staðarins.

Myndir / ehg

Ciderhuset í bænum Balestrand í Noregi:

# Þar snýst lífið um ávaxtaræktun og safagerð

Erla Hjördís  
Gunnarsdóttir  
ehg@bondi.is



Hjónin Áge Eitungjerde og Eli-Grete Høyvik eiga og reka ásamt syni sínum og tengdadóttur Ciderhuset í bænum Balestrand í Noregi. Þar framleiða þau um 300 þúsund lítra árlega af lífrænum eplasafa og eplasíder og hefur framleiðslan aukist jafnt og þétt frá því að þau hófu reksturinn árið 1999. Að auki reka þau sveitabúð á staðnum og veitingastað með svæðisbundnum vörum sem hefur fengið afar góða dóma.

Balestrand er í Sognafirði í Noregi og er svæðið áætlað að vera eitt af elstu ávaxtaræktunar-svæðum í Noregi með rætur allt aftur til ársins 1100. Í Sverrissögu er aldinsdagi í Vík í Sognafirði nefndur og í Björgynjar Kálfskinn er Æpplagard í Kvåle í Sogndal nefndur. Vörurnar frá Ciderhuset, sem markaðssettar eru sem Balholm, eru þekktar víða um Noreg og eru sjö starfsmenn hjá hjónunum við safu- og síderframleiðslu ásamt því að sinna veitingahúsi staðarins yfir sumartímann.

„Við létum pressa fyrir okkur fyrsta eplasafann árið 1996 því okkur fannst það svo sorglegt hversu mikið af eplum voru send í B-flokk til að gera blandaðan eplasafa úr fyrir stórverslanir. Það hlaut að vera hægt að gera eitthvað meira við þessa flottu ávexti sem annars enduðu á þennan veg. Síðan byrjuðum við að þróa okkur áfram með framleiðslu á eplavíni eða síder í kringum 2005 eftir að 80 ára framleiðslueinokun var aflétt og aftur var leyfilegt að framleiða síder og ávaxtavín. Fjórum árum síðar færðum við enn frekar út kvíarnar þegar við byrjuðum að eima ávaxtabrennivín.“ útskýrir Eli-Grete.

Pressa um 400 tonn árlega

Áge er á heimaslóðum en amma hans



Hjónin Áge Eitungjerde og Eli-Grete Høyvik eiga og reka ásamt syni sínum og tengdadóttur Ciderhuset í bænum Balestrand í Noregi, en þar framleiða þau um 300 þúsund lítra árlega af lífrænum eplasafa og eplasíder.



Ciderhuset í bænum Balestrand í Noregi.



Vöruúrvalið er fjölbreytt í sveitaversluninni hjá þeim hjónum en í dag framleiða þau 14 ólíkar tegundir af eplasafa og eplasíder.

og afi áttu sveitabæinn og plöntuðu fyrstu eplatrjánum árið 1922. Þau hjónin fluttu til Balestrand árið 1989 og tóku við sveitabænum.

„Í dag pressum við í kringum 400 tonn af eplum á ári sem verða um 300 þúsund lítrar. Um 85 prósent af því verður eplasafi en afgangurinn verður að síder. Meirihlutinn af eplunum sem við erum með hér eru sérstök síderepli sem notuð eru í síderinn. Þau koma upphaflega frá Normandi og Somerset. Við erum með í kringum þrjú þúsund tré, mest af þeim eru eplatré en einnig perutré, plómur og apríkósur sem við búum til sultu úr og seljum hér í sveitabúðinni okkar. Á milli eplatrjána ræktum við rabarbara og erum með í kringum 100 ólíkar tegundir af ávöxtum hér á bænum.“ segir Eli-Grete og bætir við:

„Ávextir og ber sem verða að safu eða er bætt við í safu kaupum við af öðrum ávaxta- og berjaframleiðendum í Sognafirði, eins og perur, hindber, kirsuber, bláber, stikkilsber og fleira. Þetta á aðallega við um borðepli, það er að segja venjuleg epli til átu.“



Það er ekki amalegt útsýnið út á Sognafjörðinn af veitingastaðnum í Ciderhuset.



Söguslóðir sídersins

„Þegar maður býr til síder eða eplavín eru það í raun sömu lögmál sem gilda eins og þegar maður býr til vín, það er einungis gerjað úr eplum í staðinn fyrir vínberjum. Ungur síder hefur stuttan gerjunartíma, eða um 1–2 vikur. Fullgerjaður síder þarf 1–3 mánuði. Vel þroskaður síder getur þurft 1–2 ár til að verða góður og tilbúinn. Af því að við getum ekki ræktað vínber svo norðarlega þá er eplasíder í grunninn hið norræna vín.“ útskýrir Áge og segir jafnframt:



Gamalt eplapressunartæki sómir sér vel sem skraut og hilla í Ciderhuset.

„Á norræna tímatalinu var gamli forn-síderinn kallaður bjór (á ensku beor) og var sennilega búinn til úr villieplum, berjum, mjáðjurt og örlitlu hunangi. Bjór á ekkert skylt við nútímabjór. Í Allvismál fjallar dvergurinn Allvis um ólíkar brugganir, ekki ólíkar tegundir af bjór. Bjór var drykkur Æsanna vegna þess að hunang var svo dýrt. Hreint hunangsvín var ekki notað fyrr en löngu seinna þegar hunangsflugnaræktun varð algeng. Í epíkinni um Sigurð Fáfnisbana gefur Brynhild minningardrykk til Sigurð sem er bæði kallaður bjór og mjöður.“



**Svæðisbundin matvæli og drykkir**

Þau hjónin eru sammála um að margt hafi breyst í viðhorfi gagnvart heimaframleiðslu bænda frá því að þau byrjuðu að markaðssetja sínar vörur. Möguleikar bænda séu mun meiri í dag en áður þar sem hægt sé að byggja undir grunnframleiðsluna.

„Fyrstu árin var enginn sem þekkti nýpressaðan hreinan eplasafa. Fólk var vant því að kaupa og drekka síaðan eplasafa í fernum. Margir veltu því fyrir sér hvort eitthvað væri að vörinni þegar það lá seti á botninum á flöskunum. Í dag er meira að segja á fínustu veitingahúsum borinn fram nýpressaður hreinn eplasafi sem fólk líkar vel svo það hafa orðið stórar breytingar til hins betra. Svæðisbundin matvæli og drykkir hafa fengið allt aðra stöðu í dag en áður,“ segir Áge og þegar talið berst að veitingastað þeirra hjóna útskýrir hann:

„Veitingastaðurinn er opinn dag-

Í vor keyptu þau hjónin þennan forlata skemmti- og hjólavagn frá Spáni sem margir hópar nýttu sér í sumar.

lega allt sumarið þar sem við bjóðum upp á kvöldverð frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst. Fyrir og eftir sumartímam framreiðum við hádegisverð hér. Hér í Ciderhuset erum við með síderveitingastað þar sem við bjóðum upp á 14 mismunandi tegundir af síder, eitthvað fyrir alla og alltaf eitthvað sem passar við ólíka rétti. Tengdadóttir okkar er frá Tyrklandi og hún hefur þróað eldhúsið hér sem er innblásið af matseld Miðjarðarhafsins og blandar því saman við hefðbundna norska rétti eins og reyktan lax og súrsíld. Við erum afar þakklát og ánægð með það að veitingastaðurinn hefur fengið góða dóma, til dæmis á Tripadvisor og á samfélagsmiðlum, og það hjálpar allt til við reksturinn, sem gerir okkur kleift að vera með 10 starfsmenn yfir sumartímam.“



**Náðu hámarksárangri með heildarlausn frá Líflandi**

Markmið okkar er að styðja bændur með markvissum og vísindalegum hætti í átt að hámarksárangri. Lífland býður upp á kjarnfóður fyrir öll tímabil á vaxtartíma nautkálfa.



**Kálfamúslí**

Kálfamúslí kemur kálfum fyrir til að éta kjarnfóður og hentar fyrstu 3 vikurnar, þar til kálfar hafa náð góðum tókum á áti.

**Alikálfaköggjar**

Alikálfaköggjar eru próteinríkir og lystugir köggjar fyrir ungválfar frá burði að 3ja mánaða aldri.

**Kálfapróttur**

Kálfapróttur er kjarnfóður sem hentar naut- og kvígukálfum frá 3ja mánaða aldri til vöðvauppbyggingar og þyngdaraukningar.

**Bolabætir**

Bolabætir er kjarnfóður til að gefa nautkálfum síðustu vikurnar fyrir slátrun. Bolabætir inniheldur m.a. 52% maís og er því mjög sterkju- og orkuríkur. Hátt hlutfall maís yfir undir betri fitusprengingu í kjöti. Bolabætir stuðlar að þyngdaraukningu nautkálfa á síðasta vaxtarskeiðinu.

Allar blöndurnar innihalda sérlegaða steinefna og vítamínblöndu ætlaða nautgripum í vexti.

Vinsamlega hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 540 1100 til að fá nánari upplýsingar

Sala og ráðgjöf | www.lifland.is | Reykjavík | Borgarnes | Akureyri | Blönduós | Hvalsöllur  
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | Lyngháls | Borgarbraut | Óseyri | Efstubraut | Ormsvöllur

**Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300**  
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi



**ERTU UPPLÝSTUR?**

Mikið úrval vandaðra hleðsluljosa frá Streamlight.



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ **BESTA**



**45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið**

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4%

á höfuðborgarsvæðinu

45,6%

á landsbyggðinni

29,5%

landsmanna lesa Bændablaðið

## ÖKUTÆKI &amp; ORKUSKIPTI

Vaxandi áhugi á gasknúnum bílum í Svíþjóð:

## Metfjöldi nýskráninga á metanbílum

Í ágúst voru meira en 1.000 nýir gasknúrir bílar skráðir í Svíþjóð samkvæmt nýlegri tölfraði frá Umferðargreiningunni. Það er mesti fjöldi skráðra metangasbíla á einum mánuði í Svíþjóð frá því byrjað var að birta tölfraði yfir nýskráða gasbíla árið 2006.


Fjöldi gasknúinna bíla í Svíþjóð hefur verið tiltölulega stöðugur undanfarnin ár, að því er greint var frá á heimasíðu Biogas Öst þann 10. september síðastliðinn. Fluttir hafa verið út álíka margir metangasbílar frá Svíþjóð og innflutningurinn nemur, eða um það bil 3.000–4.000 nýir bílar á hverju ári. Mikil eftirspurn er utan Svíþjóðar eftir gasknúnum bílum sem framleiddir eru í landinu, hefur það heldur dregið úr vextinum í Svíþjóð. Talið er að óvenjumikill fjöldi nýskráninga í ágúst stafi af auknum almennum áhuga á gasknúnum bifreiðum í kjölfar innleiðingar á nýja prófunarstaðlinum WLTP (World wide harmonized light-duty vehicle test procedure) fyrir ný ökutæki.

## Langar biðraðir með tilkomu WLTP

Síðan í september 2018 verður að prófa alla nýja bíla í Evrópu samkvæmt nýjum prófunarstaðli, eða „samræmdum heimsviðmiðunum við prófanir á létum ökutækjum“, sem er ný leið til að mæla efnalosun í útblæstri bíla með sprengihreyfla. Þetta hefur orsakað langar biðraðir á rannsóknarstofunum sem geta annast prófanir og gefið vottanir um hvort nýir bílar standast reglur. Í þessum mælingum hafa bensín- og dísilbílar oft forgang þar sem þeir eru enn ráðandi í bifreiðasölu. Fjöldi vinsælla gasknúinna bílgerða hafa nú verið samþykktar og hægt er að bjóða þær til sölu. Hefur það greinilega leitt til sprengingar í nýskráningum gasknúinna bifreiða.

## Mun ódýrari í rekstri

Fyrir utan að vera margfalt umhverfisvænni en dísilbílar, spillir ekki fyrir að gasknúrir bílar eru mun ódýrari í rekstri. Það gildir einnig fyrir slíka bíla á Íslandi og dæmi eru um að gasafylling á bíl sem dugur í akstur til Akureyrar kosti innan við helming þess sem kostar að aka sambærilegum dísilbíli.



Efri mynd; Volkswagen gasbíll. Neðri mynd; Audi A3 Sportback g-tron fyrir gas og bensín.

eldsneytis við brennslu. Það þýðir að breyta þarf stærstum hluta kerfisins við framleiðslu dísilbíla.

## Rafbílum fjölgaði einnig en voru þó aðeins 3% í ágúst

Af nýskráningum í ágúst voru 88 prósent dísil- eða bensínbifreiðar, en aðeins 3 prósent voru hreinir rafbílar. Þá voru 3 prósent bensínbílar og 5 prósent tengil-tvinnbílar. Þetta þýðir að þótt endurhlaðanlegum ökutækjum og gasknúnum bílum fjölgi mjög, eru samt nærri 9 af hverjum 10 nýjum bílum gerðarviðurkenndir fyrir bensín og dísil.

Verið er að framleiða auknið magn af lífdísil og lífbensín og nú þegar er mikill fjöldi bifreiða á sænskum vegum sem geta notað þær eldsneytistegundir. Með því að auka hlutfall ökutækja sem geta notað aðra endurnýjanlega valkosti eins og rafmagn, lífgas, etanól og vetni eykst möguleikinn á að skipta um eldsneyti í umferðinni.

„Við sjáum aukinn áhuga á gasknúnum bifreiðum bæði í einka-geiranum og opinberum geirum. Það er mikilvægt að vinna að því að halda uppi jákvæðri þróun þar sem allir endurnýjanlegir kostir eru mikilvægur hluti lausnarinnar við að skipta út bifreiðum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti,“ segir Björn Isaksson, verkefnisstjóri hjá BioDriv Öst.

Á heimasíðu Biogas Öst má finna bækling með upplýsingum um mikinn fjölda bíla sem brenna metangasi. Þar kemur m.a. fram að umhverfisáhrifin við að skipta yfir í gasknúna bíla sé veruleg. Þeir losi um 80% minna af koltvísýringi en bensín- og dísilknúrir bílar. /HK/



## Gasfordon 2019



Suzuki Ignis Gas/Bensín.

## Skráningar á lífdísilbílum dragast saman

Það sem stuðlar að auknum vinsældum metangasbíla er einnig talið líklegt til hækkingar verðs á dísilbílum sem falla undir HVO100 og hafa



Gasknúinn strætisvagn í Uppsala.



Mercedes Benz Econic NGT.



Scania Seria P.

verið ráðandi á markaðnum. Árið 2017 var orkugeta í nýjum dísilbílum sem framleiddir voru í Svíþjóð 5.333 GWst. Það var komið í 3.726 GWst árið 2018 og í 3.726 GWst á fyrri hluta ársins 2019. Á fyrri hluta þessa árs fóru nýjar dísilbifreiðar með

1.050 GWst orkugetu út í umferðina í Svíþjóð. Það eru allt bifreiðar sem eru með vélar sem notað geta bíodísil undir staðlinum HVO100.

Nýi WLTP mælingastaðallinn þýðir að auknar skyldur eru settar á framleiðendur véla varðandi nýtni

## Vísindamenn við Illinois-háskóla í Chicago í Bandaríkjunum:


## Segjast hafa leyst gátuna við að búa til „líþíum-koltvísýringsraflöður“

– Telja að slíkar raflöður hafi mun meiri þéttni og endist betur en núverandi líþíum-ion raflöður


Vísindamönnum við Illinois-háskóla í Chicago (UIC) virðist hafa tekist að búa til endurhlaðanlega líþíum-koltvísýringsraflöðu (lithium-CO<sub>2</sub>) sem eru með yfir sjö sinnum meiri orkuþéttni en líþíum-jóna-raflöður (lithium-ion batteries).

Nú segjast vísindamenn hafa fengið líþíum-koltvísýringsraflöður til að virka fullkomlega eftir endurhleðslu. Telja þeir sig hafa staðfest í tilraunum að slíkar raflöður hafi langan líftíma og hægt sé að endurhlaða þær með 500 milliamperstunda (mAh g-1) hleðslu oftar en 500 sinnum. Það þýðir um 10 ára endingu miðað við hleðslu einu sinni í viku og er sagt mun meiri ending en hægt sé að ná með líþíum-ion raflöðum sem nú eru m.a. notaðar í bíla.

Hefur grein um þetta m.a. verið birt í tímaritinu Advanced Materials og á heimasíðu Illinois-háskóla. Fræðilegir útreikningar vegna verkefnisins voru gerðir af



teymi doktors Larry Curtis hjá Argonne National-rannsóknarstofunni. Þá var verkefnið styrkt af orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna, skrifstofu orkunýtni og nýsköpunar í orkumálum og Vísindasjóði Bandaríkjanna (National Science Foundation)



Amin Salehi-Khojin, dósent við vél- og iðnverkfræðideild skólans,

segir að líþíum-koltvísýringsraflöður hafi verið taldar vænlegur orkugeymslukostur um langa hríð vegna þess að þau hafa orkuþéttleika sem er meira en sjö sinnum meiri en algengt er í lithium-ion raflöðum. Fram til þessa hafi vísindamönnum hins vegar ekki tekist að þróa koltvísýringsraflöður sem virki almennilega og séu endurhlaðanlegar.

Þekkt sé að þegar líþíum-koltvísýringsraflaða er notuð valdi efnahvörf umbreytingu í litíumkarbónat og kolefni. Litíumkarbónatíð endurvinnst meðan á hleðslu stendur, en kolefnið safnast bara upp, sem að lokum leiðir til þess að raflaðan hættir að virka.

Salehi-Khojin og samstarfsmenn hans notuðu nýtt efni í tilraunir með koldíoxíð-raflöðuna til að bæta endurvinnslu bæði litíumkarbónats og kolefnis við endurhleðslu. Til þess notuðu þeir, ef rétt er skilið, „MoS<sub>2</sub> nanoflögur í bakskaut



samhliða jónískum vökva úr dímetýlsúlfíoxíð raflausn“, hvað sem þá annars þýðir á mannamáli.

„Okkar einstaka samsetning hjálpar til við að gera fyrstu kolefnishlutlausu líþíum-koltvísýringsraflöðuna með miklu meiri skilvirki og lengri líftíma, en hægt er að ná í sambærilegum raflöðum. Það gerir það kleift að nota þessa tækni í háþrúð orkugeymslukerfi,“ sagði Salehi-Khojin. /HK/





**HVAMMSHÓLAR**

ROTPRÆR ÁN SITURLAGNA  
SITURTANKUR Í STAD SITURLAGNA  
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:  
HÓTEL  
HEILSÁRSHÚS  
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

**Allt fyrir matvælaíðnaðinn**

- Vacumpokar
- Umbúðir
- Glerkrukkur
- Kjötnet og garnir
- Vélar og tæki
- Krydd og hjálparefni
- Hnífar og stál
- Hlífðarfatnaður
- Einnota fatnaður

**NOKK**

Áratuga reynsla í sölu á kryddum, hjálparefnum, umbúðum og vélum  
NOKK ehf · Vikurhvarfi 5 · 203 Kópavogur · S: 533-5555 · [www.nokk.is](http://www.nokk.is)

**Bændablaðið** Næsta blað kemur út **24. október**

**Bílskúrs- og iðnaðarhurðir**



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

**VH HURÐIR**

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, [vagnar@vagnar.is](mailto:vagnar@vagnar.is), [vagnar.is](http://vagnar.is)

**EYJALIND Varahlutir í VOLVO**

- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

**LJÓSGJAFINN**

Það er gott að vera í sveitinni!

Við höfum áralanga reynslu af raflagnahönnun og rafverktöku í landbúnaðarbyggingum.

Meðal þeirrar þjónustu sem Ljósgefjafinn ehf. býður upp á er:

- Ráðgjöf varðandi raflagnir
- Hönnun raflagna
- Kostnaðaráætlanir
- Rafverktaka
- Lokaúttekt á rafkuvirkjum
- Viðhaldsþjónusta

Glerárgötu 32, 600 Akureyri | sími 460 7788 | [ljosgjafinn@ljosgjafinn.is](mailto:ljosgjafinn@ljosgjafinn.is) | [www.ljosgjafinn.is](http://www.ljosgjafinn.is)

**Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir**



- HUSQVARNA FS 400 LV**  
Sögunardýpt 16,5 sm
- HUSQVARNA K 770**  
Sögunardýpt 12,5 sm
- HUSQVARNA K 3600 MK II**  
Sögunardýpt 27 sm
- HUSQVARNA K 2500**  
Sögunardýpt 14,5 sm
- HUSQVARNA DM 230**
- HUSQVARNA**  
Steinsagarblöð og kjarnaborar

**MHG VERSLUN**

**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**

MHG Verslun ehf | Vikurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | [www.mhg.is](http://www.mhg.is)

Lækningar, töfrar og trú í sögulegu ljósi:

# Lífgrös og leyndir dómar

Vilmundur Hansen  
vilmundur@bondi.is



Lækningajurtir og saga lækninga eru viðfangsefni bókarinnar **Lífgrös og leyndir dómar** sem dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir þjóðfræðingur er að senda frá sér. Í bókinni er meðal annars fjallað um gamlar íslenskar lækningabækur og hvernig þekking á íslenskum lækningagrösum safnaðist saman, blandaðist um tíma hjátrú og göldrum, en varð um síðir að þeim grasalækningum og lyfjaiðnaði sem við þekkjum í dag.

Ólína hefur unnið að bókinni Lífgrös og leyndir dómar hátt í tvo áratugi með hléum en hún segir að síðastliðin fjögur ár hafi hún unnið að því að klára bókina, sem um þessar mundir er að koma í verslanir.

## Rætur lækniþekkingar

„Bókin fjallar um rætur þeirrar lækniþekkingar sem við höfum í dag. Ég rek þráðinn allt aftur að bókum Nílarfljóts á fornöld, kem svo við á Íslandi og sökkvi mér niður í elstu íslensku lækningahandritin sem rekja má aftur til 12. og 13. aldar. Þessi gömlu lækningahandrit bera samnorræn einkenni og hafa verið eignuð danska grasafraeðingnum, kanúkanum og lækningum Henrik Harpestræng. Þeirra á meðal eru íslensk handrit sem bera óneitanlega líkindi af ritum Harpestrængs og eru kölluð Harpestræng-handritin. Kenningin er sú að þau hafi borist til Íslands ýmist frá Danmörku eða Noregi,“ segir Ólína.

## Handrit frá Hrafni Sveinbjarnarsyni?


„Hins vegar tel ég að eitt þessara handrita megi hugsanlega rekja til

Hrafns Sveinbjarnasonar goða í Dýrfirðingagoðorði, lækni og samtímamanns Harpestræng á tólftu og þrettánda öld.

Harpestræng hafði sínar lækningar eins og aðrir Evrópumenn á sínum tíma frá Salerno-skólanum á Ítalíu. Bretar voru líka eins og aðrir undir áhrifum frá Salerno og ekki síst menntamenn í Canterbury. Hrafn kom þar við á ferðum sínum og gaf heilögum Tómasi Becket rostungstennur að gjöf auk þess sem hann gekk suður til Evrópu bæði til Spánnar og Ítalíu. Allar líkur eru á því að Hrafn hafi á ferðum sínum kynnt sér lækningar og að rekja megi lækninga- aðferðir hans til Háskólans Salerno á Ítalíu,“ segir Ólína.


Hún telur ekki ólíklegt að Hrafn hafi getað komist yfir lækningahandrit Harpestrængs og ef til vill bætt eða skrifað inn í sjálfur eigin þekkingu. „Að minnsta kosti er handritið sem ég vil eigna Hrafni upprunnið frá Geirróðareyri sem nú heitir Narfeyri á Snæfellsnesi og þar bjuggu ættmenn Hrafns. Þar bjó systir hans og þangað flúði sonur hans undan Þorvaldi Vatnsfirðingi. Lækningabókin sem um ræðir er afrituð þar árið 1387, eins og kemur fram í handritinu sjálfu, og ég tel vel líklegt að ritið sem bókin var skrifuð eftir hafi verið frá Hrafni komið.“

Ólína segir að bókina sé bysna „Harpestrængsleg“ og að jurtirnar sem nefndar eru í henni séu flestar erlendar en að það sé svo sem ekki



Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir þjóðfræðingur.

Mynd / HKr.



skrýtið því slíkt einkenni flest elstu lækningahandritin.

## Íslendingar fljóttir að skapa eigin þekkingargrunn

„Sjálfri hefur mér þótt gaman að skoða og sjá hvernig þekkingarsköpun breytist með tímanum og hvað Íslendingar voru fljóttir að búa til sinn eigin þekkingargrunn um villtar íslenskar plöntur.

Þetta sjáum við meðal annars í Grasnytjum séra Björns Halldórs-sonar í Sauðlauksdal, Búnaðarbálki Eggerts Ólafssonar og fleiri 17. og 18. aldar ritum.“

## Listi yfir innlendar og erlendar plöntur

Í bókinni Lífgrös og leyndir dómar er viðauki þar sem taldar eru upp allar íslenskar villtar plöntur sem koma við sögu í ritum frá 17. og 18. öld auk þess sem þar er listi yfir erlendar plöntur sem nefndar eru í íslenskum lækningahandritum.

## Blendin þekking bætist við

Ólína segir að til séu nokkur gömul íslensk lækningarit og að hún taki þau merkustu til umfjöllunar í bókinni. „Það elsta er í AM 655 4to – það er ekki nema átta blöð og gengur eins og rauður þráður í gegnum allar íslensku lækningabækurnar sem á eftir komu. Ég kalla það Gömlu gersemína. Handritið sem ég kalla „Hrafnabók“ er í AM 194 8vo. Dyflinnarhandritið svokallað er líka frægt og mjög áhugavert en það er varðveitt í Dublin þrátt fyrir að vera íslensk lækningabók. Þar í er lækningabók Þorleifs Björnssonar hirðstjóra.

Bækurnar ganga í ýmsum afskriftum í gegnum aldirnar. Smám saman bætist eitt og annað inn í þær og þegar kemur fram á 17. öld er efni þeirra orðið ansi blendið. Inn í afskriftirnar er bætt rúnum, galdrastöfum, særingum, bænum og ýmsu hjátrúartengdu

## Samkenndarkenningin



Thomas Bartholin, prófessor við Hafnarháskóla seint á sautjándu öld, var kominn af merki ætt lækna og vísindamanna og tileinkaði sér sjálfur ýmsar markverðar lækni- fræðilegar nýjungar á sinni tíð. Þekktastur er hann fyrir uppgötvanir sínar á eitlakerfi mannslíkamans.

Bartholin var þó barn síns tíma. Hann virðist hafa verið altekinn af samkenndar- og líkindafræðum og bæði stundaði og kenndi lækningar í þeim anda. Með samkenndar- kenningum skýrði hann það að tveir bræður sem bjuggu fjarri hvor öðrum veiktust samtímis af hlaupabólu. Hann taldi að ef rautt klæði væri lagt á hörund hlypi blóð út í hörundið. Líkt tengdist líku sjúklingum til lækningar.

Til að lækna froskþöddubit taldi hann ráðlegt að halda í lófa sér þurrkuðum froskþöddum. Nota skyldi beinamjöl úr sköflungi til að græða sérstaklega sár á fótleggjum, en beinamjöl úr höfuðskel til að græða sár á höfði. Þá skrifaði hann margt um flutning sjúkdóma (*transplantatio morborum*) úr mönnum í dauða hluti, dýr og menn. Í formála Vilmundar Jónssonar að Lækningabók Þorkels Arngrímssonar, *Curationes*, segir frá tiltektum Thomasar Bartholins við Hafnarháskóla. Gamall prófessor að nafni Thomas Fincke tók kveisu og gerðist uppbyggður. Spænskur hundur var lagður á kvíð honum. Ekki var seppi fyrr orðinn heitur en hann æddi á dýr og engdist spúandi – kveisa þess gamla hafði hlaupið í hundinn. „Vinnukona á heimilinu hafði tannverk og sami hundur var lagður við kinn henni. Svíaði þegar, en hundurinn hljóp ylfandi um stofuna, og hafði auðsjáanlega tekið tannverkin.“ Meðal annars ráðlagði hann yfirlestra til að auka verkun lyfja, til dæmis þetta vers:

*Sanguis mane in te, sicut Christus fecit in se.  
Sanguis mane in tua vena, sicut Christus in sua poena.  
Sanguis mane fixus, sicut Christus cum fuit crucifixus.*

Já, það gekk á ýmsu við Hafnarháskóla í þann tíð. Umhugsunarvert er að á sama tíma og aðferðir sem þessar voru iðkaðar og kenndar sem viðtekin fræði við norræna háskólastofnun var fólk brennt á báli fyrir rúnápár og lækningablöð sem lágu til grundvallar iðju af sama toga.

## Ólík nálgun á lækningar

Ólína segir að fólk hafi verið öðruvísi tengt við veruleika fyrir á öldum en í dag. „Það var litið til himintunglanna og notað dagaval til framkvæmda. Helstu lækningaúræðin voru blöð-



## Aðventusveifla í Salzburg & Tíról

1. - 8. desember

Fararstjóri: Þóra Björk Valsteinsdóttir

Við bjóðum upp á glæsilega adventuferð til Austurríkis og hefjum ferðina í borg barokksins, hinni stórkostlegu Salzburg. Borgin er einstök á adventunni og jólamarkaður hennar einn sá fallegasti í heimi. Virkisbærinn Kufstein í Tíról tekur því næst á móti okkur og minnir helst á myndskreytt ævintýri. Upplifðu allt það stórkostlega sem adventan í Austurríki hefur upp á að bjóða!

Verð: 199.900 kr. á mann í tvíbýli.

Mjög mikið innifalið!



Bókaðu núna á bændaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@bændaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

© 2019

# Lærðir og leiknir

[...] fram á átjándu öld eru skilin óljós milli lærðra og leikra, ekki aðeins á Íslandi heldur víðar í Evrópu. Þetta má til dæmis ráða af viðurnefninu „lærði“ sem Jón Guðmundsson bar, og raunar fleiri sjálfmenntaðir alþýðufræðimenn bæði fyrir og síðar. Hugmyndaheimur Jóns lærða studdist að verulegu leyti við forngrískar kenningar um eðli náttúrunnar og mannlíkamans (sjá 1. kafla). Þær kenningar höfðu lítt þróast fram að hans tíð. Ritheimildir sýna að vessakenningar Hippókratesar sem Galenos byggði inn í kenningakerfi sitt (meðal annars um heita og kalda sjúkdóma), náttúrufræði Pliniusar og grasfræði Dioscoridesar voru enn við lýði og mótuðu hugmyndir sjálfmenntaðra íslenskra fræðimanna seint á sautjándu öld. Þessi fræði blönduðust annars vegar saman við magískar hugmyndir um náttúrukrafta og kosmísk öfl, meðal annars áhrif himintungla á heiminn og lífið í honum – hins vegar heiðnar trúarleifar í bland við kristni, því ekki er ýkja mikill munur á því að spenna rúnir um líðu „og biðja dísir duga“ eins og segir í Sigurdrífumálum eða binda brot af Margrétar sögu um læri fæðandi konu [...]



vegna vandséð að lærðu fræðin hafi á þeim tíma verið á nokkurn hátt „lærðari“ eða lausari við hjátrú en það sem síðar var kennt við alþýðuvísindi og þjóðtrú. Þvert á móti má halda því fram að óvísindalegar aðferðir sem með tímanum voru eignaðar alþýðulækningum hafi einmitt átt rót sína að rekja til hugmyndafræði gömlu

lækningabókanna sem voru þeirra tíma vísindi, spröttin úr jarðvegi lærðustu rita og skóla í Evrópu. Samanburður á lækningaviðleitni Jóns lærða og samkenndar- og líkindafræðum Thomasar Bartholins við Hafnarháskóla sýnir hve óljós skilin voru milli töfra og vísinda. Samþykki yfirvalda og samfélags á lækniáðferðunum valt á því hvort einstaklingurinn sem bar þekkinguna fram og beitti henni var hluti af hinna samfélagslegu „þekkingarstofnun“ og þar með undirgefinn kennivaldinu. Þannig réðist það ekki síst af samfélagsstöðu annars vegar og hins vegar trúarlegri afstöðu (hvort sannkristið hugarfar bjó að baki lækningunum) hvort iðja manna taldist galdur eða fræði.

[--]Á miðöldum og fram á sextándu öld er ekki greinanlegur munur á alþýðulækningum og lærðum lækningum, enda þekkingarrótin ein og söm. Þegar þar er komið sögu hafa ráð hinna lærðu lækningarita þó gerst heldur þekkingarblendin. Bæna- og latínustagl, töfraformúlur, rúnaletur og torskildar þulur sveima þá innan um eldri fræði í lækningabókum og þess

tökur og grös en líka náttúrusteinar. Notkun þeirra var viðurkennd sem lækningaráð og talin fullsæmandi kristnum mönnum enda voru slíkir steinar til í fórum íslensku biskupstólanna.

Viðhorf til mannlíkamans og lækninga voru því allt önnur og mun heildrænni en síðar varð, sérstaklega eftir að kom fram á 20. öld þegar læknavísindin urðu sífellt sérhæfðari og tóku að tengjast þrengri sviðum.

Í kjölfar vísindabyltingarinnar á 20. öld og framrásar viðurkenndra lækninga samtímans átti sér stað mikil hugarfarsleg breyting gagnvart gömlu þekkingunni. Vísindahyggjan varð mjög frek til fjörsins og gerði kröfu til skilyrðislaus átrúnaðar á kostnað eldri aðferða og hugarfars sem viðgengist hafði um aldir. Á síðustu áratugum virðist þó hafa komið fram ákveðið afturhvarf til eldri viðhorfa gagnvart mannlíkamanum samfara kröfu um heildrænni nálgun og hugsun þegar kemur að lækningum.

Fortíðin hefur því vitjað okkar á ný og að mínu mati væri æskilegast að þessi tvö sjónarmið tækjust hönd

í hönd og ynnu saman. Í því væru miklir möguleikar fölgirnir,” segir

dr. Ólína Kjerúlff Þorvarðardóttir þjóðfræðingur að lokum.

## 45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFID ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4%

á höfuðborgarsvæðinu

45,6%

á landsbyggðinni

29,5%

landsmanna lesa Bændablaðið

**Bændablaðið** Hvar auglýsir þú?

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

# Nútíma músavarnir

HÁTÍÐNIFÆLUR



Söluastaðir

- Bústólpi
- Fóðurblandan
- Kaupfélag Borgfirðinga
- Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
- Verslunin Eyri
- Vélaval

**STREYMI**  
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.  
Goðanesi 4  
603 Akureyri

S 588 2544  
N streymi@streymi.is  
V www.streymi.is



**ÞÖKKUM FYRIR FRÁBÆRT SUMAR - SJÁUMST Á VERK OG VIT 2020**

**Plettac vinnupallar**  
- Protekt fallvarnarbúnaður  
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

**VINNUPALLAR EHF**

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

# Vertu klár fyrir veturinn Volkswagen atvinnubílar



[www.hekla.is/volkswagensalur](http://www.hekla.is/volkswagensalur)



Volkswagen Caddy  
1.2 TSI beinskiptur  
**Tilboðsverð 2.690.000 kr.**  
Verðlistaverð 2.990.000 kr.

Volkswagen Transporter  
2.0 TDI Beinskiptur  
**Tilboðsverð 4.390.000 kr.**  
Verðlistaverð 4.950.000 kr.



Atvinnubílar

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · BVA Egilsstöðum

\*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði. Sjá staðalbúnað á volkswagen.is.

Garðyrkjustöðin Sólbakki hefur lokið lífrænni aðlögun:

# Byggja upp vottað garðyrkjubýli í Hörgársveit

– byrja á gulrótum, síðan kartöflur og rófur

Sigurður Már Harðarson  
smh@bondi.is



Í undanförunum tölublöðum hefur verið fjallað um aðlögunarstyrki fyrir lífræna framleiðsluhætti sem Búnaðarstofa Matvælastofnunar úthlutar ár hvert. Mæðgurnar Nanna Stefánsdóttir og Sunna Hrafnisdóttir stýra garðyrkjuni á Ósi í Hörgársveit, en þær hafa tvisvar fengið úthlutað styrkjum til aðlögunar og hafa nýlega fengið sitt land vottað. Þær hafa einnig fyrst um sinn veðjað á ræktun lífrænt vottaðra gulróta – í það minnsta til að byrja með. Þær hafa lengi dreymt um að geta stundað lífræna ræktun á landi sínu og aðlögunarstyrkirnir hafa gert þeim það kleift.

Í síðasta blaði var sagt frá Elínborgu Erlu Ásgeirsdóttur sem keypti eyðijörðina Breiðargerði þar sem hún hefur hreiðrað um sig til framtíðar með lífræna útiræktun grænmetis – og einnig fyrst um sinn með gulrætur.

## Vandlega valin jörð til ræktunarinnar

„Við keyptum jörðina Ós í Hörgársveit haustið 2016. Við vorum búin að leita okkur að jörð í ákveðinni fjarlægð frá Akureyri í nokkur ár. Við vorum með viss skilyrði til ræktunar í huga eins og sólargang, ræktunarland og frosthættu en þessi staður hentaði vel. Hér er þó vindasamt þannig að við byrjuðum strax í skjólbeltarækt,“ segir skrúðgarðyrkjumeistari Nanna, sem býr á Ósi ásamt dóttur sinni, manni hennar, Andra Sigurjónssyni, og sonum þeirra, Breka og Emil.

„Ég hef unnið við garðyrkju í meira en 30 ár. Sunna útskrifaðist úr garðyrkjuskólanum vorið 2018 af lífrænni braut skólans. Við vorum búin að hugsa um þessa lífrænu ræktun í mörg ár og ég hef alltaf gengið með þennan draum í maganum. Til að mynda er til á heimilinu fyrsta reglubókin sem Tún gaf út. Ég hef mikla reynslu af margs konar ræktun og Sunna hefur lengi verið með mér í ýmiss konar garðyrkju,“ segir Nanna.

## Nýr heimur opnaðist í náminu í lífrænni ræktun

Sunna ákvað að drífa sig í garðyrkjuskólann eftir að hafa klárað háskólanám en hún fann sig ekki á þeirri braut. Hún segir að hún hafi fundið að garðyrkjan togaði sífellt meira í sig og þegar hún sá nám í lífrænni ræktun matjurta auglýsta lét hún slag standa og skelli sér í nám við skólann. „Námið tók tvö ár og þar opnaðist alveg nýr heimur, skólinn er algjörlega frábær staður. Þar höfðum við kennara sem hafa



Nanna og Andri á gulrótarákrinum.

er að það er erfitt að afla sér þekkingar eins og til dæmis á netinu. Eins sorglegt og það nú er, þá eru lífrænar bændur fáir á Íslandi og lítið til af rannsóknunum í greininni,“ segir Sunna.

„Við höfum nýtt tímann vel á meðan jörðin var í lífrænni aðlögun að byggja upp landið okkar og aðstöðu fyrir ræktunina. Það kemur sér vel að Andri er smiður og höfum við byggt mikið síðan við keyptum jörðina. Búið er að byggja 100 fm gróðurhús og einnig er búið að innrétta stóran bragga

sem mun nýtast undir grænmetisvinnsluna. Í bragganum verður pökkunar- og kaffiastada ásamnt vinnsluherbergi þar sem hægt verður að vinna áfram vörur eins og þær sem lenda í öðrum flokki.

## Komin lengra en ella vegna styrkjanna

Garðyrkjustöðin Sólbakki hefur lokið tveggja ára aðlögun og því forvitnilegt að vita hvernig umsóknar- og aðlögunarferlið hafi gengið fyrir



Myndir / úr einkasafni

sig – hvort því hafi til dæmis fylgt mikil skrifinnaska.

„Aðlögunarferlið er tvö ár og því fylgir töluverð skrifinnaska en ekkert sem við teljum vera mjög flókið,“ segir Sunna. „Við fáum reglulega úttektaraðila frá Tún sem tekur út okkar starfsemi og passar að við fylgjum settum reglum. Fremur strangt eftirlit er með lífrænum ræktendum en við teljum það vera af hinu góða og hægt er að treysta því að vörur sem eru vottaðar lífrænar séu ræktaðar eftir skilyrðum lífrænnar ræktunar.



Sunna Hrafnadóttir með nýjar gulrætur.

Við sóttum um lífrænan aðlögunarstyrk en þann styrk er hægt að sækja um á meðan aðlögun stendur yfir. Þessi styrkur breytti mjög miklu fyrir okkur og hefur gert það að verkum að við erum komin lengra af stað með okkar starfsemi en til stóð á þessum tímamarki,“ útskýrir hún.

#### Klárðu aðlögun í maí

„Við vorum alltaf með skýra stefnu um að fara í lífræna ræktun og sóttum því um að byrja í lífrænni aðlögun

fljótlega eftir að við keyptum og við klárðuðum tveggja ára aðlögunarferlið núna í maí. Við byrjuðum strax að undirbúa okkar land undir ræktunina, byrjuðum að plægja og sá höfrum sem við tættum niður árið eftir og nú í sumar fóru gulrætur í það land. Jarðvegurinn kom mjög vel út í ræktun í sumar. Við hugsum mörg ár fram í tímann með tilliti til þess að stunda skilvirka skiptirækt,“ segir Sunna.

Hún bendir á að það sé bæði fyrirhöfn og það kosti auk þess talsvert að koma sér upp góðum

lífrænum jarðvegi. „Lífræn ræktun er dýrari og tímafrekari en hefðbundin ræktun. Kostnaður vegna frækaupa og lífrænna áburðargjafa eru dýrari og töluverður kostnaður fer í vottunargjöld. Oftast þarf að hafa meira ræktunarland vegna mikillar skiptiræktunar til að tryggja frjósemi jarðvegsins. Mestur tími fer þó í illgresiseyðingu þegar engin eitrefni eru notuð. Við höfum fengið ómetanlega aðstoð frá vinum og vandamönnum í allri okkar vinnu.

Sumarið 2018 seldum við frá okkur smávegis af grænmeti, þá aðallega gulrótum, um 250 kíló. Nú í vor ákváðum við að stækka töluvert og sáðum gulrótum í tæpan

hektara. Núna í byrjun október er búið að taka upp um sex tonn en enn er mikið eftir. Við seljum okkar vörur undir vörumerkinu Gardyrkjústöðin Sólbakki og eru þær seldar í nokkrum Samkaupbúðum í Eyjafirði.

#### Mikil eftirspurn eftir lífrænt vottuðu grænmeti

Þær mæður segja að þær horfi fram á að geta unnið eingöngu við grænmetisræktunina í framtíðinni. „Við höfum rekið skrudgardyrkjufyrirtæki á Akureyri í 10 ár og höfum unnið við það meðfram grænmetisræktuninni alveg þangað til núna í lok sumars. Við

stefnum á að geta skapað okkur nægar tekjur til að geta unnið alfarið við grænmetisræktunina, alla vega við mæðgur,“ segir Sunna. „Við ætlum að nýta gróðurhúsið okkar betur og forrækta í því í vor og fjölga tegundum. Við ætlum einnig að rækta í smáum skala, kartöflur og rófur úti.

Við höfum fengið gríðarlega góð viðbrögð við gulrótunum okkar sem er virkilega skemmtilegt. Við erum spenntar að halda áfram að framleiða gæðavörur og við finnum fyrir því að viðhorf neytenda er að breytast. Fólk hugsar sífellt meira um hvernig vörur eru framleiddar og mikil eftirspurn er eftir íslensku lífrænt vottuðu grænmeti.“

## VÍKURVAGNAR EHF.

### MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA




RAFMAGNSBÚNAÐUR  
BREMSUR  
BEISLI  
DEKK  
LJÓS  
LED LJÓS




**STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI**

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík  
Sími 577-1090 – [www.vikurvagnar.is](http://www.vikurvagnar.is) – [sala@vikurvagnar.is](mailto:sala@vikurvagnar.is)



## Lágprýsti þvotta- og hreinlætiskerfi sem veitir einstakt öryggi í matvælaíðnaði og landbúnaði



Óskum Steiná 2 í Svartárdal til hamingju með kvoðukerfið frá System Cleaners

**SYSTEM CLEANERS®**



**IÐNVER**

IÐNVER · Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík · Sími 517-2220 · [idnver@idnver.is](mailto:idnver@idnver.is)



Íslenskir matreiðslumeistarar að störfum við veisluborð hlaðið japönskum réttum þar sem áherslan var lögð á íslenska lambakjöti.

Myndir / Sendiráð Japans

Japanskur matreiðslumeistari leiðbeindi Íslendingum um japanskar hefðir í notkun á lambakjöti:

# Þangsoð og japanskt lambakarri

— Það má heimfæra ýmislegt í matarmenningu Japana upp á íslenska eldhúsið

Á dögnum stóð Hótel- og matvæðaskólinn í Kópavogi fyrir nýstárlegum viðburði í samvinnu við sendiráð Japans á Íslandi, þegar nemendur á sérstöku námskeiði við skólann voru kynntir fyrir nokkrum grundvallarþáttum í japanskri matargerð – með sérstaka áherslu á lambakjöt sem hráefni.

Icelandic Lamb lagði til íslenskt lambakjöt og svo fór japanski matreiðslumeistarinn Giichi Takasawa, sem starfar sem matreiðslumeistari japanska sendiráðsins, í gegnum nokkrar útfærslur sem Japanir fara í sinni matreiðslu með notkun lambakjöts sem hráefnis.

Að sögn Tomoko Daimaru, sem starfar hjá japanska sendiráðinu, var um tveggja daga námskeið að ræða; á fyrri deginum var nemendum skólans kennt en á þeim seinni var opið fyrir gesti. Námskeiðið var bæði í fyrirlestraformi – þar sem farið var til dæmis yfir matarhefðir Japana – og svo fólst hluti þess í verklegri kennslu líka. Meðal annars var bragðfyrirbærið „umami“ útskýrt, sem er eitt mikilvægasta bragðeinkenni japanskrar matargerðar og má til dæmis finna í ríku mæli í soði hvers konar, núðlusúpum og sojasósu.

## Súpusoð með þangi og þurrkuðum fiskflögum

Daimaru segir að verklega námskeiðið hafi þannig meðal



Japanski matreiðslumeistarinn Giichi Takasawa, sem starfar sem matreiðslumeistari japanska sendiráðsins, leiðbeindi íslensku áhugafólki meðal annars um notkun á lambakjöti sem hráefni.

annars falist í því að gera „dashi“, sem er súpusoð sem soðið er niður með þangi og þurrkuðum flögum af

bonito-fiski (makrílættar). Þá sýndi hann til að mynda hvernig matreiða á japansk-ættaðan lambakarri, engifer-lambarétt og rétt sem heitir Chawanmushi og er krembúðingur með gufusóðnum eggjum. Þegar kennslu var lokið var afraksturinn borðaður.

Giichi Takasawa lagði áherslu á í sínum leiðbeiningum að nemendurnir geti lagað íslenskt hráefni að japanska eldhúsinu og þess vegna voru áður nefndir lambakjötsréttir valdir. Daimaru þakkar framlag Icelandic Lamb og segir að Íslendingar geti heimfært



ýmislegt í matarmenningu Japana til Íslands.

Lambakjöt er að sögn Daimaru mjög algengt hráefni í matargerð á tilteknum svæðum í Japan, til að mynda á eyjunni Hokkaido, sem er nyrsta eyjan af stærstu eyjum Japans. Hún segir íslenska lambið sérstakt að gæðum og eigi mikla möguleika á japönskum mörkuðum. Hún segir áhuga hjá japanska sendiráðinu á því að aðstoða við að glæða áhuga fleiri Japana á kjötinu. /smh



**Bændablaðið**  
Kemur næst út  
**24. október**



Á myndinni eru, talið frá vinstri, Sigríður Jóna Hannesdóttir verkefnastjóri, Sigurður Sævar Gunnarsson framkvæmdastjóri og Sunna Jökulsdóttir, þróunar- og gæðastjóri Ístex.

Ullarvinnslan Ístex í Mosfellsbæ:

## Þróar mýkra ullarband, ullareinangrun og litun

Ístex hf. hefur verið að þróa sig áfram í nýjum vörum undanfarið, með það fyrir stefni að nýta íslensku ullina sem best. Þetta hafa verið mörg skemmtileg verkefni sem margir hafa komið að, að sögn Sunnu Jökulsdóttur, þróunar- og gæðastjóra Ístex.

Meðal verkefna er mýkra lambsullarband sem unnið er í samstarfi með Glófa. Annað verkefni er ullareinangrun í fatnað, þar sem sérstök áhersla er lögð á þvotteldni og slitþol. Þá er eitt af stærstu þróunarverkefnum um liti og umhverfismál. Viðskiptavinir hafa verið að kalla eftir umhverfsvænni litum. Ístex hefur lagt í talsverða fjárfestingu að yta því áfram. Meðal annars er unnið að OEKO TEX 100 vottun fyrir ullina.

Að sögn Sigurðar Sævars Gunnarssonar framkvæmdastjóra þá hefur Sigríður Jóna Hannesdóttir verið ráðin til starfa sem verkefnastjóri til þess að yta þessum tækifærum úr vör bæði hérlendis og erlendis.

Sigríður Jóna segist vera að leggja lokahönd á að setja á markað íslenska ullarsæng. Sængin er fyllt með 100% mislitri íslenskrí ull sem búið er að þvo sérstaklega, kemma í fín lög og hólka niður.

Þannig að hún er þvotteldin á 40° ullarþrógrammi. Sængin andar mjög vel og er einstaklega létt.

Það sem er svo skemmtilegt við íslensku ullina er að hún er bæði góð fyrir heit sumur og kalda vetur. Til að byrja með er búið að hanna tvenns konar gerðir af sængum, annars vegar heilsársæng, og hins vegar vetrarsæng. Heilsársængin er góð allan ársins hring en vetrarsæng er hins vegar með meiri ull, og því hlýrri og hentar vel fyrir einstaklinga sem eru kuldaskræfur.

Að sögn Sigríðar er hún sjálf með vetrarsæng og er hæst ánægð með hana. Sængurnar hjá Ístex er tilvaldar fyrir einstaklinga sem kjósa að nota vörur með náttúrulegum efnum eða eru viðkvæmir fyrir kemískum efnum.

Sigríður Jóna segir að mörgu að huga og þau séu stolt að þróa þessa nýju vörulínu. Eitt sem þau eru núna að þróa eru koddar með íslenskrí ull. Stefnan er að koddarnir verði í boði fyrir jólin, þannig að það verður auðvelt fyrir Íslendinga að kaupa jólagjafir í ár, hvort sem það er sæng eða kodd.

Hægt er að kaupa sængina á heimasíðunni [www.lopidraumur.is](http://www.lopidraumur.is) og stefnt er að því að bjóða upp á fría heimsendingu um allt land.

## NÁMSKEIÐ FYRIR MATREIÐSLUMENN OG BAKARA



## Hvít og blámygluostar

Á námskeiðinu er fjallað um grunnatriði ostagerðar og kenndar aðferðir við vinnslu á hvít- og blámyglu ostum. Veitt er innsýn í smásæjan heim gerla og hvata, nýtingu þeirra í framleiðslu, hvað ber að forðast og hvað skal kalla fram. Rætt er um tæki, tól og aðstöðu sem þarf til ostagerðar. Þátttakendur framleiða ost sem þeir taka með heim og fóstara þar til hann er tilbúinn til neyslu.

<b>Staðsetning:</b>	Hótel- og matvæskólinn.
<b>Tími:</b>	Laugardaginn 26. október frá kl. 09:00 - 14:00 og sunnudaginn 27. október frá kl. 09:00 - 12:00.
<b>Fullt verð:</b>	18.900 kr.
<b>Verð til aðila ÍÐUNNAR:</b>	7.000 kr.



## Fastir og hálffastir ostar

Á námskeiðinu eru að kynntir fastir- og hálffastir ostar og kenndar aðferðir við vinnslu þeirra. Veitt er innsýn í smásæjan heim gerla og hvata, samspil þeirra og nýtingu í ostagerðinni. Rætt er um tæki, tól og aðstöðu sem þarf til ostagerðar. Þátttakendur framleiða ost sem þeir taka með heim og fóstara þar til hann er tilbúinn til neyslu.

<b>Staðsetning:</b>	Hótel- og matvæskólinn.
<b>Tími:</b>	Föstudaginn 22. nóvember frá kl. 13:00 - 18:00 og laugardaginn 23. nóvember frá kl. 09:00 - 12:00.
<b>Fullt verð:</b>	18.900 kr.
<b>Verð til aðila ÍÐUNNAR:</b>	7.000 kr.

Nánari upplýsingar og skráning á [idan.is](http://idan.is) og í síma 590 6400.



**ÍÐAN**  
fræðslusetur  
[www.idan.is](http://www.idan.is)



### Tokvam fjölplógar

VT280, VT320, VT380  
Vinnslubreiddir frá:  
232 til 380 cm. Sterkir  
plógar fáanlegir með  
flotgrind fyrir mikinn  
hraða.



### Tokvam U-plógar

UT400, UT430, UT460, UT 490.  
Hægt að skekkja til hliðar, fram  
sem safntönn og aftur.  
Vinnslubreiddir: 232 til 490 cm.

## Styrkur og gæði frá Tokvam í Noregi

### Tokvam snjóblásarar

F130-F220 og 220-260 THS  
Vinnslubreiddir frá 130-  
275cm  
Sterkir snjóblásarar fyrir  
dráttarvélar frá 25 til 300  
hestöfl!











## Indónesía: Dýrt að skoða drekaeðlur

Yfirvöld í Indónesíu hafa ákveðið að rukka hvern þann sem vill ferðast til Komodoeyjar og skoða drekaeðlur um rúmar 62 þúsund krónur. Hátt verð er meðal annars sett upp til að draga að ríka ferðamenn og draga úr fjölda ferðamanna til eyjarinnar.

Yfirvöld í Indónesíu hafa hætt við að loka fyrir aðgang ferðamanna á Komodo-eyju, sem er eitt af síðustu vígjum komodo-dreka í heimi en á íslensku kallast dýrið drekaeðla. Samkvæmt því sem umhverfisráðherra Indónesíu segir þá ógna ferðamenn ekki afkomu eyjanna.

Fyrir á þessu ári lýstu stjórnvöld í Indónesíu því yfir að ágangur ferðamanna væri farinn að hafa slæm áhrif og jafnvel ógna afkomu drekaeðlna á Komodo-eyju, sem er vinsæll áfangastaður þeirra sem vilja berja þessa tilkomumiklu og fornu skepnu augum. Drekaeðlan er stærsta eðlutegund í heimi og getur náð þriggja metra lengd og vegið um 70 kíló. Talið er að eftirlifandi fjöldi drekaeðlna í heiminum sé um 5.700.

Fyrir nokkrum árum tóku drekaeðlur á eyjunni upp á því að ráðast á nærgöngula ferðamenn en tennur eðlnanna eru bæði stórar og beittar. Einnig segir að bit skepunnar sé



Ekki fyrir fátæka.

eitrað og það eitt að vera bráð-drepandi. Til stóð að loka hluta eyjunnar fyrir aðgangi ferðamanna í óákveðinn tíma frá og með næstu áramótum.

### Hætt við að loka

Í nýrri yfirlýsingu stjórnvalda segir að afkomu dýranna sé ekki ógnað af ferðamönnum og að fjöldi dreka hafi haldist óbreyttur undanfarin ár þrátt fyrir mikinn fjölda ferðamanna til eyjanna.

Samkvæmt opinberum skýrslu er

fjöldi drekaeðlna á eyjunni 1727 en eyjan er á Heimsminjaskrá Unesco.

Í yfirlýsingu um að hætt yrði við að loka fyrir aðgang ferðamanna að eyjunni segir að árið 2018 hefðu ríflega 176 þúsund ferðamenn heimsótt eyjuna til að sjá drekaeðluna í sínum náttúrulegu heimkynnum. Auk þess segir að hér eftir þurfi hver og einn sem vill sjá drekaeðlurnar á eyjunni þurfa að fá sérstakt leyfi og að leyfið komi til með að kosta 500 bandaríkjadali, eða rúmar 62 þúsund íslenskar krónur á mann.

NVH



### Þarftu að skreppa í bæinn?

Mjög falleg og notaleg þriggja herbergja fullbúin íbúð í hjarta Hafnarfjarðar. Íbúðin sem er fullbúin húsgögnum er með svefnpláss fyrir allt að sex manns.

Allar upplýsingar inn á [booking.com/Hafnarfjörður](http://booking.com/Hafnarfjörður) og nafn íbúðar Pond apartment eða í s. 695-1095, Gyða - [pond.apartment@gmail.com](mailto:pond.apartment@gmail.com)



Ruddasláttuvélar, gröfubakkó, smágröfur, stauraborar og fl. landbúnaðartæki, ásamt bátum og búnaði.


Svansson ehf, netverslun í 13 ár.

Gæði á góðu verði.

Sendið okkur verðfyrirspurn á [sala@svansson.is](mailto:sala@svansson.is)

Sími : 697-4900

Við erum líka á Facebook.




## FJÓSAINNRETTINGAR



DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.

Innréttingararnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Hafðu samband:  
[bondi@byko.is](mailto:bondi@byko.is)



# RAFÓS ehf

## rafverktakar

Freyjunesi 10, 603 Akureyri

Sími: 777 1802

Email: [rafos@rafos.is](mailto:rafos@rafos.is)

Erum einnig á facebook

Tökum að okkur öll verkefni sem við kemur raflögnum, hvort sem er viðhald, viðbætur eða nýlagnir fyrir fyrirtæki, iðnað eða almennan notanda.

Rafós er löggiltur rafverktaki með reynslu í óháðri ráðgjöf og uppsetningu hleðslustöðva. Setjum upp allar gerðir hleðslustöðva fyrir einstaklinga, sameignir og fyrirtæki.

Ef búnaður er ekki fyrir hendi, þá veitum við ráðgjöf við val á búnaði miðað við þarfir.



[byko.is](http://byko.is)

**BYKO**  
GERUM PETTA SAMAN

## HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Ígulber eru upprunnin á Malasíuskaga og hafa verið í ræktun í Suðaustur-Asíu og Indlandi í margar aldir.

# Ígulber eru af sápuberjaætt

Vilmundur Hansen  
vilmundur@bondi.is



Við fyrstu sýn er ekki laust við að rambutan aldin líkist ígulkeri og af þeim líkindum er íslenska heitið ígulber dregið. Aldinið er alsett fálmurum og fremur fáséð í verslunum hér á landi en sést annað slagið. Utan um fræið vex eins konar líknarbelgur sem í daglegu tali kallast aldin.

Áætluð heimsframleiðsla á ígulberjum árið 2017 er tæp 1,4 milljón. Indónesía var stærsti framleiðandinn það ár með um 588 þúsund tonn og Taíland er í öðru sæti með um 345 milljón tonn. Þar á eftir komu Víetnam með framleiðslu upp á rúm 261 þúsund tonn, Malasía og Filippseyjar með 63 og tæp 8 þúsund tonn árið 2017. Auk þess sem aldinið er ræktað í hitabelti Afríku, suðuhluta Mexíkó og hitabeltislöndum Suður-Ameríku.

Langmest af aldinu er neytt innanlands í framleiðsluríkjunum en Taíland er stærsti útflytjandi ígulberja í heiminum og er útflutningur þaðan tæp 100 þúsund tonn á ári. Mestur er útflutningurinn til landa í Asíu auk þess sem eitthvað er flutt til Evrópu.

Þrátt fyrir að ígulber sjáist annað slagið í verslunum hér á landi fundust engar tölur um innflutning þeirra á vef Hagstofu Íslands.

*Ættkvíslin Nephelium og tegundin lappaceum*

Um 25 tegundir sígrænna dulfrævinga tilheyra ættkvíslinni Nephelium sem er af sápuberjaætt og allar eru þær



Blómin eru gulhvít og smá, 2,5 til 5 millimetrar í þvermál, stilklaus og án krónublaða og til eru blóm sem bera frævla eða frævur og bæði og því til blóm sem eru einkynja eða tvíkynja.



Után um fræið er mjúkur hjúpur eða marglaga himna sem í daglegu tali er kölluð aldin. Um er að ræða fræhjúp eða eins konar mjúkan líknarbelg innan í hnattlaga aldinlíki.

upprunnar í hitabelti Suðaustur-Asíu. Laufið er samsett úr mörgum



Ígulberjatré eru sígræn og yfirleitt einstofna og beinvaxin, 15 til 25 metrar að hæð og getur stofninn orðið 60 sentimetrar í þvermál en eru yfirleitt lágvaxnari, 3 til 5 metrar, í ræktun.

einstofna og beinvaxin, 15 til 25 metrar að hæð og getur stofninn orðið 60 sentimetrar að þvermál en lágvaxnari, 3 til 5 metrar, í ræktun. Trén eru með trefjarót og víða krónu. Blöðin samsett úr 3 til 15 smáblöðum, 7 til 30 sentimetrar að lengd og 2 til 11 sentimetrar að lengd og með rauðleitum blæ. Laufblöðin eru hærð á meðan þau eru ung, öfugeggla, leðurkennd viðkomu, gulgræn eða dökkgræn.

Blómin eru gulhvít og smá, 2,5 til 5 millimetrar í þvermáli, stilklaus og án krónublaða og til eru blóm sem bera frævla eða frævur og bæði og því til blóm sem eru einkynja eða tvíkynja. Blómin gefa frá sér daufan en sæta angan sem laðar að margs konar skordýr sem bera frjókorn milli blómanna sem eru sjaldnast sjálfrjóvgandi. Aldinþroski eftir frjóvgun er fimm til sex mánuðir.

Után um fræið er mjúkur hjúpur

smáblöðum og berin æt steinaldin. Algengasta tegundin í ræktun er N. lappaceum.

Ígulberjatré eru sígræn og yfirleitt



# Fróðleikspyrstir skógarbændur í Jótlandsferð

Um mánaðamótin síðustu lögðu 36 skógarbændur land undir fót og ferðudust til Jótlands í Danmörku. Ferðin var yfir fjóra sólríka daga og var ferðast og fræðst um skógrækt á Jótlandi vítt og breitt.

Íslenski hópurinn lenti að kvöldi 23. ágúst í Billund með góða „kolefnissamvisku“. Einhver hafði reiknað það út að einungis þyrfti hver og einn ferðalangur að hafa gróðursett 4 tré í sumar til að kolefnisjafna alla ferðina. Frá Billund var keyrt til Skive, en náttstaður ferðarinnar var allar nætur á Standhótelinu þar.

## Jótland

Jótland var ekki fyrir mjög mörgum áratugum í svipuðum sporum og Ísland. Vindarnir úr vestri blésu harðir og kaldir látlautst yfir harðbýlt landið. „Heiðarnar á Jótlandi“ er hugtak sem margir þekkja en áður fyrr var þar lítill skógur og lítil byggð, ólíkt því sem þekktist á eyjunum Fjóni og Sjálandi. Kotbændur Jótlands tóku sig á og ræktuðu skjólbelti í gríð og erg, um allar strendur og alla grundu. Sagan er vissulega lengri en þetta samstarf fyrr á tíð skilaði því að nú, um rúmri öld síðar, er búsaðarlegt um allt Jótland að líta og fjölbreyttur landbúnaður þrífst vel.

## Dagur 1: Jólin koma

Christen Nørgård vinnur hjá Hede Danmark og var leiðsögumaður í ferðinni. Hann er öllum hnútum kunnugur um skóga Jótlands og það fengu ferðalangar svo sannarlega að kynna. Auk þess skildi hann nokkuð í íslensku en gestgjafar töluðu alla jafna dönsku, að beiðni Íslendinganna. Stundum þótti danskan erfið og þá brá Jóhanna Sigurðardóttir sér í hlutverk túlks og þýddi hún allt sem fór fram, veldig godt, reyndar alla ferðina.

Skive sveitarfélagið hefur mikinn metnað fyrir fallegu, heilnæmu og náttúrulegu umhverfi. Við skoðuðum dæmi af skógarfurugróðursetningu á hálfum hektara. Í jafri svæðisins er lagt kapp á falleg lauftré og runnagróður, þar sem allt er morandi í blómum og berjum. Þetta er fyrir íbúa að njóta og nýta, eftir þörfum. Einnig mun reiturinn laða að villt dýr, bæði fugla og ferfætlinga.

Nærri bænum Herning hittum við hjú sem höfðu verið bændur í yfir hálfa öld. Áður voru þau með mjólkurbú en nú er lögð mest stund á skógrækt. Jörðin er 60 hektarar. Flestar jarðir í kring eru töluvert stærri og hafa megin lífibraud sitt af kartöflurækt eða álfka. Á bænum bar fyrir augum stór haugur af trjám sem höfðu verið felld fyrir ári síðan. Bóndinn sagði að þessi tré væru meira og minna ónýtt til gagnviðar eftir stormfall og hefðu því verið dregin úr skóginum til að kurla í brenni fyrir sveitarfélagið. Áður en langt um líður mun stór kurlari, leigður út frá Hede Danmark, koma og kurla hauginn. Smærri trén kurla þau sjálf og nýta til að kynda sín eigin húsakynni.

Lokaheimsókn þessa dags var hjá bónda sem hefur áratuga reynslu af jólatrjárækt. Það var þó ekki fyrir en hann komst á eftirlaun að hann gat sinnt þessu áhugamáli sínu af fullum krafti. Hann ræktar mestmegnis Normansþin og lítillræði af glæsipín og rauðgreni. Jörðin er alsett fallegum skjólbeltum og ýmiss konar skógarlundum. Það er að mörgu að hyggja þegar kemur að ræktun jólatrjáa ef þau eiga að falla í hæsta verðflokk. Trén þurfa að vera með staðlað vaxtarlag. Til þess að ná því þarf að beita klippum, hormónum og jafnvel eitri. Það þarf að huga að jarðvegsgerð og endurnýjun hans, passa illgresi og plágur og allt eftir kúnstarinnar reglum. Þetta finnst bóndanum greinilega mjög



Blandskógur þar sem uppistaðan er lerki og ösp.

Mynd / HGS



Barkarbjallan er erfið við að etja. Hér segir Jens Peter Clausen skógarvörður frá.



Greinarhöfundur við fyrsta farm af glæsipínkönglum.

skemmtileg iðja og fyrir vikið fær hann mikla hreyfingu og útiveru. Uppskerutími er vanalega 5 ár og til að fá uppskeru árlega ræktar hann í nokkrum hölfum sem eru ýmist í ræktun eða í hvíld.

## Dagur 2: Hringrás skóga

Í Feldsborg er merkilegur skógur í

eigu hins opinbera. Þar fór Jens Peter Clausen skógarvörður með okkur á söguslóðir skógræktar. Fyrir um tveimur öldum var allt kapp lagt á að rækta eik og notuðust menn við sáningu. Þegar þeir fóru að nota berrótaplöntur í hestdregin plögför var sáningu alfarið hætt. Í dag, og síðustu áratugi, hefur kerfi skógræktar einkum verið á forni




Fáar skógarhöggsvélar af þessari stærð eru í mikilli notkun í Danmörku. Þessi Ponse vél er í eigu Hede Danmark og er einkum nýtt í stórverkefni.

Mynd / CN



Sören hjá Hjörthede gróðrarstöðinni, Christen fararstjóri og Jóhanna þýðandi skoða berróta greni.

Mynd / MJ



Það er gaman að rækta jólatré, en það krefst mikillar vinnu. Hér er verið að bera hormón á toppana til að trén verði sem formfegurst.

Mynd / MJ

grisjað lítið og hraustlegum trjám gefið meira vaxtarými bæði vegna faraldra ýmiss konar og ofsavæðra. Stormar og þurrkar eru orðnir mun algengari en var hér fyrr á öldum. Þá eru gjarnan gróðursettar trjátegundir eins og eik, beyki og þinur undir skerm stórra trjáa og loks þegar ungu trén eru orðin hærri en 5 metrar er oftast lítið eftir af þeim trjám sem stóðu þar áður. Það má því segja að hvert inngríp í skógin stýður bæði við uppskeru og nýræktun.

Eftir hádegi fórum við á veiðilendur vestur í Ulfborg. Þar, á beitilyngsbreiðum, hefði verið hægt að sjá alls kyns dádýr að leik ef ekki væri fyrir ofsahita sólarinnar þessa vikuna. Við sáum því engin villt dýr. En stundum fengum við flugur í höfuðið.

## Dagur 3: Lítil gula hænna fann fræ

Í Tvillum er fræhús Hede Danmark, en þar var einnig hænsnakofi. Hvort kom á undan, eggð eða hænna? Það má sjálfsagt snúa þessu upp á trén líka, en það er stórbrotin list að örva fræ til að spíra. Örvun felur í sér rakastig, hitastig og hreyfingu á loftinu. Fræin eru viðkvæm og því má ekkert út af bregða. Sem dæmi þarf kalt loft og kyrrt til að örva beyki og sumar tegundir af þin. En það er ekki nóg að hafa fræ, það þarf líka að vera gott og komið af góðum foreldrum. Í Tvillum eru líka frægarðar af ólíkum trjá- og runnategundum. Að öðrum tegundum ólóstuðum fékk sífjalerki-frægarðurinn drjúga athygli. Sífjalerki (*Larix x marschlinsii*) er blendingur af Evrópulerki (*L. decidua*) sem er faðirinn í blöndunni og Japanslerki (*L. kaempferi*) í hlutverki móður. Könglumum er safnað af Japanslerkinu því fræin passa í þau fræhulstur, en könglarnir á Evrópulerkinu eru of smáir fyrir fræin og eru ónothæf.

Á gróðrarstöðinni í Hjörthede snæddum við smørrebød í hádeginu. Gróðrarstöðin telur 70 hektara og landslagið er hæðótt og nýttist það vel til plöntuframleiðslunnar. Árlega eru framleiddar 7 milljón plöntur á stöðinni og eru þær allar berróta. Stærsti kaupandinn er Hede Danmark en skógarbændur og sveitafélög eru einnig stórir kaupendur. Mikið er framleitt af Normansþin og glæsipín í jólatrjárækt og fjallapínur er ræktaður fyrir skrautgreinar, eða „klippegrönt“ eins og þeir vilja nefna það. Sífjalerki er einnig mjög mikið ræktað. Athygli vakti Alaskaasparræktunin (*populus trichocarpa*) á stöðinni. Sá klónn sem þeir nota vex um eina mannhæð á fyrsta sumri á gróðrarstöðinni. Alaskaöspín er eingöngu notuð í akurskógrækt og er lotan yfirleitt ekki lengri en 10 ár.

Loksins komust ferðalangar í dótubúð. Hede Denmark starfrækir mjög vinsæla netþjónustu á heimasíðunni HD2412.dk. Þar er megináhersla á vörur í tengslum við ræktun jólatrjáa. Í birgðastöð HD2412 er einnig lítil búð þar sem hægt er að skoða helstu vörurnar.

**Dagur 4: Tæki og tól**

Skive er skemmtilegur lítill bær sem gaman er að skoða, en flestir fóru í skoðunarferð um bæinn þennan morguninn. Eftir hádegið var lagt af stað sem leið lá á flugvöllinn í Billund, með nokkrum stöppum á leiðinni. Fyrsta stöpp var í Herning og stór Ponsse skógarhöggsvél, í eigu Heda Danmark, skoðuð við grísjun í blandskógi. Þarna höfðu nýir eigendur jarðarinnar ákveðið að fella skóginn, sem var blandskógur af lerki og ösp. Ætlunin var að skipta því út fyrir eik. Þótt vöxtuleg tré hafi leynst innan um, sem vel hefði mátt selja sem timbur, þá svaraði það ekki kostnaði vegna blöndunarinnar.

Skammt frá var verið að kurla við úr fyrir slóð. Í Danmörku tíðkast að saga úr fyrir slóðum þegar trén eru um 5 metra há. Efnid er látið liggja í slóðinni og að ári liðnu er það kurlað og sett í brenni. Nokkru síðar eru slóðirnar notaðar til að komast um með tæki til að grísjá skóginn í heild.

TP kurlaraverksmiðjurnar eru í Vejle, skammt frá Billund. Hópnum var boðið upp á veitingar og sagt frá því hvað felst í góðum kurlara. TP eru mjög framarlega á sínu sviði og selja vörur sínar aðallega til Þýskalands og Bretlands, auk Skandinavíu auðvitað. Nýjustu fréttir í kurlheiminum eru rafdrifnir kurlarar, en þeir eru að koma með einn slíkan á markað. Verksmiðjan hafði tvo tæknilega róbóta við vinnsluna sem eykur afkastagetuna verulega.

Steinsnar frá TP kurlurunum var önnur verksmiðja. Þar voru framleiddir stubbatætarar. Þetta er verksmiðja sem hefur vaxið hratt



Skjólbeltin á gróðrarstöðinni í Hjörteheide var eins metra breitt og 5 metra hátt klippt grenihekk.

Mynd / CN

og eru tækin þeirra mjög vinsæl, sérstaklega í Þýskalandi. Þeir voru til af nokkrum stærðum en áttu það allir sammerkt að tæta í sundur eftirstandandi trjástubba og rætur af felldum trjám. Ásafi er fyrirtæki á Íslandi sem hefur umboð fyrir bæði stubbatætarana og TP kurlarana.

Dagur var að kveldi kominn og næsta stöpp var í flugstöðinni á Billund. Nú beið bara flug heim til Íslands eftir vel heppnaða ferð til Jótlands.

Föruneytið var skipað eftirfarandi: Gissur Pétursson, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Bjarni Björgvinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Óskar M. Alfreðsson, Einar Zophoníusarson, Jón Júlíusson, Jónína Zophoníusardóttir, Jóhann Gísli Jóhannsson, Ólöf Ólafsdóttir, Marianna Jóhannsdóttir, Óskar Bjarnason, Hörður Harðarson, María Guðný Guðnadóttir, Arngrímur Baldursson, Svana Halldórsdóttir, Lára María Ellingssen, Ólöf Hörn Erlingsdóttir, Sigurður Hólm Sæmundsson, Jón Zimsen, Jóhanna H. Sigurðardóttir, Guðmundur H. Gunnarsson, Þórhildur Sigurbjörnsdóttir, Ragnheiður Jóhannesdóttir, Stefán Ólafsson, Gunnar Ingi Gunnarsson, Vigdís



Þegar timburstæður gleymast vakna þær til lífs.

Mynd / MJ



Í ríkisskóginum í Feldsborg er stunduð sípekjuskógrækt en þarna mun beykið í botninum einn daginn verða aðaltegundin á svæðinu.

Mynd / MJ



Sifjalerkið er mikið ræktað í gróðrarstöðinni í Hjörteheide.

Hallgrímsdóttir, Kristín Álfheiður Arnórsdóttir, Sighvatur Jón Þórarinnsson, Guðmundur Albert Birgisson, Reynir Ásgeirsson, Hoby Tibo Chrisansen, Böðvar Jónsson, Októ Einarsson, Hraundís

Guðmundsdóttir og Hlynur Gauti Sigurðsson. Fararstjórn og skipulag var í höndum Christen Nørgård og Örnú Jóhannsdóttur.

Hlynur Gauti Sigurðsson

**MENNING & LISTIR**

**List án landamæra**

List án landamæra er listahátíð sem leggur áherslu á list fatlaðs fólks. Tilgangur hátíðarinnar er að auka menningarlegt jafnrétti og fjölbreytni með því að skapa faglegan vettvang og tækifæri fyrir fatlaða listamenn.

Hátíðin var sett af Elizú Reid forsetafrú laugardaginn 5. október kl. 15.00 í hátíðarsal Gerðubergs með veigamikilli dagskrá. Sam-sýning Listar án landamæra var opnuð á sama tíma í sýningarrými Gerðubergs á fyrstu hæð. Þar sýna 17 listamenn verk sem teygja sig úr hinu tvívíða yfir í hið þrívíða.

Þannig má sjá teikningar sem lifna við í leirverkum, málaðar ofurhetjur og skúlptúra sem líkja eftir aukahlutum þeirra, fígúrus sem hafa verið skornar út í tré og prjónaðar í teppi og lifandi blóm sem hafa verið ræktað upp af fræi og eftirmyndir þeirra sem skornar eru út í við. Verkin á sýningunni eru fjölbreytt og er þeim ætlað að sýna



alla þá breidd sem listamennirnir spanna.

Helgina 12.–13. október verður listamarkaður þar sem fjöldi listamanna mun selja verk sín og handverk. Verkin verða af ýmsum toga, m.a. málverk, teikningar, útsaumur og tréverk. Þeir sem taka þátt í markaðnum eru bæðir þekktir og nýlegir listamenn. Hér gefst einstakt tækifæri til þess að næla sér í fágæt verk eftir einstaka listamenn.

Meðal annara viðburða má nefna morgunverðarfund fyrir stjórnendur og skipuleggjendur menningarviðburða í Gerðubergi 18. október undir yfirskriftinni Aðgengi að menningu fyrir fatlað fólk og lokatónleika hátíðarinnar með Bjöllukór Tónstofu Valgerðar 19. október.

Að auki er öflug utandagskrá samhliða hátíðinni. Má þar nefna verkið Kötturinn fer sína eigin leið eftir Ólaf Hauk Símonarson, sem Tjarnarleikhópurinn flytur 20. október í Iðnó. Einnig verða vinnustofur, myndlistarsýningar, ljósmyndasýning og margt fleira.

Alla dagskrá Listar án landamæra má sjá á heimasíðunni <http://www.listin.is>.

NH



## Ný heimasíða og vefverslun Dynjanda

Í tilefni opunar á nýrri heimasíðu og vefverslun býður Dynjandi afslátt af fjölmörgum vörum.

**Notaðu afsláttarkóðann: Dynjandi** og þú færð 15% afslátt.

Kynntu þér afsláttarvörurnar á heimasíðu okkar: [dynjandi.is](http://dynjandi.is)

65

1954-2019

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || [dynjandi.is](http://dynjandi.is)

**Næsta Bændablað kemur út 24. október**

**Bændablaðið**

**Málþing um viðargæði og afurðir**

**laugardaginn 12. október, á Hótel Kjarnalundi, Akureyri**

**skogarbondi.is**

## GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Nóvemberkaktus tilheyrir lítilli ættkvísl og er ólíkur öðrum kaktusum að því leyti að hann er engin sérstök þurrlandisjurt.

## Nóvemberkaktus – vinsæl vetrarprýði

Nóvemberkaktus, *Schlumbergera truncata*, hefur verið vinsæl pottaplanta í tugi ára og eflaust muna margir eftir honum sem risastórum, hangandi með glæsilegum, tvöföldum, túbulaga blómum heima hjá ömmu. Hann er auðveldur í ræktun og er allur hinn glæsilegasti.

Ræktaðir hafa verið margir blendingar nóvemberkaktusa og hinna skyldu desemberkaktusa sem blómstra á mismunandi tímum og mörgum litum. Það dásamlega er að þeir blómstra þegar flestar aðrar blómstrandir innplöntur eru komnar í vetrarfrí.

### Heimkynni í Brasilíu

Nóvemberkaktus tilheyrir lítilli ættkvísl og er ólíkur öðrum kaktusum að því leyti að hann er engin sérstök þurrlandisjurt. Náttúruleg heimkynni eru rakir skógar strandfjalla í suðausturhluta Brasilíu. Þar vex hann í 700–1000 metra hæð yfir sjávarmáli á skuggsælum, rökum stöðum sem ásæta á trjám og klettum. Því þarf að huga vel að því að veita honum nægan raka og gott vatnsfrárennslu.



Til að örva blómmyndun og eiga von á stórfenglegum blómum í nóvember er dregið úr vökvun um miðjan október.

### Almenn umhirða

Kjörin staðsetning fyrir nóvemberkaktus er á björtum stað en forðast skal beint sólarljós. Ef hann er berskjaldaður fyrir sól brenna lafin og verða rauðleit. Ef hann er nærri norður- eða austurglugga þurfum við síður að hafa áhyggjur af því. Ákjósanlegt rakastíg er í kringum 60% sem sjaldan næst í okkar þurra stofulofti. Því þurfum við að leita leiða til að veita honum nægan loftraka. Hægt er að staðsetja undirskál með vikri undir pottinn sem vökvunarvatnið lekur í. Þá gufar vatnið upp með tímanum og leikur um plöntuna. Vikurinn í undirskálinni kemur í veg fyrir að rætur plöntunnar liggi í vatni og rotni. Önnur aðferð til að auka loftrakan er að úða hana með vatni. Umpottað er sjaldan því ræturnar mega búa fremur þröngt. Tími umpottunar er í mars. Sem pottaplanta í heimahúsum þarf að hafa loftríka moldarblöndu, til að



Kjörin staðsetning fyrir nóvemberkaktus er á björtum stað en forðast skal beint sólarljós.

mynda 60% gróf mold og 40% vikur. Ólíkt öðrum kaktusum ætti nóvemberkaktus ekki að þorna milli vökvana nema ef til vill að lokinni blómgun. Vökvað er vel á vaxtartíma og þegar vökvað er þarf að leyfa vatninu að leka vel af.

### Örvun blómmyndunar

Til að örva blómmyndun og eiga von á stórfenglegum blómum í nóvember er dregið úr vökvun um miðjan október. Kaktusinn er settur í almyrkvun í um 13 tíma á sólarhring en hafður í góðri birtu þess á milli. Miðað við birtumagn hérlendis á þessum árstíma er líklega óþarfi að færa hann og huga einungis að hitastiginu. Staðurinn þarf að vera svalur. Þegar blómbrum sjást er valinn staður þar sem hann fær að vera óhreyfður því bruminn eru viðkvæm og falla auðveldlega af.

Meðan blómbrum myndast og út blómgunartímann ætti að gefa blómaáburð sem inniheldur nitur í lágmarki en meira af fosfór og kalí. Eftir blómgun er komið að svokölluðum „hvíldartíma“ kaktussins, þá má hann þorna milli vökvana.

### Auðveldur í fjölgun

Ef plantan hefur tilhneigingu að verða gísinn er kjörið að taka nokkra stílka með 2–3 „blöðum“. Þá þéttir plantan sig og maður getur fjölgað henni með græðlingum. Þetta þarf að gerast á vorin, svona um það leyti sem plantan er að hefja nýtt vaxtartímabil, í apríl/maí. Það tekur aðeins örfáa daga að þurrka græðlingana svo skurðarsárin grói og rætur myndast auðveldlega. Eftir nokkrar vikur hafa myndast nýjar smáplöntur sem gefa má vinum og vandamönnum, til mikillar gleði og ánægju.

*Telma Halldórsdóttir, nemi í garðyrkjuframléidslu á Lbhí Reykjum.*

## MENNING & LISTIR



Guðjón Rúðolf Guðmundsson tónlistarmaður með eintak að nýju plötunni sem inniheldur brot af því besta sem hann hefur sent frá sér til þessa.

Mynd / H.Kr.

## Nokkrar leiðbeiningar í alþýðutónlist fyrir byrjendur: „Best of“ Guðjón Rúðolf til þessa

Guðjón Rúðolf Guðmundsson flutti til Árósa í Danmörku fyrir rúmum tuttugu árum og kann vel við sig á flatneskjúni. Gai, eins og hann er yfirleitt kallaður, er með tóneyra frá náttúrunnar hendi og er tónlistarmaður af goðanna náð.

Áður en Gai flutti út lék hann með hljómsveitunum Infernó 5 og Kíkóte vindmyllurnar og hélt árlega tónleika undir heitinu Sköllotta tromman. Eftir komuna til Danmerkur hefur hann spilað og sungið með Krauku sem leikur tónlist í anda víkinga. Gai er ómenntaður í tónlist og spilar eftir eyranu. Faðir hans var lærður tónlistarmaður frá Þýskalandi og að sögn Gauja reyndi hann að koma í veg fyrir að hann legði fyrir sig tónlist að ævistarfi. „Hann vildi mér vel.“

Gai sendi nýlega frá sér vinyllplötu sem hann kallar Nokkrar leiðbeiningar í alþýðutónlist fyrir byrjendur og er safn af tónlist sem hann hefur gefið út úr undir eigin nafni. Hann segir að þetta sé eins konar „best of“, eða samantekt á því besta sem hann hefur unnið í samvinni við Þorkel Atlason tónskáld undanfarin ár.

### Lög af þremur diskum


„Lögin eru valin af þremur geisladiskum, eða eins konar þríleik. Þannig vildi til að þegar ég flutti til Danmerkur var ég farinn frá vinum mínum á Íslandi og þekkti fáa á nýja staðnum. Ég var á tímabili hættur að spila opinberlega og spurði Þorkel, sem þá bjó í Árósum, hvort hann ætti upptökutæki, sem hann gerði. Því næst fórum við niður í kjallara heima hjá honum og ég spilaði allt sem ég kunní og Þorkell tók það upp.“

Síðan leið og beið og ég heyrði ekkert frá Kela og ég hugsaði náttúrulega allt á versta veg eins og mér er lagið. Sem betur fer fyrir mig var Þorkell atvinnulaus á þessum tíma og hafði því góðan tíma til að grúska í upptökunum með hljómfraði og sinn tónlistabakgrunn að vopni.

Þegar Þorkell hafði svo að lokum samband sagði hann að ég færi víða um á upptökunum og að lokum var gefinn út geisladiskur sem fékk heitið Minimania, nokkrar leiðbeiningar



Guðjón Rúðolf og Þorkell Atlason tónskáld um það leyti sem Minimania kom út árið 2003.



minimanskur og síðan kom Þjóðsöngurinn með öllum kvörtunum og þrasinu og svo Regnboginn sem er leiðin til Valhalla.“

### Lögin endurúttsett fyrir vinyllinn

Tónlistin á plötunni er endurunnin og endurúttsett af Þorkeli fyrir vinyllútgáfuna og því aðeins öðruvísi en á geisladiskunum. Á plötunni er meðal annarra gullkorna að finna lögin Tangó, Zambadusa og Húfan sem naut mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum og heyrst enn oft þegar fólk kemur saman og gerir sér glaðan dag, hvort sem það er í barna-afmælum eða á þorablótum.

Platan gefur góða yfirsýn yfir tónlist og texta Gauja sem trúadadors og svíkur engan sem hefur áhuga á einlægri og skemmtilegri tónlist. Listsköpun sem er allt í senn rumba, samba og

fyrir byrjendur. Á þeim diskum er að finna alla hljóma f i m m u n d a r -hringsins nema einn og það átti að vera gáta hvaða hljómi vantaði. Í kjölfarið fylgdu svo tveir aðrir diskar, Þjóðsögur og Regnboginn, sem við Keli unnum saman.

Eftir á að hyggja sýnist mér að titlarnir lýsi líffshlaupi mínu ágætlega. Ungur var ég







**Hljómsveitin Krauka.**

tjatjatja og ólíkt öllu öðru sem heyrst dags daglega og verður áhugaverðara og skemmtilegra við hverja hlustun.

Gaui segir að ástæðan fyrir því að gefa lögin út á vínyl sé sú að þeir sem gangi svo langt að eiga plötuspilara og kaupa vínylplötur gefi sér yfirleitt tíma til að setjast niður og hlusta. „Það er ritúal að taka vínylplötu úr albúmi og setja hana á fóninn og hlusta í rólegheitunum. Mig langaði einfaldlega að gefa út safnplötu fyrir þetta fólk.“

**Dekstrað við sig í Danmörku**

„Ástæðan fyrir því að ég og eiginkona mín, Vigdís Sveinsdóttir, fluttum út var að okkur bauðst að vera í Danmörku í tvö ár í framleigðu húsnæði vinfólks okkar sem var á leiðinni til Grænlands að vinna. Okkur þótti upplagt að breyta til og tókum boðinu og síðan eru liðin rúm tuttugu ár.“

Fljótlega eftir komuna út vorum við bæði komin í góða vinnu og komin heim klukkan þrjú á daginn og það sem meira var að við gátum lifað góðu lífi á 37 tíma vinnuviku sem er ekki hægt á Íslandi. Það vandist vel og við dekstruðumst til að vera lengur og líður ágætlega. Ég efast þó um að ég vilji láta jarða mig í dönskum leir og býst við að flytja heim áður en að því kemur.“

**Krauka og víkingasiður**

Smám saman aðlöguðust Gaui og Vigga lífinu í Danmörku og kynntust nýju fólki. Gaui komst í samband við danska tónlistarmenn sem höfðu áhuga á gömlum hljóðfærum og tónlistararfi víkinga og víkingasið. Úr varð tríó sem lék á hljóðfæri sem smíðuð voru eftir lýsingum á fornum norrænum hljóðfærum og tónlist í anda þess sem hljómsveitin taldi að víkingar hefðu spilað.

Fyrstu tónleikar tríósins voru á Grænlandi í telfni af 1000 ára afmæli Eiríks rauða í Brattahlíð þar sem hljómsveitarmeðlimir voru

klæddir í víkingaklæði. Í það skiptið kallaðist hljómsveitin Sögu-fuglarnir.

Síðar fékk tríóið heitið Krauka og í dag er hljómsveitin skipuð fimm hljóðfæraleikurum og hljóðfærin orðin rafmagnaðri og nútímalegri þrátt fyrir að eldri hljóðfærin skipi enn stórt hlutverk. Vinsældir Krauku hafa aukist með hverju árinu og hljómsveitin gefið út sjö geisladiska og von er á þeim áttunda í haust. Hljómsveitin hefur haldið tónleika víða um heim, bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum, og er vinsæl á víkingahátíðum.

„Þessar hátíðir geta verið mjög skemmtilegar og gaman að sjá fólk klætt upp í víkingabúninga og leika víkinga en satt best að segja er enginn munur á þessu og þegar aðdáendur Star Trek koma saman í geimverubúningum og tala framandi tungumál og skemmtir sér.“

**Ótrúlegt ævintýri**

Meðlimir Krauku tóku upp nokkur lög fljótlega eftir að þeir fóru að spila saman og þá kom Þorkell aftur til sögunnar og sagði að það

vantaði ekki mikið uppá að hægt væri að gefa út disk. „Við tókum því upp nokkur lög til viðbótar og kláruðum fyrsta diskinn og síðan hefur Krauka og stússið í kringum hljómsveitina verið ótrúlegt ævintýri sem hefur staðið í tuttugu ár og sér ekki enn fyrir endann á.“ segir Guðjón Rúdolf og strýkur á sér skeggið og brosir með augunum.

/VH



**Bændablaðið**  
**Smáauglýsingar**  
**56-30-300**  
**Hafa áhrif um land allt!**

CLIQUE WHEN YOU  
**CLASSIC T-Bolir**  
**Bleikur október**  **BLEIKA SLAUFAN**



Getum merkt bolina með slaufunni verð kr. 500,-. Sú upphæð rennur óskipt til karabbameinsfélagsins

- Hringspunnin tvöfaldur kragi.
- Forþvegið og burstað.
- 100% bómull, 160 g/m<sup>2</sup>.
- XS-4XL svartir upp í 6XL.

Við styðjum karabbameinsfélagið með 10% af sölu

**Verð: kr. 1.200,-**



KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

**EYJALIND** 

**Sæti og varahlutir í**

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

**FASTEIGNAMIDSTÖÐIN** 

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

**Gott framboð af áhugaverðum jörðum**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is  
 Maria Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjón Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

**Bændablaðið**  
**Næsta blað kemur út 24. október**

**STAHL Crane Systems**

**kranar & taliur**





STAHL kranar og taliur frá Þýskalandi eru áreiðanlegir vinnubjarkar sem auðvelda alla vinnu. Kranarnir og taliurnar eru í hæsta gæðaflokki þar sem öryggi og góð ending eru höfð að leiðarljósi.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna



**ÍSFELL**  
 Ísfell ehf, Öseyrarbraut 28  
 220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500  
 www.isfell.is, isfell@isfell.is



## UTAN ÚR HEIMI



Fjöldi svínabúa í Suður-Kóreu hafa verið sett í einangrun vegna útbreiðslu svínaflensu í landinu.

Suður-Kórea:

# Alvarleg tilfelli afrískrar svínaflensu greind

Suður-Kórea hefur bæst í hóp þeirra landa þar sem afrísk svínaflensa hefur greinst. Talið er líklegt að flensan muni berast til Bretlandseyja fljótlega.

Hröð útbreiðsla afrískrar svínaflensu í heiminum er talin vera eitt versta tilfelli alvarlegs dýrasjúkdóms í veröldinni til þessa. Sjúkdómurinn er bráðsmitandi og lífshættulegur fyrir svín. Með áframhaldandi hraða á útbreiðslu sjúkdómsins er talið að hann berist til Bretlandseyja á næstu misserum.



### Útbreiðsla í Evrópu

Ekki er langt síðan tollverðir á Norður-Írlandi gerðu upptækt svínakjöt sem reyndist vera sýkt af vírus sem veldur afrískri svínaflensu. Vírusinn getur leynst í frosinni kjötvöru svo mánuðum skiptir og getur haft gríðarlega slæmi áhrif á svínarækt berist hann í lifandi svín.

Afrísk svínaflensa hefur verið að breiðast út um Evrópu undanfarin ár og greindist meðal annars í Belgíu á síðasta ári. Alls staðar þar sem pestin hefur greinst hefur verið gripið til þess ráðs að skera niður. Auk þess sem Frakkar, Þjóðverjar og lönd í Austur-Evrópu hafa lögð fjölda villisvína til að hefta útbreiðslu pestarinnar.

### Kína orðið illa úti

Sjúkdómurinn barst til Kína á síðasta ári og í framhaldinu var yfir 100 milljón svínunum í landinu slátrað til

að reyna að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins. Talið er líklegt að lóga þurfi um 250 milljón svínunum til viðbótar í baráttunni við sjúkdóminn í Kína. Kínverjar eru sú þjóð í heimi sem neyta mest af svínakjöti og er svínakjöt víða skammtað í landinu eins og er og hefur verið þess hækkad töluvert.

Blóðsýni úr svínunum á Filippseyjum sýna að sjúkdómurinn var komin þangað 14. september síðastliðinn.

### Stökkbreyting gæti gert vírusinn hættulegan mönnum

Þrátt fyrir að vírusinn sem veldur afrískri svínaflensu sé ekki beint hættulegur mönnum hefur verið bent á að hann geti hæglega stökkbreytt og orðið það þar sem líffræðilega sé ekki mikill munur á mönnum og svínunum.

Heimssamtök um dýraheilbrigði áætla að um 6000 tilfelli af afrískri svínaflensu séu í heiminum í dag. Flensan berst hæglega milli sýktra dýra með snertingu, með mönnum, áhöldum, fóðri og með flugum. Vírusinn sem veldur flensunni getur leynst í marga mánuði í frosnu kjöti sem flutt er milli landa. /VH

Madrid á Spáni:

# Páfagaukastríð

Borgaryfirvöld í Madrid á Spáni ætla að fækka páfagaukum í borginni til að draga úr sýkingahættu. Samkvæmt opinberum tölum hefur grænum munkapáfagaukum, *Myiopsitta monachus*, fjölgað gríðarlega í borginni og annars staðar á Spáni undanfarin ár.

Nýleg talning sýnir að fuglunum hefur fjölgað úr nú í tólf þúsund á síðastliðnum þremur árum en tölur frá 2005 segja að fuglarnir hafi verið um 1700 í og við borgina. Fuglarnir bárust upphaflega til Evrópu sem gæludýr en vegna þess hversu vel þeir hafa aðlagast náttúrunni í nýjum heimkynnum sínum var lagt bann við að ala þá sem gæludýr á Spáni fyrir átta árum. Líftími fuglanna er 20 til 30 ár.

Samkvæmt yfirlýsingu frá borgaryfirvöldum í Madrid er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að stemma stigu við enn frekari útbreiðslu fuglanna þar sem þeir eru farnir að keppa við aðrar fuglategundir um æti og ekki síst vegna þess að fuglarnir geta



Yfirvöld í Madrid hafa áhyggjur af útbreiðslu páfagauka í borginni.

verið smitberar og borið með sér fuglaflensu og salmonellu.

Páfagaukarnir eru hópdýr sem byggja sér stór hreiður úr greinum sem þeir rífa af trjám og getur hreiðurgerð þeirra valdið verulegum skemmdum á trjágróðri þar sem margir fuglar koma saman. Fuglarnir nota sama hreiðrið ár eftir ár og bæta við það á hverju ári og hafa stærstu hreiður vegið allt að 200 kílóum og þar sem greinar trjáa sem hreiðrin eru byggð í hafa átt til að gefa sig undan þunga þeirra er slysaþætta af þeirra völdum sögð talsverð. /VH

## Á FAGLEGUM NÓTUM



Yfirlitsmynd af einu af mörgum fjósþyrpingum Shengmu.

# Byggðu upp mjólkurframleiðslu inn í miðri eyðimörk!

Snorri Sigurðsson  
snsig@arlafoods.com



Það sem flestir líta á sem óyfírstíganlegar hindranir, líta Kínverjar oft á bara sem verkefni og eru til mörg dæmi um þennan hugsunargang í Kína. Eitt skýrasta dæmið innan landbúnaðar er einstök uppbygging fyrirtækisins Shengmu á kúabúskap í héraðinu Innri Mongólíu.

Shengmu var stofnað árið 2009 og er því tiltölulega ungt fyrirtæki en að því stóðu í upphafi fjársterkir aðilar sem sáu tækifæri í því að fara út í mjólkurframleiðslu í Kína í kjölfar hins svokallaða melamín hneykslis í landinu árið 2008. Þegar það mál kom upp, en það snerist um að óprúttir aðilar keyptu mjólk af smábændum og seldu svo til stórra afurðastöðva en í millitíðinni höfðu þeir blandað melamíni, sem er íblöndunarefni sem oft er notað í byggingariðnaði, út í mjólkina til þess að hækka próteininnihald hennar. Þetta hafði skelfilegar afleiðingar og olli miklu vantrausti kínverskra neytenda á þarlandum mjólkurafurðum. Forsvarsmenn Shengmu áttuð sig á því að það þyrfti að byggja upp traust neytenda og ákváðu að fara út í lífrænt vottaða mjólkurframleiðslu í Innri Mongólíu og lögðu fyrirtækinu til um 5 milljarða íslenskra króna svo hægt væri að byggja upp framleiðsluna.

### 50% heimafengið fóður

Í Kína eru líklega flest kúabúin byggð án þess að hafa land vegna gróffóðuröflunarinnar en eru þess í stað með samninga við ýmsa bændur sem eiga land og kaupa af þeim fóður og þá byggir kínversk mjólkurframleiðsla einnig mikið á innfluttu fóðri.

Eigi að vera með lífrænt vottaða mjólkurframleiðslu í Kína þarf að lágmarki 50% af gróffóðrinu að koma frá næsta nágrenni kúabúsins og að sjálfsögðu þarf það fóður að vera framleitt samkvæmt lífrænt vottuðu ferli. Forsvarsmenn Shengmu sáu það strax í hendi sér að það gæti orðið erfitt að kaupa fóður af mörgum búum og á sama tíma að tryggja að allar reglur um lífrænt vottaða framleiðslu yrðu haldnar og fóru því að leita eftir heppilegu



Í Ulan Buh-eyðimörkinni, líkt og flestum öðrum eyðimörkum, berst sandurinn mikið til með vindinum sem orsakar töluverða vinnu við hreinsun.



Hér er verið að ryðja vegi í eyðimörkinni.

landi fyrir búskapinn. Það var þó ekki einfalt mál enda var stefnan strax sett á afar mikla framleiðslu og því var fyrirsjáanlegt að landþörfin var mikil.

### Ulan Buh-eyðimörkin

Í leit Shengmu að heppilegu landsvæði fyrir búskapinn kom Ulan Buh eyðimörkin fljótt upp sem möguleiki en hún er 14 þúsund ferkílómetrar að stærð og áttunda stærsta eyðimörkin í Kína. Þessi eyðimörk er staðsett í vesturhluta Innri Mongólíu og liggur meðfram Gula fljóti á kafla, en Gula fljót er næststærsta fljót Kína og það sjötta stærsta í heimi.

Þessi eyðimörk er mjög óvenjuleg enda hefur hún myndast ofan á gömlum árfarvegum Gula fljótisins en það hefur sem sagt

verið að færast töluvert til og skilur þá eftir afar frjóan árfarveg. Auk þess er á þessu svæði um 10 metra þykkt lag af rauðum leir, sem skapar afar sérstakar aðstæður m.a. til varðveislu á vatni sem kemur með flóðum Gula fljóts! Vatnið sem Gula fljót kemur með í flóðum sínum inniheldur auk þess mikið magn af næringarefnum, eftir langa ferð sína frá upptökum Gula fljóts í Bayan Harfjöllunum í Qinghai-héraði og er einstaklega heppilegt fyrir hvers konar landbúnaðarnotkun.

### Engin smitefni

Þó svo að þarna sé sem sagt gríðarlega stór eyðimörk þá er undir henni bæði frjór jarðvegur og mikið magn af vatni og þessar sérstöku aðstæður urðu til þess að ákveðið var að staðsetja lífræna



Þegar framkvæmdirnar hófust var svæðið samkvæmt lýsingu heimamanna alsett sandöldum líkt og hér má sjá.

mjólkurframleiðslu Shengmu þarna. Þá hjálpaði upp á ákvörðunina að þurr eyðimörkin er líka heppileg fyrir þær sakir að þarna er langt í næsta kúabú sem dregur úr líkum á því að mögulegt smit berist inn á búíð auk þess sem sandur er heppilegur í nærumhverfi kúa, þar sem smitefni eiga harla erfitt með að fjölga sér í þurru sandi.

#### 2 ára vinnslutími

Fyrirtækið fékk úthlutað hluta af Ulan Buh eyðimörkinni og svo var hreinlega hafist handa við að jafna margra metra háar sandöldur og lægðir á stærðarinnar svæði og voru notaðar til þess mikill fjöldi af jarðýtum og þúsundir vinnustunda. Fyrst var byggður vegur eftir miðju svæðinu og svo út frá honum jafnað land fyrir ræktun og fjós.

Um gríðarlega umfangsmikið verkefni var að ræða enda stóð ekki til að byggja bara eitt fjós heldur 18 fjós með um 3 þúsund skepnum í hverju þeirra! Frá því að fyrstu tækin voru sett af stað inn í eyðimörkinni, og þar til fyrsta fjósið var tilbúið, liðu 2 ár sem er eiginlega ótrúlega stuttur tími miðað við umfang verkefnisins enda var ekki bara verið að slétta land undir fjósin heldur fyrst og fremst verið að slétta land fyrir ræktun svo hægt væri að afla fódurs fyrir alla framleiðsluna.

#### Nóg af vatni

Eins og áður segir þá er þessi óvenjulega eyðimörk ofan á þéttu og vatnsheldu leirlagi og því er í raun nóg vatn til neðanjarðar á svæðinu. Það var því einfalt mál fyrir fyrirtækið að ná í vatn til vökvunar á ökrum, fyrirtækið boraði einfaldlega eftir vatni sem er svo pumpað upp og yfir í öll fjósin og í vökvunarkerfin.

Allir akkrar Shengmu eru hringlaga enda eru vökvunarkerfin þannig gerð að þau eru fest í miðju hvers stykkis og út frá miðjunni liggur gríðarlega langur armur á hjólum sem keyrir svo hring eftir hring eins og vísir á klukku.

#### Úr sandi í ræktarland

Það tekur alllangan tíma að breyta þurru sandi í ræktarland og þó svo að aðgengi að nægu vatni sé grunnforsenda góðs árangurs þá þarf ýmislegt annað að ganga upp einnig og hjá Shengmu er lykillinn góður ræktunarferill og þolinmæði!

Þegar búíð er að jafna sandöldurnar og gera þær tilbúnar fyrir vökvunarkerfin, er byrjað á því að dreifa mykju yfir svæðið fyrsta árið og svo sáð í sandinn. Uppskeran fyrsta árið er skiljanlega lítil en fyrirtækið ræktar þrjár gerðir af plöntum: fódurmaís, sólblóm og

refasmára og að sögn heimamanna tekur það um fimm ár að ná fullri uppskeru, enda tekur tíma að binda sandinn og ná fullum afköstum. Þá hefur verið lögð mikil vinna í skjólbeltaræktun en sandfok er mikið vandamál á svæðinu og henta skjólbeltin vel til þess að draga úr sandfokinu að sögn heimamanna.

#### Staðan í dag

Nú, 10 árum eftir að fyrirtækið var stofnað, er það enn í miklum vexti og er nú þegar orðið langstærsti einstaki framleiðandi á lífrænt vottaðri mjólk í heiminum. Við hinn svokallað Mjólkurveg í Ulan Buh eyðimörkinni standa nú 18 fjósþyrpingar og er hver þeirra í raun sjálfstæð framleiðslueining en þó er margs konar samvinna á milli fjósþyrpinganna. Skýringin á því að Shengmu ákvað að fara þá leið að vera með margar heldur minni einingar í stað þess að vera með fáar og stórar var til að draga úr líkum á smithættu og að ef eitthvað kæmi upp á, þá væri auðveldara að takast á við það í minni einingu. Shengmu er auk þessara 18 fjósþyrpinga með 5 aðrar þyrpingar á öðrum stað svo fyrirtækið er alls með 23 fjósþyrpingar, um 40 þúsund Holstein kýr og nemur ársframleiðsla fyrirtækisins um 400 milljón lítrum af mjólk. Reyndar er ekki öll mjólkinn framleidd samkvæmt lífrænum stöðlum svo



Hér má sjá hvernig ræktunin er gerð. Hringlaga akkrar eftir vökvunarkerfin sem ganga í hring út frá miðju. Til hliðar sést í fjósþyrpingu.

hin lífræni hluti er heldur minni. Þá er lífræna ræktunin þegar orðin gríðarlega umsvifamikil og alls nær hún nú yfir 13 þúsund hektara svæði í eyðimörkinni en stefnt er að því að auka ræktunina um 10 þúsund hektara á komandi árum enda fékk Shengmu úthlutað 2% af Ulan Buh


eyðimörkinni og getur því notað allt að 28 þúsund hektara lands alls.

#### Selja mjólk og jógúrt

Mjólkinn, sem kemur frá hinum lífrænt vottuðu fjósum Shengmu, fer í dag í eigin afurðastöð sem svo

selur lífrænt vottaða drykkjarmjólk og jógúrt. Salan er gerð í samvinnu við kínverska afurðafyrirtækið Mengniu, sem er að hluta til í eigu norður-evrópska afurðafélagsins Arla sem er afar víðeigandi enda er Arla stærsta afurðafélag í heimi á sviði lífrænt vottaðra mjólkurvara.

limtrevirnet.is



## Íslenskar einingar fyrir íslenskt veðurfar

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar einu og sönnu Yleiningar - stálsamlökueiningar með steinullareinangrun á milli.

Hagkvæm, umhverfisvæn og myglufrí byggingarlausn. Stuttur afgreiðslufrestur.

Kynntu þér Yleiningar á [limtrevirnet.is](http://limtrevirnet.is).

 **Límtré Vírnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Söluskrifstofur - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík  
Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes

Netfang - [sala@limtrevirnet.is](mailto:sala@limtrevirnet.is)



Landssamtök sauðfjárbænda

# Rangar ályktanir prófessors um kolefnislosun íslenskrar sauðfjárræktar

**Unnsteinn Snorri Snorrason**  
frankvæmdastjóri  
Landssamtaka sauðfjárbænda  
unnsteinn@bondi.is




Á dögunum birti Fréttablaðið grein eftir Þórólf Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands. Greinin ber heitið „Af kolefnisfótspori sauðfjárræktar á Íslandi“. Í greininni ber Þórólfur saman kolefnislosun sauðfjárræktar á Íslandi og Nýja-Sjálandi.

Þórólfur byggir grein sína á tveimur meginheimildum. Annars vegar niðurstöðum úr skýrslu sem unnin var fyrir Landssamtök sauðfjárbænda (LS), þar sem fram kemur að losun sé 28,6 kg CO<sub>2</sub>-ígilda/kg lambakjöts. Hins vegar vitnar Þórólfur í aðrar heimildir (sem ekki er getið) þar sem fram kemur að losun á nýsjálandskum búum sé 19 kg CO<sub>2</sub>-ígilda/kg og bætir við það 4 kg CO<sub>2</sub>-ígilda/kg vegna flutninga frá Nýja-Sjálandi til Evrópu. Niðurstaða Þórólfs er sú að færa megi rök fyrir því að með því að leggja af sauðfjárrækt á Íslandi og flytja inn lambakjöt frá Nýja-Sjálandi megi draga verulega úr losun CO<sub>2</sub>-ígilda. Samanburður milli landa á losun CO<sub>2</sub>-ígilda/kg getur verið flókinn. Bera þarf saman þær forsendur sem útreikningar byggja á og þannig tryggja að verið sé að bera saman sambærilega hluti.

## Íslenska heimildin byggir á niðurstöðum líkans en ekki á raungögnum

Íslenska heimildin í útreikningum Þórólfs byggir á niðurstöðum líkans sem unnið var af Environice fyrir LS. Líkanið metur heildarlosun íslenskrar sauðfjárræktar, innan bús, mælt í kg CO<sub>2</sub>-ígilda. Heildarlosuninni er síðan deilt á heildarframleiðslu kindakjöts á hverju ári. Þannig fæst að losunin er 28,6 kg CO<sub>2</sub>-ígilda/kg árið 2015.



Helstu uppsprettur gróðurhúsalofttegunda, bindingarleiðir og ferlar í vistkerfum nýttum til landbúnaðar. Innan rauðu línanna er losun á glöðlofti og metani frá landbúnaði, sem talin er fram undir landbúnaðargeiranum og heyrir undir skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Innan bláu línanna er losun (aðallega koldíoxíðs) vegna LULUCF sem heyrir að takmörkuðu leyti undir skuldbindingar Íslands. Þessi losun er talin fram undir orkugeiranum og heyrir undir skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

Þetta er í fyrsta skiptið sem unnin er greining á losun CO<sub>2</sub>-ígilda í íslenskrar sauðfjárrækt. Niðurstaðan gefur okkur góða mynd af stöðunni hér á landi en þörf er á því að auka þekkingu á þessu sviði og gera útreikninga sem byggja á rauntölum.

## Heimild fyrir losun í Nýja-Sjálandi ekki sambærileg

Sú heimild sem Þórólfur styðst við heitir „A Greenhouse Gas Footprint Study for Exported New Zealand Lamb (Ledgard o.fl. 2010)“. Ef hún er skoðuð kemur strax í ljós að forsendur og framsetning á niðurstöðum er ekki sambærileg við það sem gert er í skýrslu Environice. Hér er ekki á neinn hátt verið að gagnrýna niðurstöður

þessara heimilda, heldur það að aðferðafræðin og framsetning á niðurstöðum eru ólíkar og ekki samanburðarhæfar.

Hér á eftir koma nokkur dæmi um það misræmi sem er milli þessara heimilda sem gerir það að verkum að ekki er hægt að nota niðurstöðurnar í beinum samanburði. Þess ber að geta að mismunur í framsetningu og útreikningum hefur bæði áhrif til þess að draga úr og auka mun á útreiknaðri losun.

- Notaðar eru ólíkar aðferðir til að meta losun frá iðragerjun. Ledgard o.fl. (2010) notar aðra stuðla en gert er í skýrslu Environice og notað er í alþjóðlegu bókhaldi fyrir kolefnislosun

vegna metanmyndunar í meltingarfærum sauðfjár.

- Heildarlosun sauðfjárræktar í grein Ledgard o.fl. (2010) er skipt niður á þær afurðir sem til verða við framleiðsluna. Þannig dreifist hluti losunar á ull, innmat, gærur, kjöt og lífdýr. Í skýrslu Environice er þetta ekki gert með sama hætti heldur er allri losun af völdum sauðfjár dreift á heildarmagn kindakjöts.

- Rannsókn Ledgard o.fl. (2010) nær yfir heildarlosun frá búi til neytanda í Bretlandi, þar á meðal kostnaður við slátrun, vinnslu og flutninga. Enda var þessi rannsókn framkvæmd beinlínis til að bregðast við gagnrýni varðandi innflutning á kjöti frá Nýja-Sjálandi til Bretlands. Þess ber að geta að rannsóknin var m.a. kostuð af Samtökum kjötframleiðenda í

Nýja-Sjálandi (Meat Industry Association).

- Niðurstöður Ledgard o.fl. (2010) miða við kjöt án beins en í skýrslu Environice er miðað við fallþunga (kjöt með beini).

Þar sem forsendur útreikninga sem birtir voru í grein Þórólfs Matthíassonar eru ekki sambærilegar þá verður að taka niðurstöðum hans með fyrirvara. Um slík vinnubrögð eftirlæt ég öðrum að dæma um.

Baráttan í loftslagsmálum er unnin samhlíða því að hver bóndi gerir betur í sínum búrekstri. Bætur nýtingu aðfanga og eykur afurðasemi búfjár. Það verkefni ætla íslenskir sauðfjárbændur að takast á við. Við skorumst ekki undan samanburði við erlenda framleiðsluhætti – En köllum eftir því að slíkur samanburður sé unninn með faglegum, sanngjörnum hætti.

**Unnsteinn Snorri Snorrason**  
frankvæmdastjóri  
Landssamtaka sauðfjárbænda

## Heimildir:

Clune, S., Crossin, E. & Verghese, K. Systematic review of greenhouse gas emissions for different fresh food categories. *J. Clean. Prod.* 140, 766–783 (2017).

Environice. (2017). Losun gróðurhúsalofttegunda frá sauðfjárbúum á Íslandi og aðgerðir til að draga úr losun. Sótt af <https://www.environment.is/wp-content/uploads/2018/01/GHL-saudfjeEnvironice-LOKA.pdf>

Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna (2016)(a): Report on the individual review of the report upon expiration of the additional period for fulfilling commitments (true-up period) for the first commitment period of the Kyoto Protocol of Iceland. Sótt af <http://unfccc.int/resource/docs/2016/tpr/isl.pdf>.

## KÄRCHER

### Fyrir bændur



Ryksugur  
NT 25



Háþrýstidælur  
HD 6/16



Sópar  
KM 70/20



Háþrýstidælur  
K 7



## RAFVER

Umboð og þjónusta  
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

## 29,5% landsmanna lesa Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND  
EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4%

á höfuðborgarsvæðinu

45,6%

á landsbyggðinni

29,5%

landsmanna lesa  
Bændablaðið

## Bændablaðið Hvar auglýsir þú?

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

## Bændablaðið

á [bbl.is](http://bbl.is) og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

# Grasræktarráðstefna á vegum EGF og Eucarpia

Seinni part júnímánaðar var haldin ráðstefna á vegum grasræktarsamtaka Evrópu (EGF) og Sambands plöntukynbótamanna í Evrópu (Eucarpia) og var þetta í fyrsta skipti sem þessi samtök halda sameiginlega ráðstefnu. Ráðstefnan var haldin í Zürich í Sviss. Tveir þátttakendur voru frá Íslandi, Guðni Þorvaldsson og Þóroddur Sveinsson, báðir starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands.

## Fræblöndur í tún

Svisslendingar eru þekktir fyrir að nota blöndu mismunandi tegunda í sinni grasrækt og jafnan eru bæði grastegundir og smáategundir í blöndunum. Það kom því ekki á óvart að töluvert væri fjallað um tegundablöndur á ráðstefnunni. Þeir leggja áherslu á að hafa í sömu blöndunni tegundir með ólíka vaxtarkúrfu og mismunandi rótardýpt. Sumar tegundir blöndunnar leggja þá meira að mörkum fyrri hluta sprettutímans og aðrar seinni hlutann. Mismunandi rótardýpt gerir túninu kleift að sækja næringarefni í breytilega dýpt. Þá eiga mismunandi tegundir að tryggja gott fóðurgildi og meira þol gegn illgresi, sjúkdómum og öðrum skaðvöldum. Smárinna á einnig að leggja til nitur í samstarfið. Tilraunir hafa einnig leitt í ljós að það getur verið ávinningur af því að hafa fleiri en eitt yrki af sömu tegund í blöndunum. Þá draga blöndur úr sveiflum í uppskeru. Einnig hafa menn verið að prófa tegundir sem ekki hafa verið notaðar í tún áður t.d. selgresi.

## Plöntukynbætur

Plöntukynbætur fengu einnig mikið rými á ráðstefnunni. Í plöntukynbótum fer mikill tími í að meta hina ýmsu eiginleika plantanna sem verið er að vinna með því oft er verið að bera saman mikinn fjölda einstaklinga. Á seinni árum hafa menn í auknum mæli reynt að nýta sér myndavélar, ljós af mismunandi bylgjulengd, hitamyndavélar, leysigeisla og fleira til að framkvæma þessar mælingar. Oft eru notaðir



Þátttakendurnir á ráðstefnunni í Zürich í sumar.



Grasræktarsamtök Evrópu (EGF) og Samband plöntukynbótamanna í Evrópu (Eucarpia) héldu í fyrsta skipti sameiginlega ráðstefnu í Sviss í sumar.



Tæki sem framkvæmir alls konar mælingar á gróðri, það er hengt á vírinn milli mastranna á myndinni fyrir ofan.

drónar til að bera þessi tæki og koma þeim í rétta hæð eða þá að tækin renna á sérstökum brautum eða vírum yfir gróðrinum. Þessu fylgir mikil tækni- og hugbúnaðarvinna. Þessi tækni nýtist einnig við mat og mælingar á tilraunareitum. Annað sem menn hugsa mikið um í plöntukynbótum er erfðamengjaúrval þar sem menn leita að lykílahrífavöldum í genamenginu og nýta sér þá þekkingu við úrvalið. Þetta er komið mun lengra



Úr fyrirlestrarsal á ráðstefnunni.

í kornkynbótum en kynbótum á grösom.

## Fjölpætt hlutverk graslendis

Nokkuð var rétt um fjölpætt hlutverk graslendis, að hlutverk þess sé ekki eingöngu að framleiða fóður heldur gegnir það einnig mikilvægu

umhverfishlutverki. Graslandi getur bundið mikið kolefni á meðan það er ekki rofið en þegar landið er plægt gengur á kolefnisforðann. Graslandi heldur vel í næringarefni jarðvegsins og lítið skolast niður í gegnum hann nema að notaðir séu mjög háir skammtar af áburði þannig að grösín ná ekki að taka hann allan

upp. Þá var rétt um vörn graslendis gegn vind- og vatnsrofi. Rétt var um mikilvægi þess að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda frá túnum, t.d. með réttri meðhöndlun og dreifingu búfjáráburðar og tilbúins áburðar. Í Danmörku hafa menn hannað búnað sem nemur hversu mikill smári er í túnunum og hafa tengt hann við áburðardreifara þannig að skammtar af nituráburði minnka eftir því sem smárinna í túnunum er meiri. Þeir telja hæfilegt að minnka niturskammtinn um 3 kg N/ha fyrir hverja prósentueiningu sem smárinna eykst.

## Þurrkar

Eftir erfitt þurrkasumar í Evrópu á síðasta ári eru menn uppteknir af þessu vandamáli. Menn velta fyrir sér hvort hægt sé að auka nýtingu vatnsforðans með t.d. tegundavali og einnig eru gerðar tilraunir með vökvun. Reynt er að kynbæta nytjajurtir með aukni þurrkþol í huga og rannsóknir á rótum og rótarvexti eru í gangi. Þá voru kynntar rannsóknir á samspili gróðurs, jarðvegs, áburðar og jarðvegslífvera.

## Varnir plantna í samkeppni

Návörn (allelopathy) var einnig til umræðu eins og stundum áður. Í þessu felst að plöntur geta gefið frá sér efni sem skaða aðrar plöntur, þetta er nokkurs konar vopn í samkeppni við aðrar tegundir. Þessi efni geta komið frá rótum, blöðum, stönglum og blómum. Menn hafa m.a. áhuga á að nýta þetta í baráttu við illgresi en það krefst mikillar þekkingar svo nytjaplönturnar hljóti ekki skaða af.

Guðni Þorvaldsson

## Hagkvæm dekk fyrir alvöru kröfur

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkinn eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur** — hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.



**KLETTUR**

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

## VÉLABÁSINN

# Nýr framhjóladrifinn Benz Sprinter

Hjörtur L. Jónsson  
liklegur@internet.is



Ég á 16 ára gamlan afturhjóla-drifinn Benz Sprinter sem ég nota sem húsbíl, sendibíl og dótakassa, hann er orðinn gamall og lúinn. Í vor sá ég að Askja var að kynna nýjan Benz Sprinter sem er framhjóladrifinn.

Allt frá því að ég sá þennan bíl fyrst hafði ég hugsað mér að prófa bílinn og bera hann að hluta saman við aðra Benz Sprinter bíla sem ég hef keyrt og nú gafst mér tími til þess.


## Hljóðlátur, vinnur vel þrátt fyrir lítinn mótór

Ég prófaði bílinn um síðustu helgi, fyrri daginn var rok og rigning, vægast sagt ekkert veður til að vera úti í bíltúr, en það kom mér á óvart hvað nýi bíllinn tekur mikið minna á sig vindhviður í samanburði við þann gamla. Bíllinn er lipur og þægilegur í innanbæjarakstri, gott útsýni úr öikumannssætinu og speglar góðir. Þegar maður þarf að bakka eru tveir möguleikar á bakkmyndavélinni, þröng og víð mynd er valið (mætti vera í fleiri bílum svona búnaður), en ég er allavega hrifinn af þessum valmöguleikum. Inni í bílnum heyrst nánast ekkert í mótornum þegar maður er í akstri nema þegar maður ekur á malarvegi, þá heyrst aðeins steinahljóð undir bílnum.

## Aldrei fundist öikumannssætið í Sprinter gott fyrr en nú

Ég keyrði bílinn næstum 300 km og á meðan ég keyrði fylgdist ég með eyðslunni, þessi 114 hestafla vél er í raun nóg fyrir þessa stærð af bíl. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 7,8–7,9 lítrar á hundraðið, en ég var í 8,9 í lok prufuakstursins með meðalhraða upp á 72 km. Fyrri daginn innanbæjar í roki og rigningu og seinni daginn í langkeyrslu upp að Sultartanga og til baka. Þökkalega sáttur miðað við mitt aksturslag.

Ég hef keyrt marga Benz Sprinter



Millilangur framhjóladrifinn Sprinter.

Myndir / HLJ

### Helstu mál og upplýsingar

Lengd	5.932 mm
Hæð	2.638 mm
Breidd	2.715 mm



Það sést vel í hliðarspegla.

bíla í gegnum árin og alltaf fundist öikumannssætin hafa verið frekar lýjandi og óþægileg til setu í lengri tíma (á meðan öðrum hefur fundist hið gagnstæða), en nú fannst mér gott að sitja í öikumannssætinu á þessum bíl.

## Burðargeta mikil

Bíllinn rétt losar tvö tonn og því má hlaða hann rúmum 1400 kg. Fannst eins og að ég væri með tóman bíl þó að mótörhjólín tvö sem í bílnum voru upp í Þjórsárdal vigtuðu nálægt 400 kg. Heildarlengd hleðslurýmis er 3.272 mm, breidd hleðslurýmis er 1.787 mm, og á milli hjólaskála 1.412 mm. Dráttargeta (með bremsubúnaði) er 2.000 kg. Á þak má hlaða 150 kg.

Hleðslurýmið er klætt með krossviði, krókum fyrir festingar í gólfi og í hliðum líka. Mikið er af smáum hólfum sem henta vel og til



Bíllinn er með vatnsheldri krossviðarplötu í gólfi og þunnum krossviði í hliðum.



Bakkmyndavélin býður upp á bæði víða og þrönga mynd.



Benz Sprinter lítur vel út í íslenski haustblíðu.



Nóg af hólfum fyrir pappír og kaffiglös.



Get ekki annað en verið sáttur við þessa eyðslu.

dæmis taldist mér að í bíl sem er fyrir þrjá þá voru sex geymsluvarar fyrir kaffibolla og gosflöskur. Ég sá ekkert varadekk, en í sölubæklingi er minnst á varadekk, en eini virkilegi mínusinn sem ég sá við bílinn er að bekkurinn sem ætlaður er fyrir tvo er ekki ásætlanlegur fyrir venjulega Íslendinga Hann er allt of mjór, hentar kannski fyrir tvo krakka undir 10 ára aldri.

## Vantar upplýsingar um verð á bílnum

Það er venja mín að gefa upp verð á bílum sem ég prófa, en í þessu tilfalli láðist mér að spyrja um verðið á bílnum (vona að mér verði fyrirgefið það). Almenn þegar einhver er að kaupa sendibíl þá fer verðið eftir hversu mikið af aukabúnaði er sett í bílinn og því er verð oftast í einhvers konar tilboðspakka sem hver og einn viðskiptavinur semur um. Allavega líkaði mér vel við bílinn, en það eina sem ég saknaði úr mínum gamla gula 2003 Sprinter var segulbandstækið.



## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

**Við tókum við bú af foreldrum Jórunnar árið 2000. Árið eftir var farið í að breyta básafjósinu í lausagöngufjós með mjaltabás í hlöðunni.**

Árið 2005 var byggt við og yfir gamla fjósið og útbúin lausaganga fyrir geldneyti og fóðuradstaða. Árið 2018 var settur mjaltapjónn.

**Býli:** Drumboddsstaðir 1 í Biskups-tungum.

**Staðsett í sveit:** Bláskógabyggð í Árnessýslu.

**Ábúendur:** Jón Gunnarsson og Jórunn Svavarsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):**

Gamla settið er heima en krakkarnir, Laufey Ósk, 19 ára, og Ólafur Magni, 16 ára, stunda vinnu og framhaldsskólanám í Reykjavík.

Hundurinn Kátur gætir bæjarins ásamt fjósakettinum.

**Stærð jarðar?** Um 400 ha og þar af ca 90 ha ræktaðir.

**Gerð bús?** Kúabú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Um 60 mjólkurkúr og annað eins af geldneytum.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Þó kominn sé mjaltapjónn er enn farið í fjós á „mjaltatímum“.



# Drumboddsstaðir 1



En á milli eru árstíðabundin störf og svo er endalaust hægt að laga og þrifa ef maður nennir.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er að horfa yfir heilbrigða hjörð. Leiðinlegast er að gera við eitthvað bilað og þá sérstaklega flórsköfur.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Vonandi blómlegan kúabúskap því að jörðin býður upp á það.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Þeir sem gefa sig í það eiga heiður skilinn en grasrótin þyrfti að vera öflugri.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Við höfum tækifæri í hreinleika en við þurfum að passa vel upp á hann. Fá ekki inn alls konar sjúkdóma og sýklalyfjaónæmar bakteríur.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?**

Alltaf er maður að vona að það tækist að flytja út skyr framleitt á Íslandi.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, ostur, egg og gerjað fljótandi brauð.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Grillað nautakjöt.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það var minnstætt þegar kýrnar komust út um miðja nótt í dymlivikunni og trömpuðu allt í kringum nýja íbúðarhúsið. Það vildi til happs að það var hvorki snjó né hálsa og fullt tungl svo allar kýrnar fundust og engri varð meint af.

## MATARKRÓKURINN

# Mexíkóskur og indverskur matur



**Bjarni Gunnar Kristinsson**  
matreiðslumeistari

**Í ferðalagi bragðlaukanna er best að nota íslenskt hráefni en framandi krydd og matarhefdir til að gera skemmtilega máltíð.**

Hér eru tvær hugmyndir að klassískum þjóðarréttum með grænmeti í aðahlutverki, sem er ferskt beint frá bönda þessa dagana.

Eitt það besta við að borða er að smakka rétti frá mismunandi löndum án þess að þurfa að taka upp vegabréfið. Kryddið og hráefnið sem notuð eru í hverri matarhefð gera matinn einstakan. Ævintýrið byrjar þegar þú reynir að endurskapa þessa rétti heima.

## MEXÍKÓSKUR MATUR

Tacos er einn vinsælasti mexíkóski rétturinn, en matur frá Mexíkó er mjög breytilegur milli svæða. Flestir þekkja mat í Norður-Mexíkó, þar sem grillað kjöt er borið fram með hrísgrjónum og baunum. Más tortíllas eru notað sem brauð og sterk salsa er notuð með sem krydd fyrir marga réttina. Í Suður-Mexíkó er að finna sjávarrétti með lime-sósum sem bornir eru fram með grilluðum grænmeti og svörtum baunum.

Loftslag í Mexíkó hentar mjög vel til ræktunar ávaxta og grænmetis – og ræktunartíminn er langur. Helstu krydd- og bragðtegundirnar í mexíkóskri matargerð eru meðal annars oregano, kúmen, chili, chiliduft og tómatur.

Ef þessu er öllu blandað saman geturðu búið til dýrindis salsasósú. Flestar salsasósú eru byggðar á tómötum.



Notkun á chilipipar er líka heillandi og mjög einkennandi fyrir mexíkóska matargerð. Chili-aldin eru oft soðin, reykt eða þurrkuð.

## INDVERSKUR MATUR

### Karri, samosas og naan brauð

Túrmerik virðist vera mikilvægasta indverska kryddið. Þegar því hefur verið bætt út í olíu losar það bragð og ilm sem er indverskt sérkenni. Það kemur líka með þennan gullna lit sem er í indverskum réttum. Það hefur einnig verið tengt við lækningaáhrif og bólgueyðandi eiginleika. Verið varkár þegar túrmerik er notað því það litar auðveldlega hendur og fót.

Að auki er indverskur matur oft með Garam Masala. Það er blanda af möluðum kanil og negul – eða kóríander og cummeni. Cummen er annað mjög indverskt krydd.

Ásamt kóríanderfræjum búa þessar kryddtegundir til hið lokkandi bragð af indverskri matargerð.

### Taco-salat í steiktum tortillaskálum

Þetta salat í steiktum tortillaskálum er auðvelt og ljúffengt. Heimabakaðar ætar skálar eru bakaðar í ofni í ofnfastri skál til að móta lagið og fá stökku gullnu áferðina, síðan fylltar með taco-kjöti og fersku salati að eigin vali ásamt salsa og sýrðum rjóma.

#### Fyrir skálarnar:

Olía til að pensla skálarnar og fá fallega skorpu.

2 stórar tortíllur

#### Fyrir salatið:

- 1 pakki nauta- eða lambahakk
- 1/2 lítill laukur skorinn í teninga
- 1 lítill dós af svörtum baunum (safa hellt af)
- 1 msk. taco-krydd
- Salat að eigin val
- 1 tómatur (teningur)

- 1 bolli ostur (rifinn)
- 2 msk. sýrður rjómi

#### Aðferð

Hitíð ofn í 190 gráður.

Setjið eina tortilla í bakfast form.

Þrýstu því mjög rólega niður.

Steikið tortilla þangað til það er brúnt og stökkt í um það bil 5 eða 10 mínútur (misjafnt eftir ofnum).

Endurtakið með seinni tortilluna.

Brúnið nautahakk og lauk á pönnu yfir miðlungs hita. Bætið síðan við taco-kryddi og eldið í gegn og kryddið eftir smekk.

Bætið svörtum baunum í taco-kjötið og eldið þar til þær eru hitaðar í gegn.

Framreiðið með meðlätinu, kjöt-blöndu, tómötum, osti, sýrðum rjóma.


### Blómkál pakora

Þessi blómkál pakora er auðvelt að búa til. Fullkomin indverska máltíð eða sem meðlæti.

- 1–2 stk. blómkál skoríð í 95 g bita
- 32 g kjúklíngabaunahveiti (einnig kallað gramm hveiti / garbanzo hveiti)
- 1/4 tsk. salt
- 1/4 tsk. túrmerik
- 1/4 tsk. hvítlaukur (rifinn/marinn)
- 1/4 tsk. engifer (ferskur, rifinn)
- 3 msk. vatn eða aðeins meira ef þörf krefur

#### Aðferð

Skerið blómkálið í bita.



Blandið saman kjúklingamjöli, salti, túrmerik, hvítlauk, engifer og vatni til að gera deigið. Það ætti að festast aftan á skeið. Setjið blómkálbita í deigið og blandið vel saman svo blómkálbitarnir séu vel húðaðir í deiginu.

Hitíð smá bragðlausa olíu á steikar-pönnu, svo er blómkálið steikt á miðlungs hita.

Þegar pakora er búin að eldast í um það bil 2–3 mínútur og er orðin gyllt á lit, snúðu við með skeið og eldaðu hinum megin. Snúðu öðrum hliðum sem ekki eru orðnar brúnar. Þegar það er búið takið þá blómkálið af pönnunni með gaffli til að umfram olía leki af og setjið síðan á pappír til að þerra.

Endurtakið með restinni af deiginu.

Berið fram annaðhvort raita (með kryddaðri jógúrtdeyfju). Eða sem snakk með papadums sem er fljótlegt kek.









# HITA KÚTAR

**Amerísk gæða  
framleiðsla**

30-450  
lítrar

**Umboðs-  
menn um  
land allt**

## RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

## STARFSMENN

til fjölbreyttra  
starfa um lengri  
eða skemmri tíma



**PROVENTUS**  
Starfsmannaþjónusta

### 551 5000

proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík  
www.proventus.is

## Rafhitarar

í skip, hús og sumarhús

### Ryðfrír neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar,  
hitastýringar og flest annað  
til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem  
viðkemur rafhitun.



## Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

## Smáauglýsinga- síminn er:

### 563 0300

Eldri blöð má  
finna hér á PDF:



**Bændablaðið**

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

**Verð:** Textauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.

**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Íslensk fjölskylda í Dölum Svíþjóðar óskar eftir duglegri og barngóðri Au-pair stúlku frá vetri/vori 2020. Upplýsingar: kristbjorg@yst.is



Nugent gjafabúnaður. Margar gerðir. Verð frá 71.990 kr. +vsk. Vallarbraut. is – s. 841-7300 og 841-1200.



Plasthús á flestar gerðir pallbíla. Allir standard litir í boði. Verðtilboð: 480.000 kr. með central/afturrúðuhitara/klætt að innan. Vallarbraut.is – s. 841-7300 og 841-1200.



Stórviðarsög á braut. Aflgjafar: Kohler bensinmótorar eða rafmótorar. Lengd á braut: 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjából: 66 cm. Framleiðandi, Timberly í Pólland. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögum. Hákonarson ehf. S: 892-4163, netfang: hak@hak.is



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Haughrætur galvanísiræðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Til sölu/tilboð á heilsárs vonduðu Vuokatti 170 mm bjálkahúsi frá Finnlandi, staðsett í Hafnarskógi við Borgarnes. Er á vissu byggingarstigi, kamína fylgir, lúxus rafmagnspottur ásamt 2 stk. 10 m<sup>2</sup> BOS gámar, 3ja fasa rafmagn og aukalóð við hliðina sem allar lagnir eru komnar í. Tilvalið fyrir fjölskyldur að hafa frístundsvæði saman, öflugt fugla- og mikið útivistar- og berjasvæði, með sjávarströnd og útsýni yfir Mýrarnar, Snæfellsjökul og oft sést til norðurljósa í allri sinn dýrð. Verð 25 millj. kr. Uppl. í s. 895-1818.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk. eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Til sölu Nissan Navara, árg. 2007, ekinn 153.000 km. Traustur bíll í sveitastörfum. Gott verð í boði og skipti möguleg. Uppl. í síma 897-6240 eða 669-9837.



DEK varaafsstöðvar, opnar og í hljóðeinangruðum kössum, mjög nákvæmar á spennu AVR og tölvustýrt mælaborð. Verð frá 990.000 kr. +vsk. Holt Vélverkstæði. S. 435-6662.



Kassar með góðri öndun undir kartöflur og grænmeti. Þeir eru niðurfellanlegir og taka þá 1/3 af plássu í hæð. Þeir eru úr PEHD plastefni, gæðavottuðu fyrir matvæli. Stærð: 1,0 m x 1,2 m (utanmál). Hæð innanmál: 0,6 m (fleiri hæðir í boði). Burðargeta 750 kg. Við erum að safna í pöntun sem verður gerð fljótlega. Erum líka að vinna í að finna góða kassa úr timbri. Áhugasamir hafi samband í s. 892-4163 eða hak@hak.is



Koala Hydro 1600 sláttuvagn fyrir liðlétting. Sláttubreidd 1,60 metrar. 50/60 lit./min. 200/250 bör. Þyngd 420 kg. Nýr, afkastamikill og sterkbyggður. Upplýsingar í s. 896-4494.



Bændur - Hestamenn. Til sölu skeifublóm - skúlpturn. Vonduð smíði. Uppl. í síma 893-7316.



Til sölu Rexton, árg. '16. Ekinn 53.000 km. Dráttarkrókur, sumar- og vetrardekk. Ásett 4,1 millj. kr. Tilboð 3,9 millj. kr. Er ekki bílaleigubíll. Uppl. í s. 893-2765.



Laserskurðarvél (Thunderlaser Mars 90) 80-100W. Fjögurra ára gömul og litið notuð. Staðsett í Reykjavík. Nánari upplýsingar gefur Gunnar, gunsig13@gmail.com



Morris Minor, árgerð 1964 til sölu. Í fínu standi. Tilboð óskast. Uppl. í s. 898-9219.



Til sölu góður 3ja öxla York flatvagn árg. 1996. 13,6 m langur og með 8 gámalásam, passar mjög vel aftan í háa bíla. Uppl. í s. 860-1700.

**KRAFTVÉLAR**

## Til sölu

**Abbey  
2750gal haugsuga**



- 12.350L
- 13.500L Vacuumdæla
- Dekk 800/65R32
- 8" sjálffyllibúnaður
- Trek og auka 6" barki
- 75mm sjónklas
- Gleidhorn drifskaft
- Dreifisþjald
- LED ljós
- Fjaðrandi beisli

**Verð:**  
**3.880.000.- kr. án vsk.**

**Abbey  
2090 taðdreifari**



- 6.9m<sup>3</sup>
- Vökvaopnun á loki
- Dekk 550/60R-22.5
- LED ljós
- Gleidhorn drifskaft

**Verð:**  
**1.290.000.- kr. án vsk.**

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur  
Furuvellir 15 / 600 Akureyri  
Sími 535 3500  
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is





**Terex HR 3.2**

7,5 tonn, 2006 árg. 7.900 vst.  
3 skóflur þar af ein tilt.  
Verð: 3.300.000 + vsk.

**Yanmar SV18 smágröfur**

1,95 tonn. Til á lager.

**Yanmar SV26 smágrafa**

2,7 tonn. Árg. 2017. 195 vst.  
Smurkerfi, rótortilt og 4 skóflur.  
Verð: 5.270.000 + vsk umboðs-  
sala.

**Yanmar V8**

4,3 tonn. Árg. 2016. 340 vst.  
Vökvahraðtengi, opnanleg  
skófla og gafflar.  
Verð: 5.000.000 + vsk.

**Komatsu PC130**

Árg. 2005. 12.000 vst. Rótortilt  
og tvær skóflur. Ný vökvadæla.  
Verð: 5.000.000 + vsk.

**Liebherr A918 Compact**

17,5 tonn. 2015 árg. 5.500 vst.  
Rótortilt með gripfingrum og  
þrjár skóflur. GPS kerfi getur  
fylgt. Vel útbúin vél.  
Verð: 16.500.000 + vsk.

**Liebherr L538**

Árg. 2007. Vökvahraðtengi,  
skófla og gafflar.  
Verð: 6.000.000 + vsk.



**Tsurumi** dælur í miklu úrvali.



**Weber** jarðveggspjöppur  
og hopparar til á lager.

Uppl. í síma 660-6051

**MERKÚR**  
www.merkur.is

**LÍF & STARF**

Skessa bjargaði sér frá slátruhúsinu með því að bera tveimur myndarlegum lömbum daginn áður en slátrubíllinn átti að sækja hana og fleira fé á Syðra-Velli.

Mynd / Margrét Jónsdóttir

## Sauðburður í október á Syðra-Velli

Margrét Jónsdóttir sauðfjár-  
bónda og fjölskyldu hennar á  
Syðra-Velli í Flóahreppi brá  
í brún þegar þau komu út að  
morgni 4. október og sáu þá að  
sauðburður var hafinn því ærin

Skessa hafði þá borið tveimur  
lömbum.

Um var að ræða dökkgráa  
gimbur og botnóttan hrút. Skessa  
átti að fara í slátruhúsið daginn  
eftir en bjargaði sér með því að

bera lömbunum. „Skessa er undan  
Guma frá Borgarfelli og er 6 vetra.  
Þetta er í sjötta sinn sem hún ber.  
Hún átti eitt lamb veturgömul,  
þetta er í þriðja sinn sem hún er  
tvílembd og tvisvar átti hún þrjú

lömb og mörg þeirra hafa verið  
mjög vel gerð. – Þannig að þetta  
er mjög góð ær og afurðasöm,“  
segir Margrét. Á Syðra-Velli eru  
um 100 fjár á vetrarfóðrum.

/MHH



Það höfðu margir gaman af því að láta taka myndir af sér með hænu frá  
Húsatóftum og skella á samfélagsmiðla.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Valgerður og Guðjón á Húsatóftum:

## Um 100 manns mættu til að skoða hæurnar

Eigenda- og ræktendafélag  
landnámsheimsna (ERL) stóð  
fyrir opnu húsi á Húsatóftum  
á Skeiðum laugardaginn 29.  
september hjá þeim Valgerði  
Guðjónsdóttur og Guðjóni  
Vigfússyni.

Um 100 manns mættu til að  
skoða hæurnar þeirra, ungana og  
flottu hanana, sem þau eru með.  
Valgerður og Guðjón hafa um  
árabil verið stærsta ræktunarbú  
landnámsheimsna á Íslandi. Þau  
segja starfið fyrst og fremst  
skemmtilegt hugsjónastarf. „Maður  
verður ekki ríkur af hæsnarækt en  
þetta er óskapleg skemmtilegt og  
gefur okkur mikið,“ segir Valgerður.

/MHH



Nýklaktir ungar voru til sýnis á opna  
húsinu og vöktu mikla athygli gesta,  
ekki síst hjá ungu kynslóðinni.



Magnús Ingimarsson, ritari ERL, var  
einn af þeim fjölmörgu sem mættu í  
opna húsið og hafði gaman af eins  
og aðrir gestir dagsins.



Skjóla með einangrarann í augnlokinu en augað slapp samt alveg.

## Hætturarnar leynast víða

Kýrin Skjóla á bænum Reykjum  
í Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
var heldur heppin nýlega að  
skemmma ekki í sér auga þegar  
hún var úti á túni.

„Hún hefur verið að klóra  
sér utan í staur þar sem þessi

einangrari var festur í og hann  
kræktist í augnlokið en augað  
virðist hafa sloppið alveg. Hún er  
komin á penesillín og bógueyðandi  
og hefur það bara gott í dag,“ segir  
Birna Þorsteinsdóttir, kúabóndi á  
Reykjum.

/MHH



**MENNING & LISTIR**

**Jósefinubók:  
Köttur ljóðar á bók**

Gulbröndóttla læðan Jósefína Meulengracht Dietrich er skáld og mannfræðingur. Fyrsta ljóðabók hennar, Jósefinubók, er nýkomin út hjá bókaforlaginu Sæmundi á Selfossi. Bókin inniheldur 100 skáldverk og einu betur. Sum eru stökur og lausavísur og sum eru nokkur erindi.

Þótt Jósefína sé búsett í iðnaðarbænum Akranesi er hún mikill áhugaköttur um landbúnað og landbúnaðarafurðir og birtist það



í mörgum verka hennar eins og til dæmis þessari stöku.

*Sauðfjárþændur mikils met og malandi þeim lofgjörð færi, enda þurfa kisu ket, kótelettur, hrygg og læri.*

Hún hefur ort töluvert um mjólk og osta.

*Ég er glöð á góðum degi því glóbjört strýkur hár á kinn sólin heit á sumarvegi og sett er mjólk á diskinn minn.*

*Lausn ég hef á lífsgátunni loksins fundið í rím og stuðla rétta bundið.*

*Kisur þurfa camembert og hvítan fiskinn, maribo og mjólk á diskinn.*

Önnur matvæli eru henni einnig hugleikin.



*Hafðu bæði haus og sporð, hugsa um ræðu mína, sjóddu fisk og settu á borð segir Jósefína.*

Við ljúkum umfjöllun um Jósefinubók með ljóði sem er um margt dæmigert fyrir kveðskap hennar og lífsviðhorf.

*Ef úti ríkir myrkra magt mestu varðar, eikin spanga, í góðu rúmi að geta lagt gula rófu undir vanga.*

Smáauglýsinga-síminn er:

**563 0300**

Eldri blöð má finna hér á PDF:



**Bændablaðið**

Þú gafst mér hjálp þína að skildi og hægri hönd þín studdi mig; þú beygðir þig og lyftir mér upp. Þú rýmdir til fyrir skrefum mínum.

Salm. 18:36-37

[biblian.is](http://biblian.is)

**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið [bjorgvin@eignatorg.is](mailto:bjorgvin@eignatorg.is)



Skipholt 50b, 105 Reykjavík

**Alternatorinn eða startarinn bilaður?**

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólástillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.



**PG Startþjónustan**  
Alternatarer & Startarar

[www.pgs.is](http://www.pgs.is)

[pgs@pgs.is](mailto:pgs@pgs.is)

s 586 1260

Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík



Sala - Þjónusta  
S: 5272600 - [www.velavit.is](http://www.velavit.is)

**Útvegum dekk undir vinnuvélar og landbúnaðarvélar**



**GÁMATILBOÐ**

- Saunatunnur - saunaófnar -  
- Viðarpottar - Viðarkynding -

Verð frá 99.000kr.

S: 416 - 2500

[info@heiturpottur.is](mailto:info@heiturpottur.is)

**Daggi ehf**

Renni og vélaverkstæði Hveragerði

Heddvíðgerðir

- Heddplömun
- Heddþrýstiprúfun
- Slípa ventla og ventlasæti
- Bora og hóna blokkir
- Vélasamsetningar



S. 646-5242 Austurmörk 14 810 Hveragerði  
[daggi@vortex.is](mailto:daggi@vortex.is) [facebook.com/daggi ehf](https://facebook.com/daggi ehf)

**AFREK OG UPPÁTÆKI íslenskra kinda**



Íslenska sauðkindin er harðger, úrræðagóð og ævintýragjörn. Hér eru sagðar sögur af íslenskum kindum, afrekum þeirra, uppátækjum og viðureignum við óblíða náttúru og kappsfulla smala.



Sæmundur

**ÁSCO**

BÍLARAFMAGN

**OKKAR ÆR OG KÝR**

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Háttalarar. Tengir fyrir togsþil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufellur 24V / 12V, trufanapéttar, loftnetsframlenging. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Stofnúljos fyrir Landrover. Smúsettt fyrir bassakætur. Bassakætur. Öxulvösur. Spennustíllar. Dúsur. Rafgeymstæki. Jarðsamband. Dióðubryr. Reimsakífur fyrir alternators. Kveðingstækur. Startarkvöl. Legur í alternators. Kól í alternators. Væðing. 0,250V. 0,250V. Ög. margt meira í þessum.



Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • [asco.is](http://asco.is)

BÍLARAFMAGN

# Jólahlaðborð HÓTEL SÖGU

15. nóv - 14. des



**HELGI  
BJÖRNSSON**

**ANNA  
SVAVA**

**SALKA  
SÓL**

**SIGGI  
HLÖ**

Jólahlaðborð Hótel Sögu verða haldin í hinum stórglæsilega Súlnasal. Jólahlaðborðin hefjast þann 15. nóvember og verða haldin föstudaga og laugardaga til og með 14. desember.

Helgi Björnsson, Anna Svava & Salka Sól ásamt þriggja manna hljómsveit sjá um skemmtidagskrána í ár og þá mun Siggi Hlö sjá um að halda uppi stemmingunni á dansgólfinu.

Húsið opnar kl. 19:00 & hlaðborðið byrjar kl. 20:00  
Skemmtidagskrá & dansleikur til kl. 01:00

**Radisson**   
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

hotelsaga@hotelsaga.is | +354 525-9930